# FRÉTTABLAÐIÐ

31. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. FEBRÚAR 2016




## Heltekin af skömm

**Þórunn Antonía Magnúsdóttir** glímdi við alvarlegt þunglyndi, einelti á vinnustað, erfiða meðgöngu og atvinnumissi. Allt á sama tíma. Hún er sterkari fyrir vikið og leggur sig fram við að fegra heiminn fyrir sextán mánaða dóttur sína. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



### Dansað á bolludag í Færeyjum →36



### Erfðabreytt börn →42



### Íslenskt sykuræði →30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015













Austan- og norðaustanátt á morgun, víða 5-13 m/s, en 10-18 norðvestan til. Éljagangur, en lengst af þurrt sunnan- og vestanlands og léttir til þar seinnipartinn. Frost 0 til 5 stig, en kaldara í innsveitum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 54



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Allt að helmings hækkun á gjaldi

**SAMGÖNGUR** Ný gjaldskrá Strætó mun taka gildi 1. mars. Mesta hækkunin verður á eins dags kortum sem hækka um 50 prósent en þriggja daga kortin hækka um 40 prósent.

Staðgreiðslugjald á almennum farmiðum hækkar um 5 prósent og verður þá 420 krónur. Farmiðaspjöld hækka um 2,9 prósent og verða farmiðarnir nú seldir 20 saman. Engin breyting verður á árskortum fyrir nemendur 18 ára og eldri eða árskortum fyrir börn og ungmenni. Verðhækkunin er sögð eiga að mæta almennum kostnaðarhækkunum. Þann 1. mars 2015 tók núgildandi gjaldskrá Strætó gildi, en þá hækkaði staðgreiðslugjald um 14 prósent. – þv

## Öfugur í lausu lofti



**Vetrarhátíð** Snjóbrettapartí á Arnarhóli í gær var mikið sjónarspil en þar sýndu færustu snjóbrettakappar landsins listir sínar. Viðburðurinn var hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík sem nú stendur yfir. Þessi fífldjarfi kappi sá heiminn frá öðru sjónarhorni er hann tók kollhnís í háloftunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Börn þurfa að fara úr bænum fyrir Fortitude

**KVIKMYNDAGERÐ** „Í þættinum á bærinn á að virðast mannlaus og getum við því ekki verið á ferðinni á skólalóðinni,“ segir í tilkynningu skólastjóra Seyðisfjarðarskóla.

Þar á að ferja öll börn á mánudagsmorgun í tveimur rútum yfir í Brúarásskóla á Héraði þar sem þau munu eyða deginum með jafnöldrum sínum. Þetta er gert til að lið frá sjónvarpsstöðinni BBC geti tekið upp atriði í sjónvarpsþættinum Fortitude.

Rúturnar eiga að snúa til baka með börnin klukkan þrjú. „Við munum setja krakkana úr rútunni á Kaupfélagsplaninu, þar sem tökur verða líklega enn í gangi þegar við komum klukkan þrjú. Því eru foreldrar beðnir að sækja yngstu börnin þangað. Við vonum að þið sýnið þessu skilning,“ segir skólastjórinn í tilkynningunni. – gar

## Skoða að kæra niðurfellingu

**LÖGREGLUMÁL** Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að kæra niðurfellingu Hlíðamálsins svokallaða til ríkissaksóknara. Þetta staðfestir réttargæslumaður brotaþola í málinu.

Í gær fékkst það staðfest að héraðssaksóknari hefði fellt niður kæru ungrar konu sem kærði tvo menn á fertugsaldri fyrir nauðgun í október á síðasta ári.

Málið vakti mikla reiði í samfélaginu en Fréttablaðið greindi frá því að í íbúð annars hinna grunuðu hefðu fundist svipur og keðjur. Mennirnir voru ekki úrskurðaðir í gæsluvarðhald þegar kæra var lögð fram sem varð til þess að þó nokkur fjöldi fólks mótmælti fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu.

Um áramót myndaðist ný kæruleið fyrir þolendur ofbeldis en nú má kæra niðurfellingu mála til ríkissaksóknara. Ákvörðun um kæru verður tekin á næstu dögum. – snæ

# Bílaumboðið Hekla vill fá lóð í Mjóddinni

**Hekla hefur sent Reykjavíkurborg erindi og vill flytja starfsemi sína í Mjódd. Þar yrði reist allt að 12 þúsund fermetra húsnæði. Hafa verið á Laugavegi frá árinu 1958. Leggja til að byggðar verði íbúðir og atvinnuhúsnæði á Laugaveginum.**

**VIÐSKIPTI** Forstjóri Heklu hefur óskað eftir lóð fyrir fyrirtækið í Mjódd. Erindi hans þessa efnis var lagt fram á fundi borgarráðs í gær. Þar var samþykkt að skrifstofa eigna- og atvinnuþróunarsviðs og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar yrði falið að hefja viðræður við Heklu um skipulagsmál og mögulega úthlutun lóðar til fyrirtækisins í Mjódd og þróun Heklureitsins við Laugaveg.

„Þetta er bara hugmynd af því að það er orðið þröngt um okkur á Laugavegi. Og þetta er svona ein pælingin, hvort þetta væri möguleg staðsetning. Þetta er meginæð og sýnilegt,“ segir Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, þegar Fréttablaðið náði tali af honum á leiðinni í flug í gær.

Í bréfi Friðberts til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra kemur fram að hugmynd Heklu geri ráð fyrir 7.900 fermetra byggingu í fyrsta áfanga, með stækkunarmöguleika upp í allt að 12 þúsund fermetra. Óskar fyrirtækið eftir viðræðum um kaup á byggingarrétti á lóðinni. Gert er ráð fyrir að unnt verði að koma fyrir um 450 bílastæðum á lóðinni. Óskar Hekla eftir því að deiliskipulag verði tilbúið og samþykkt innan næstu 12 mánaða.

„Samhliða viðræðum um kaup á lóðinni í Mjódd óskar fyrirtækið eftir því í samvinnu við Reykjavíkurborg að efnt verði til samkeppni um nýtt deiliskipulag svæðisins við Laugaveg. Tillaga okkar gengur út á að heildarbyggingarflötur verði um 40.000 m². Þar af íbúðir um 80 til 90% og atvinnuhúsnæði 10-20%.“



**Hekla vill reisa 7.900 fermetra byggingu við Álfabakka með möguleika á stækkun upp í 12 þúsund fermetra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þetta er bara hugmynd af því að það er orðið þröngt um okkur á Laugavegi. Og þetta er svona ein pælingin, hvort þetta væri möguleg staðsetning.**
>
> Friðbert Friðbertsson forstjóri Heklu



Í erindi Heklu kemur fram að fyrirtækið hafi frá stofnun árið 1933 haft starfsemi í Reykjavík. „Félagið hefur frá árinu 1958 haft meginstarfsemi sína við Laugaveg og þróun starfseminnar síðustu áratugi verið svarað með breytingum á húsnæðinu, sem hefur farið fram í áföngum,“ segir í erindinu. Athuganir á möguleikum til frekari þróunar sem gerðar hafi verið fyrir Heklu hafi leitt í ljós takmarkanir til að mæta kröfum erlendra samstarfsaðila og þörfum viðskiptavina félagsins svo best verði á kosið. „Meðal þessara þátta eru bílastæðamál, varahluta- og verkstæðaþjónusta.“

Hekla er ekki eina bílaumboðið sem er að færa út kvíarnar, því greint var frá því á miðvikudaginn í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, að bílaumboðið Brimborg hygðist flytja starfsemi Volvo atvinnubifreiða upp í Hádegismóa. Samþykkti borgarráð á fimmtudaginn í síðustu viku afhendingu lóðar og sölu byggingarréttar til Brimborgar. Söluverðið nemur 228 milljónum króna.
jonhakon@frettabladid.is



WWW.NISSAN.IS

NISSAN
Innovation
that excites

# NISSAN X-TRAIL

## RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
## FÁANLEGUR 7 SÆTA




### TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.


360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT


ÖRYGGISHJÚPUR

## NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot – viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

### NISSAN X-TRAIL
**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn

**Verð: 5.390.000 kr.**
Eyðsla 5,1 l /100 km*

### NISSAN X-TRAIL
**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn

**Verð: 5.790.000 kr.**
Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM73475

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

TÖLUR VIKUNNAR 31.02.2016 TIL 05.02.2016



1,6 milljónir króna greiddi borgin fyrir 51 heyrnartól starfsmanna sinna.



38% var hækkun eftirlauna dómara í fyrra, en meðalhækkun hjá ríkinu var 11,8%.



80 milljóna niðurskurður verður á stuðningi og sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur.



3,9 stig mældist jarðskjálfti með upptök við Kleifarvatn á Reykjanesi í vikunni.

62% aðspurðra vilja ekki að selt sé áfengi í matvöruverslunum, samkvæmt skoðanakönnun.



33% barna í mið- og vesturbæ Reykjavíkur eru keyrð í skólann.





70 milljónir plastpoka nota Íslendingar á ári hverju.

## Þrjú í fréttum

### Formannsstyr, mótmæli og kaldar tásur



**Árni Páll Árnason**
*formaður Samfylkingarinnar*
gefur kost á sér að nýju í embætti formanns flokksins þegar næsti landsfundur fer fram. Mikill styr er um formanninn meðal annars vegna þess að Samfylkingin hefur ekki mælst jafn illa í skoðanakönnunum frá stofnun. Árni segir að það sé ekki vegna persónu sinnar.



**Brynhildur Yrsa Guðmundsdóttir**
*baráttukona*
skipulagði mótmæli gegn skipulögðum fundi Roosh Vorek sem átti að eiga sér stað við Hallgrímskirkju í dag. Roosh hefur getið sér vont orð fyrir að vera fylgjandi nauðgunum. Í bók sinni Bang Iceland frá 2011 gortaði hann af því að hafa átt mök við íslenska konu sem samkvæmt bandarískum lögum hefði flokkast sem nauðgun vegna þess að hún var of drukkin til að veita mótspyrnu.



**Kristófer Kvaran**
*tónlistarmaður*
gengur um allt berfættur þrátt fyrir mikinn snjó úti. Hann segist bregða sér í þæfða ullarsokka ef markmiðið er afslöppuð ganga í rólegheitunum. Hann hefur gengið berfættur á Esjuna.

# Rjóð af reiði yfir framkomunni

**Eldri borgarar í Hafnarfirði hafa fengið mat sendan frá ISS frá áramótum. Þegar Erna Hannesdóttir heimsótti vinkonu sína og sá marglitt og uppþornað kjötstykki fékk hún nóg. „Ég gæti alveg grátið,“ segir hún.**



Í bakkanum var marglitt og þurrt kjöt sem Erna vissi ekki hvort væri af svíni eða kind. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VELFERÐARMÁL** Um áramótin tók ISS við matarþjónustu eldri borgara í Hafnarfirði. „Hún var ánægð með matinn fyrir áramót, fannst þetta ljómandi þjónusta,“ segir Erna Hannesdóttir og vísar þar til æskuvinkonu sinnar sem þarf vegna heilsubrests að fá sendan mat til sín daglega.

Erna hafði samband við Fréttablaðið því henni var nóg boðið þegar hún sá matarbakka dagsins frá ISS hjá vinkonu sinni. Vinkonan er aftur á móti hlédræg og vill alls ekki láta hafa fyrir sér.

„Hún er svo sáttfús og þakklát fyrir allt sem hún fær. Hún passar sig að verða ekki fyrir. En þegar ég kom í dag, sá ég bakkann á borðinu og að ekki var búið að snerta á matnum. Í bakkanum var marglitað og þurrt kjöt. Ef þetta væri í ísskápnum manns myndi maður henda því. Alveg ógeðslegt. Þá sagði hún mér að síðasta mánuðinn væri maturinn búinn að vera mjög ólystugur. Hún hefur í raun ekkert borðað af honum, bara nartað í brauðið,“ segir Erna.

Til að mynda fékk vinkonan sendan þorramat á dögunum þar sem súrsaðir hrútspungar voru settir ofan á hangikjötsbita, sem svo aftur var ofan á rófustöppu. Annan dag var soðinn fiskur allur blautur í polli af soði í bakkanum. Og öllum máltíðum fylgir stór skammtur af hvítu brauði. Erna segir að það sé greinilega hugsað meira um uppfyllingu en næringuna.

„Fólk má vera ansi hungrað til að borða þennan mat. Það vantar alla tilfinningu í matarbakkana, hvernig maturinn er framreiddur. Svo eru svo margir sem þurfa á þessari þjónustu að halda sem kvarta bara í sínu horni. Ég vil aftur á móti leggja allt mitt til að þessu verði breytt. Svona er ekki hægt að koma fram við fólk en mér finnst eins og það sé talað fyrir daufum eyrum nema það sé fjallað um málið í blöðunum. Ég hef aldrei gert slíkt áður en núna varð ég alveg kafrjóð af reiði yfir framkomunni.“

> **Fólk má vera ansi hungrað til að borða þennan mat. Það vantar alla tilfinningu í matarbakkana og svo eru svo margir sem þurfa á þessari þjónustu að halda sem kvarta bara í sínu horni.**
>
> Erna Hannesdóttir, eldri borgari í Hafnarfirði



Hafnarfjarðarbær bauð út matarþjónustu eldri borgara um áramót. Tvö tilboð bárust. Annars vegar frá þjónustuaðilanum sem hafði verið með matinn og hins vegar ISS. Var ISS með lægra tilboð.

„Það hafa borist einhverjar kvartanir, eins og vill verða þegar breytingar eru gerðar,“ segir Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. „Við komum öllum kvörtunum áfram til fyrirtækisins. Við viljum að þetta gangi upp og að fólk sé ánægt. Þannig að við bætum úr eins og við getum,“ segir Rannveig.

Í síðustu viku kom fram í könnun í Fréttablaðinu að Hafnarfjarðarbær var með lágt verð á mat fyrir eldri borgara og hæstu niðurgreiðsluna af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. „Við erum ánægð með það en við viljum líka hafa gæðin í lagi og komum til með að fylgja þessu eftir,“ segir Rannveig.erlabjorg@frettabladid.is






# Töpuðum vinnudögum fækkar milli ára

**ATVINNA** Töpuðum vinnudögum hjá starfsmönnum fyrirtækja landsins í janúar fækkaði milli ára. Tölur frá Heilsuvernd benda til þess að færri hafi verið heima vegna hins árlega inflúensufaralds í byrjun árs.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilsuvernd, sem ná til tæplega 11 þúsund starfsmanna hjá um sjötíu fyrirtækjum, voru tapaðir vinnudagar í janúar 2016 4,6 prósent, samanborið við 4,9 prósent árið 2015.

Meðalfjöldi fjarvista á starfsmann var 0,3 árið 2016, samanborið við 0,4 árið 2015. Meðalfjöldi fjarvistadaga á starfsmann var sá sami bæði árin, eða einn.

Þróunin er áhugaverð þar sem veikindafjarvistir eiga það til að hafa fylgni við efnahagssveifluna. Fólk leyfir sér frekar að vera veikt heima þegar það er ekki atvinnuleysi. Hins vegar var atvinnuleysi minna í desember 2015 en í desember 2014, eða 2,8 prósent samanborið við 3,4 prósent. – sg



Tapaðir vinnudagar í janúar 2016 voru 4,6 prósent, samanborið við 4,9 prósent í janúar 2016. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Tapaðir vinnudagar í janúar 2016 voru 4,6 prósent en 4,9 prósent í fyrra.**


Audi
Vorsprung durch Technik
Snjór. Frost. Ís.
Skiptir engu!
Audi Q5. Fullkominn
fyrir íslenskar
aðstæður.
IS HA P20
Verð frá kr. 7.590.000,-
2.0 TDI quattro, sjálfskiptur, 190 hö
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is










## Kramdir undir krana



Einn lést og þrír slösuðust í New York þegar 170 metra hár byggingarkrani féll um koll í gærmorgun. Maðurinn sem lést sat í nærliggjandi bíl og varð undir krananum. Stórtjón varð á ökutækjum og byggingum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vilja heilsuþjónustu á Sankti Jósefsspítala

**Þreifingar hafa átt sér stað milli eiganda Heilsuverndarmiðstöðvarinnar og Hafnarfjarðarbæjar um St. Jósefsspítala. Vilja starfsemi í húsið fyrir 90 ára afmæli þess. Bærinn vill kaupa húsið af ríkinu. Engar formlegar viðræður hafnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Teitur Guðmundsson, eigandi Heilsuverndarmiðstöðvarinnar, skoðar nú þann möguleika að koma á heilsutengdri þjónustu á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði en húsnæðið hefur staðið autt í fjölda ára. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir engar formlegar viðræður hafa átt sér stað.

„Við höfum verið með þreifingar og að skoða það að hefja starfsemi í húsnæðinu og meðal annars verið í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ með það að markmiði að í því verði starfrækt heilbrigðisþjónusta. Það hefur verið stefnan að koma starfsemi í gang fyrir árslok á þessu merka níutíu ára afmæli húsnæðisins,“ segir Teitur. „Málin eru á viðkvæmu stigi og góðir hlutir gerast hægt. Hlutirnir hafa verið í ákveðinni bið undanfarið þar sem eignarhald á húsinu hefur verið til umræðu og ýmislegt fleira en við vonum að formlegar viðræður geti hafist fljótlega.“

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvers konar heilbrigðistengd þjónusta verður starfrækt í húsnæðinu en ýmsir möguleikar hafa skotið upp kollinum. Eftir að Heilsumiðstöðin ehf. ákvað að rifta samningi sínum við Sjúkratryggingar um sjúkrahótel leitar nú Landspítalinn að lausn á vanda spítalans.

St. Jósefsspítala við Suðurgötu í Hafnarfirði var lokað í lok árs 2011 og hefur húsnæðið síðan staðið autt. Húsnæðið er í eigu ríkis og Hafnarfjarðarkaupstaðar og hefur söluferli ekki borið árangur. Nú hefur Hafnarfjarðarkaupstaður lýst sig reiðubúinn að kaupa húsnæðið og standa viðræður nú yfir um þann hlut málsins.

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir engar formlegar viðræður hafa farið fram milli bæjaryfirvalda og Teits Guðmundssonar. „Ég hef fengið frá honum tölvupóst um málið en engar ákvarðanir hafa verið teknar hjá stjórn bæjarins um að hefja formlegar viðræður. Þessi mál eru í stöðugri skoðun.“

Samþykkt liggur fyrir í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar um að skipa starfshóp sem á að fara með málefni St. Jósefsspítala og móta tillögur um nýtingu á húsnæðinu. Sá starfshópur hefur ekki enn verið settur saman.

sveinn@frettabladid.is

> Engar ákvarðanir hafa verið teknar hjá stjórn bæjarins um að hefja formlegar viðræður.



Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar

> Við höfum verið með þreifingar og að skoða það að hefja starfsemi í húsnæðinu og meðal annars verið í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ með það að markmiði að í því verði starfrækt heilbrigðisþjónusta.



Teitur Guðmundsson læknir

# BOLLUSPRENGJA





**50%** AFSLÁTTUR

Rjómabollur og barnabollur
**224** kr/stk
fullt verð 449

Gerbollur:
- Rjómabollur með súkkulaði
- Rjómabollur með púnsi

Vatnsdeigsbollur:
- Rjómabollur með súkkulaði
- Bananafylling og karamella

Barnabollur:
- Súkkulaði
- Karamellu

*Bolla bolla...*



**35%** AFSLÁTTUR

Lúxusbollur
**324** kr/stk
fullt verð 499

Lúxusbollur:
- Daim með kaffi og karamellu
- Kókosbolla
- Irish coffie og karamella



**699** kr/stk
**Bolluvendir**
Handgerðir. Margir litir.

**SALA Á RJÓMABOLLUM HEFST:**
**Laugardag** kl. 9 í Skeifunni, Spöng, Garðabæ og á Eiðistorgi en kl. 10 í öðrum verslunum.
**Sunnudag** kl. 9 í Skeifunni, Spöng, Garðabæ og á Eiðistorgi en kl. 12 í öðrum verslunum.

Gildir til 8. febrúar á meðan birgðir endast.




**Royal búðingur**
Góður á milli.




**Nizza súkkulaðismjör og Konsum**
Gott á bollurnar.




**Bolluglassúr**



**489** kr/pk
**Myllu bollur með súkkulaði**
6 stykki í pakka.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Embassy – Housing

The American Embassy, is seeking to lease a house and/or apartment in the Reykjavik area as Summer of 2016. Required size is 120 – 240 square meters, 2 bathrooms and permission to keep pets.

Lease period is for 3 years. **Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before Februar 29th.** with information about the location (street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

## Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús og/eða íbúð miðsvæðis á Reykjavíkursvæðinu frá Sumar 2016. Æskileg stærð 120 – 240 fermetrar, 2 baðherbergi og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími 3 ár. **Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir 29. Febrúar** með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.



# Félags-fundir FIT

**Kynning á nýgerðum kjarasamningum. Félagsmenn eru hvattir til að mæta**

**Reykjanesbær:**
Mánudagur 8. febrúar **kl. 18.00**
Krossmói 4

**Reykjavík:**
Þriðjudagur 9. febrúar **kl. 20.00**
Borgartún 30, 6. hæð

**Akranes:**
Miðvikudagur 10. febrúar **kl. 20.00**
Kirkjubraut 40, salur eldri borgara

**Selfoss:**
Fimmtudagur 11. febrúar **kl. 19.00**
Austurvegur 56, 3. hæð

**Vestmannaeyjar:**
Nánar auglýst síðar

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT





Bernie Sanders og Hillary Clinton mættust í kappræðum, þeim fyrstu eftir að þriðji frambjóðandinn, Martin O'Malley, heltist úr lestinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vilja bæði draga úr áhrifum auðkýfinga

**Frambjóðendurnir Bernie Sanders og Hillary Clinton vilja bæði losna við pólitísk fjármögnunarfélög, sem beita auðæfum sínum til að hafa áhrif á kosningabaráttuna í Bandaríkjunum. Úrskurður Hæstaréttar frá 2010 stendur í veginum.**

**BANDARÍKIN** Demókratarnir Bernie Sanders og Hillary Clinton mættust í sjónvarpskappræðum á fimmtudagskvöld, í fyrsta sinn eftir að þriðji frambjóðandinn, Martin O'Malley, heltist úr lestinni.

Meðal þeirra mála sem bar á góma voru heljartök auðkýfinga á stjórnmálum í Bandaríkjunum. Þar nefndi Sanders meðal annars kröfu sína um að breyta þyrfti umdeildu fyrirkomulagi sem kennt er við mál Citizens United gegn bandarísku kjörstjórninni frá árinu 2010.

Það ár kvað Hæstiréttur Bandaríkjanna nefnilega upp þann úrskurð að einstaklingar, fyrirtæki og félög mættu óhindrað birta auglýsingar þar sem tekin er afstaða í kosningabaráttu. Reyni ríkisvaldið að hindra slíkt sé verið að skerða tjáningarfrelsi þeirra.

Að vísu megi setja reglur um beina fjármögnun kosningabaráttu einstaklinga eða flokka, en fjársterkir aðilar megi verja eins miklu fé og þeir kjósa í eigin auglýsingar, þar sem lýst sé yfir stuðningi eða andstöðu við tiltekin framboð.

**» Mest hefur Jeb Bush fengið frá pólitískum fjármögnunarfélögum eða 123 milljónir dala. Næst honum kemur Hillary Clinton með 48 milljónir dala.**

Sanders og stuðningsmenn hans hafa ítrekað gefið í skyn að Clinton þiggi stórfé af auðkýfingum og gangi þar með erinda þeirra. Hún sagði þær ásakanir fráleitar, en tók undir kröfu Sanders um að breyta þyrfti þessu fyrirkomulagi enda hefur það lengi verið þyrnir í augum demókrata.

Það sem stendur í veginum er hins vegar úrskurður Hæstaréttar, sem ekki er einfalt að breyta.

Með því að gefa auðkýfingum og stórfyrirtækjum frjálsar hendur í kosningabaráttunni sé í raun verið að lögleiða mútur, segja gagnrýnendur fyrirkomulagsins. Hinir fjársterku ráði í reynd ferðinni í kosningabaráttunni og eigi svo hönk upp í bakið á þeim sem fengu stuðning þeirra.

Í kjölfar hæstaréttardómsins spruttu upp stórtæk fjármögnunarfélög, nefnd „super PACs“, sem hafa safnað fé til að lýsa yfir pólitískum stuðningi eða andstöðu við einstaka frambjóðendur. Frambjóðendur beggja flokka hafa óspart nýtt sér þennan möguleika til að styrkja stöðu sína í kosningabaráttunni.

Repúblikaninn Jeb Bush hefur verið stórtækastur og náð sér í meira en 123 milljónir dala frá pólitískum fjármögnunarfélögum, en næst honum koma þau Hillary Clinton, sem hefur fengið nærri 48 milljónir dala, Ted Cruz með 43 milljónir og Marco Rubio með 32 milljónir.

Bernie Sanders hefur stært sig af því að vera eini frambjóðandinn sem ekki hafi haft nein pólitísk fjármögnunarfélög á sínum snærum í kosningabaráttunni. Reyndar hafa pólitísk fjármögnunarfélög notað 3,5 milljónir dala til stuðnings honum, en hann segist ekki hafa óskað eftir því. Fjárhæðin er auk þess í minna lagi miðað við aðra frambjóðendur.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Segja VLFA hafa undirgengist SALEK

**KJARAMÁL** Aukaatriði er hvort SALEK rammasamkomulagið fylgdi nýgerðum kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) sem fylgiskjal.

Þetta segir í yfirlýsingu sem sambandið sendi frá sér í gær sem viðbrögð við yfirlýsingum Vilhjálms Birgissonar, formanns VLFA, um samninginn, sem skrifað var undir í vikunni.




Eina kennarastéttin sem sveitarfélögin eiga eftir að semja við eru tónlistarkennarar. Myndin er frá mótmælum þeirra fyrir tæpum tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Með undirritun SALEK rammasamkomulagins þann 27. október 2015 samþykkti Samband íslenskra sveitarfélaga þá launastefnu og þau markmið sem rammasamkomulagið felur í sér og hefur á síðustu mánuðum lokið gerð kjarasamninga við 43 stéttarfélög á grundvelli þeirrar launastefnu,“ segir í yfirlýsingunni. Nýgerður kjarasamningur við Verkalýðsfélag Akraness sé þar engin undantekning. „Með undirskrift kjarasamningsins hefur Vilhjálmur Birgisson því undirgengist launastefnu SALEK rammasamkomulagsins og þegið þær launahækkanir sem stefnunni fylgja.“

Á vef VLFA gagnrýnir Vilhjálmur yfirlýsingu Sambands sveitarfélaga harðlega og bendir á að orðalag sé annað í inngangi að nýgerðum samningi við sveitarfélögin en viðhaft sé á öðrum samningum. Í samningnum sé vísað til þessa einstaka samnings, meðan í öðrum samningum sé ákvæði um að aðilar séu „sammála um að vinna samkvæmt“ launastefnunni frá 27. október. Þá hafi ekki steytt á öðru í viðræðunum en umræddu orðalagi og fylgiskjali um SALEK. **– óká**

# FERMINGAR-VEISLUSÝNINGIN ER UM HELGINA




## FERMINGARVEISLUSÝNING – DAGSKRÁ

FRÁ KL. 13:00 TIL 17:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

14:00 » TÍSKUSÝNING Á FERMINGARFATNAÐI FRÁ COSMO OG DRESSMAN
15:00 » DANSSÝNING FRÁ DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS, SPORTHÚSINU
» KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA GEFA SMAKK AF VEISLUMAT
» HÁRRÉTT SÝNIR ÞAÐ NÝJASTA Í FERMINGARGREIÐSLUM
» LJÓSMYNDASTUDIO KRISSÝ KYNNIR FERMINGARMYNDATÖKUR
» NITRO SÝNIR FLOTTAR VESPUR OG MOTORCROSS HJÓL
» REIÐHJÓLAVERSLUNIN BERLÍN SÝNIR GLÆSILEG REIÐHJÓL
» FOSSHÓTEL KYNNA SALI OG VEITINGAÞJÓNUSTU
» OKKAR BAKARÍ GEFUR SMAKK AF FERMINGARTERTUM
» BLÓMASKREYTAR OG STÍLISTAR GARÐHEIMA SÝNA GLÆSILEGAR VEISLUSKREYTINGAR OG GEFA GÓÐ RÁÐ
» ÁLETRANIR Á KERTI, SÁLMABÆKUR OG SERVÍETTUR
» HANS PETERSEN SÝNIR SKEMMTILEG FERMINGARBOÐSKORT
» LUKKUPOTTUR Á STAÐNUM FYRIR FERMINGARBÖRNIN
» LUKKULEIKUR FORELDRA
SKILIÐ INN AFRIFU AF FERMINGARBRÉFINU TIL AÐ TAKA ÞÁTT

## FORELDRAR MUNIÐ

**20% AFSLÁTTUR**
GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS

**+ 10% AUKAAFSLÁTTUR**
NÚ UM HELGINA

EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI ERU MEÐ KYNNINGAR Í GARÐHEIMUM UM HELGINA

Berlín · FOSSHOTEL REYKJAVÍK · Kokkarnir veisluþjónusta · HANS PETERSEN · NITRO · OKKAR BAKARÍ · COSMO · Dressmann · Krissy Ljósmyndastudio · HÁRRÉTT



## SALUR FYRIR FERMINGAVEISLUNA

BJARTUR OG FALLEGUR SALUR Á 2 HÆÐ GARÐHEIMA TIL LEIGU
TEKUR ALLT AÐ 100 MANNS Í SÆTI
FYRIRSPURNIR OG PANTANIR SENDIST Á NETFANGIÐ: NAMSKEID@GARDHEIMAR.IS

OPIÐ FRÁ
11 TIL 21
UM HELGAR

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Þingmenn frá öllum flokkum vilja rannsókn á súrnun sjávar

**UMHVERFISMÁL** Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði í vikunni fram þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum. Að baki tillögunni eru 23 þingmenn allra flokka á þingi. Fela skuli ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem rannsaki hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á lífríki hafsins í kringum Ísland og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að sporna við þeim.

Í flutningsræðu sinni gerði Elín að umtalsefni hversu mjög



Vísindamenn segja að Ísland geti vænst þungra högga vegna súrnunar sjávar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

málið er aðkallandi fyrir Ísland, en að mati margra vísindamanna er Ísland á versta mögulega stað þegar súrnun sjávar er annars vegar og mjög litlar rannsóknir fara fram hérlendis á afleiðingum hennar.

En Elín hóf ræðu sína á því að furða sig á vinnubrögðum þingsins í ljósi þess hversu mikið þjóðin á undir í þessu máli og þess víðtæka stuðnings sem þingsályktunartillagan nýtur. Tillagan hafi verið lögð fram á fyrstu dögum þingsins í haust en komist fyrst á dagskrá þegar nokkrir dagar eru liðnir af febrúar.

Elín sagði að það væri ekki „Alþingi til framdráttar að mál sem þingmenn flytja fái svo lítið svigrúm í dagskrá þingsins, því ég tel að þessi mál séu oft og tíðum mjög mikilvæg. Þetta tiltekna mál er mál sem ég hefði talið að þyldi ekki mikla bið, en engu að síður líður svona langur tími frá því við leggjum málið fram [...] og þar til málið kemst á dagskrá.“

Málið var afgreitt til umhverfis- og samgöngunefndar. **– shá**






Julian Assange flutti ávarp frá sendiráði Ekvadors í London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Segir úrskurðinn ótvíræðan

**BRETLAND** Julian Assange segir úrskurð vinnuhóps Sameinuðu þjóðanna um óréttmætar fangelsanir ótvíræðan.

Orð breskra og sænskra stjórnvalda um að úrskurðurinn sé ekki marktækur sé þeim til minnkunar.

Bretar og Svíar hafa gagnrýnt úrskurðinn á þeim forsendum að dvöl Assange í sendiráði Ekvadors í London sé ekki varðhald, þar sem hann hafi sjálfur kosið að halda þar til í þeim tilgangi að forðast handtöku og framsal.

„Þetta breytir engu,“ sagði talsmaður breska utanríkisráðuneytisins. „Við vísum alfarið á bug öllum fullyrðingum um að Julian Assange sé fórnarlamb óréttmætrar fangelsunar.“ **– gb**



Þrátt fyrir færri ný störf en búist var við mælist atvinnuleysi í fyrsta sinn undir fimm prósentum í Bandaríkjunum í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Atvinnuleysi ekki minna í Bandaríkjunum í átta ár

**BANDARÍKIN** Atvinnuleysi í Bandaríkjunum mælist nú 4,9 prósent og hefur ekki verið minna síðan í febrúar 2008.

Í janúar bætti bandaríska hagkerfið við sig 151 þúsund störfum. Þetta var mun minna en í desember þegar 262 þúsund störf bættust við, og mun minna en spáð hafði verið. Þrátt fyrir það er atvinnuleysi nú komið undir fimm prósent í fyrsta sinn í átta ár og laun fara loksins hækkandi á ný.

Enn eru þó neikvæð merki í hagkerfinu. Hagvöxtur mældist 0,7 prósent á fjórða ársfjórðungi. Framleiðsluiðnaðurinn er í samdrætti og S&P 500 vísitalan á Wall Street hefur lækkað um 6,2 prósent það sem af er ári. **– sg**

# Matvæli hrein af hættulegri bakteríu

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkdómsvaldandi listería (Listeria monocytogenes) greindist ekki í einu einasta sýni sem starfsmenn Matvælastofnunar greindu í desembermánuði árin 2014 og 2015. Tekin voru sýni af reyktum og gröfnum fiski og ýmsum áleggstegundum.

Þetta kemur fram í frétt frá Matvælastofnun. Þar segir að listeriosis sé heiti sjúkdómsins sem bakterían veldur og eru matvæli tilbúin til neyslu algengasta smitleiðin. Hópsýkingar af völdum þessarar bakteríu eru þó ekki algengar en sýkingin er alvarleg og dánartíðni er há meðal þeirra sem veikjast. Það eru einkum ónæmisbældir einstaklingar og fólk sem náð hefur háum aldri sem getur sýkst. Einnig geta fóstur orðið fyrir skaða ef barnshafandi konur sýkjast af bakteríunni.

Tekin voru sýni úr 63 framleiðslulotum af reyktum og gröfnum fiski og ýmsum áleggstegundum svo sem skinku. Listeria monocytogenes greindist ekki í neinu sýnanna, en það er sú listeríutegund sem helst sýkir menn og dýr og sett hafa verið viðmið fyrir í reglugerð. **– shá**



**Reyktur og grafinn fiskur og unnin matvara voru skoðuð.** NORDICPHOTOS/AFP



**Fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra Danmerkur, Manu Sareen.**

## Ráðherra þarf að fara fyrir rétt

**DANMÖRK** Manu Sareen, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og jafnréttisráðherra Danmerkur, þarf að bera vitni fyrir Eystra Landsrétti í Danmörku vegna lagasetningar frá 2012 um að samkynhneigðir fái að láta gefa sig saman í kirkju.

Hópur borgara er þeirrar skoðunar að inngrip ríkisins í málefni kirkjunnar stríði gegn stjórnarskránni. Þar með hafi það verið ólöglegt að veita samkynhneigðum rétt til að láta gefa sig saman í kirkju. Hópurinn hefur þess vegna höfðað mál.

Sareen á að gera grein fyrir ákvarðanatökunni fyrir rétti. **– ibs**

## Eyða fjórðungi fjár í flóttamenn

**JÓRDANÍA** Abdúlla, konungur Jórdaníu, segir mikið álag á velferðarkerfi, efnahag og innviðum ríkis síns vegna mikils fjölda flóttamanna. „Fyrr eða seinna mun stíflan bresta,“ sagði Abdúlla í viðtali við BBC í vikunni. Abdúlla sagði enn fremur að alþjóðasamfélagið þyrfti að bjóða fram aðstoð sína ef Jórdanía ætti að geta tekið á móti fleiri flóttamönnum. Hann segir ríkið nú eyða fjórðungi fjármagns síns í að hjálpa flóttamönnum.

Áratugum saman hafa Jórdanar tekið á móti flóttamönnum sem flýja stríð í nærliggjandi löndum. Flestir þeirra koma frá Palestínu, Írak og Sýrlandi. Nú er svo komið að fimmti hver íbúi ríkisins er Sýrlendingur.

Alls hýsa Jórdanar 635.000 af þeim 4,6 milljónum Sýrlendinga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skráð sem flóttamenn. **– þea**

## Viðgerð hafin í Öræfum

**VEÐUR** Töluverðar skemmdir urðu á byggðalínunni við Hof í Öræfum á aðfaranótt föstudags. Í tilkynningu Landsnets í gær var ekki gert ráð fyrir að viðgerð lyki fyrr en í fyrsta lagi í dag.

Fram kemur að þverslár í nokkrum möstrum hafi brotnað, auk þess sem kanna hafi þurft ástand línunnar frekar þar sem mikil ísing sé á henni. Viðgerðarhópar frá Landsneti eru sagðir hafa farið á vettvang eldsnemma í gærmorgun, strax og veður hafi verið gengið niður.

Þá olli óveðrið sem gekk yfir landið truflunum víðar í flutningskerfi Landsnets. Bolungarvíkurlína 1 sló út rétt upp úr klukkan fimm á fimmtudag, en unnið var að bilanagreiningu þar í gær. Þá leysti Vatnshamralína 1, milli Hvalfjarðar og Borgarfjarðar, út á sjöunda tímanum á fimmtudagskvöld, en sú bilun fannst fljótt og var lagfærð. „Á meðan Vatnshamralína var út var byggðalínuhringurinn rofinn úti og takmarkaður flutningur á rafmagni á milli landshluta.“ **– óká**




Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 21. mars.

Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2016-2017.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

» Framhaldsskólanám
Þrír styrkir 200.000 kr. hver.

» Iðn- og verknám
Þrír styrkir 400.000 kr. hver.

» Háskólanám (BA/BS/BEd)
Þrír styrkir 400.000 kr. hver.

» Listnám
Þrír styrkir 500.000 kr. hver.

» Framhaldsnám á háskólastigi
Þrír styrkir 500.000 kr. hver.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Á að vera þakklát fyrir að lenda á séns

**Inga Björk Bjarnadóttir segir umræðuna um ofbeldi gegn fötluðum konum á villigötum. Alltaf sé gert ráð fyrir að þær séu grey. Menn sem beiti þær ofbeldi álitnir viðrini en ekki ofbeldismenn. Menn sem séu í sambandi með þeim séu pervertar eða dýrlingar.**



Inga Björk er ein af fáum sem fær NPA-aðstoð. Þannig hefur hún kost á að stunda háskólanám og fulla vinnu. Hún segir að hún væri ekki á þeim stað ef hún væri „geymd“ í búsetukjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**VELFERÐARMÁL** „Ég er kölluð tussa fyrir að vilja ekki fara heim með strákum af djamminu því ég á að vera þakklát fyrir að einhver vilji mig. Þeir verða mjög reiðir, eins og ég sé að hafna góðverki. Ég hef fengið þvílíkan fúkyrðaflaum yfir mig,“ segir Inga Björk Bjarnadóttir um reynslu sína sem fötluð kona í hjólastól þegar hún fer í bæinn að skemmta sér. Hún segir þetta viðhorf endurspeglast í umræðunni um ofbeldi gegn fötluðum konum.

„Umræðan er á þann veg að menn sem beita fatlaðar konur ofbeldi eru kallaðir öfuguggar og með afbrigðilegar kenndir fyrir að ráðast á „minnimáttar“. Í stað þess að vera einfaldlega ofbeldismenn. Það viðhorf að fatlað fólk sé grey veldur þessari skekkju. Það er eins og það sé verið að tala um misnotkun á barni, en ekki ofbeldi gegn konum.“

Inga Björk segir vitundarvakninguna undanfarna mánuði um ofbeldi gegn fötluðum konum vissulega vera fagnaðarefni. Umræðan ætti þó að vera eins og þegar um ofbeldi gegn ófötluðum konum er að ræða. Hún segir þetta þó flókið enda verði fatlaðar konur frekar fyrir ofbeldi.

„Og það er af því að fólki finnst það hafa rétt til að ráðskast með líkama okkar. Að mínu mati verða fatlaðar konur frekar fyrir ofbeldi því við höfum ekki sjálfsákvörðunarrétt yfir líkama okkar. Svona er kerfið sett upp. Fatlað fólk ræður ekki hvar það býr, ræður ekki hver hjálpar því og ræður ekki hvað það gerir eða hvenær.“

Vegna þessa upplifir Inga Björk ætíð að hún eigi að láta fara lítið fyrir sér og vera þakklát fyrir það sem hún fær. „Fötluðu fólki er sagt að það geti ekki ætlast til að fá allt sem það vill en það er ekki að því. Það biður um að fá að lifa eðlilegu lífi. Umræðan er að þessu leyti kúgandi.“

Inga Björk segir þetta hafa áhrif á sjálfsmyndina og fatlaðar konur eigi þar af leiðandi erfiðara með að setja skýr mörk. „Þegar allir koma fram við þig eins og þú sért einskis virði, þú sért vesen og dýrt að hafa þig í samfélaginu, þá endarðu á að trúa því sjálfur. Mín dagleg barátta er að skilgreina mig öðruvísi en samfélagið vill að ég skilgreini mig. Þessi hjólastóll er ekkert mál – heldur slagsmál við staðalímyndir.“

Staðalímyndir hafa áhrif á meira en umræðuna um ofbeldi. Karlmenn sem eru í sambandi með fötluðum konum eru einnig stimplaðir.

„Það er eins og menn geti ekki orðið ástfangnir af konu óháð hjólastólnum, því hún er gáfuð eða falleg. Það er gert ráð fyrir að þeir hljóti að vera með einhvers konar hjólastólablæti eða að þeir séu svona afskaplega góðir og fórni lífi sínu með þessu sambandi. Einnig er gert ráð fyrir að fötluð kona eigi að vera í sambandi með fötluðum manni.“

Inga Björk segir grundvallaratriði að fatlað fólk fái að lifa eðlilegu og sjálfstæðu lífi. „Það myndi allavega koma okkur ansi langt. Mörk fatlaðs fólks myndu eflast og umræðan kæmist inn í réttan stað: Að það sé ekkert öðruvísi að nauðga konu í hjólastól en konu sem getur gengið. Það að samfélaginu finnist það opinberar fordómana.“

erlabjorg@frettabladid.is

> **Þegar allir koma fram við þig eins og þú sért einskis virði, sért vesen og dýrt að hafa þig í samfélaginu, þá endarðu á að trúa því sjálfur.**

> **Að mínu mati verða fatlaðar konur frekar fyrir ofbeldi því við höfum ekki sjálfsákvörðunarrétt yfir líkama okkar.**

## Mikill meirihluti fatlaðra kvenna verður fyrir ofbeldi

80%

**fatlaðra kvenna hafa orðið fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi.**

- Fatlaðar konur eru allt að **10 sinnum** líklegri til að verða beittar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi en ófatlaðar konur.
- Ofbeldi gegn fötluðum konum **varir lengur** en ofbeldi gegn ófötluðum konum.

*Heimildir: Skýrsla Evrópuþingsins um ofbeldi 2006 og Evrópuþingið 2013.*





10 Framadagar HR
Kynning á bankanum og sumarstörfum í boði – kíktu í Arion básinn
11 Á leið á vinnumarkaðinn
Fræðslufundur um undirbúning fyrir atvinnuleit og það sem gott er að vita varðandi fjármálin
17 Að setja sér markmið í fjármálum
Fræðslufundur í Búðardal með Breka Karlssyni, forstöðumanni Stofnunar um fjármálalæsi
19 Hvernig á að koma hugmynd í framkvæmd?
Fundur með frumkvöðlunum í FIBRA teyminu sem sigraði í nýsköpunarþættinum Toppstöðin
25 Fasteignaráðstefnan 2016
Farið verður yfir stöðuna á markaðnum, markmið, kosti, galla og framtíðarsýn
Fræðsla og viðburðir í febrúar
Arion banki býður upp á fjölda opinna fræðsluviðburða í febrúar.
Nánari upplýsingar í viðburðadagatalinu okkar á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina



## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði. Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**209.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## LAZIO
Þriggja sæta sófi. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Einnig fáanlegur stóll. Stærð: 222 x 92 x 78 cm

**95.994 kr.** ~~159.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



## ELLY
Þriggja sæta sófi. Litir: Gráblár, sandbleikur og dustygrænn. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



## VESTA
3 sæta sófi. Slitsterkt áklæði. Antracite
eða grábrúnn. Með lágu baki og dúnbólstrun.
Stærð: 233 x 93 H 74 cm.

**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

# LOKAH

## Fjölbreytt úrval smávöru

Allt að **70%** afsláttur



## TWIST
Hægindastóll.
Ljósblár.
Einnig fáanlegur skemill við stól

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## ASPEN
Leður hægindastóll
frá La-z-boy. Nokkrir litir.
Stærð: 82 × 85 × 102 cm.

**111.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR

## DELTA
Borðstofuborð, eik/hvítt.
Stærð: Þverm: 100cm H: 74 cm

**24.995 kr.** ~~49.990 kr.~~



## ELLY
Hægindastóll.
Litir: Gráblár, sand-
bleikur og dustygrænn.

**27.996 kr.** ~~69.990 kr.~~

**50%** AFSLÁTTUR



## EMPIRE
Nettir La-Z-Boy sjónvarpssófar.
Klæddir gráu slitsterku áklæði eða svörtu leðri.
Einnig fáanlegir 2ja sæta

3ja sæta: Stærð: 197 × 98 × 104 cm

Áklæði
**199.992 kr.** ~~249.990 kr.~~

Leður
**319.992 kr.** ~~399.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR


**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Risa ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR

HELGIN

## Allt að 60% afsláttur



42% AFSLÁTTUR

**TIANA**
Borðstofustóll. Svartur.
7.990 kr. ~~13.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR

**ANDREW**
Borðstofustóll. Fæst í bundnu leðri, svörtu, hvítu eða brúnu.
13.993 kr. ~~19.990 kr.~~



38% AFSLÁTTUR

**WILMA**
Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.
9.990 kr. ~~15.990 kr.~~



**KIRUNA**
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm
191.992 kr. ~~239.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR



**CLEVELAND**
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR



**OSWALD**
◀ Hægindastóll.
Þriggja sæta sófi ▶
Stærð: 185 x 84 x 87 cm
Dökkgrátt slitsterkt áklæði og viðarfætur

41.994 kr. ~~69.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR



59.994 kr. ~~99.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR

**EIFFEL**
Borðstofustóll.
Hvítur með svörtum löppum.
7.194 kr. ~~11.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar.**

Um er að ræða styrki sem einkum er ætlað að styðja við uppbyggingu verkefna á vegum fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða.

Við mat á umsóknum verður litið til þeirrar þekkingar sem verið er að afla, hæfni umsækjenda til að leysa verkefnin, reynslu, aðstöðu og raunhæfni áætlana. Í stærri verkefnum verður og sérstaklega litið til samstarfs mismunandi aðila. Byggðasjónarmið, nýsköpun og kynjasjónarmið verða einnig höfð að leiðarljósi við ákvörðun um úthlutun. Ekki verða veittir styrkir til ríkisstofnana eða sveitarfélaga.

Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á því verkefni sem sótt er um styrk til ásamt ítarlegri kostnaðar-, fjármögnunar- og verkáætlun. Styrkir verða aðeins veittir til eins árs.

Umsóknir skulu sendar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík eða á netfangið postur@anr.is. Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 21. febrúar 2015.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Lilliendahl í síma 545 9700. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið hulda@anr.is.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*




# Þurfum að passa vel upp á flóttamennina

**Ekki hefur verið rætt um það innan menntamálaráðuneytisins að fara í opinbera skoðun á hinum svokölluðu tossabekkjum. Ráðherra segir mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart innflytjendum svo þeir verði ekki annars flokks í skólakerfinu.**

**MENNTAMÁL** „Þetta kerfi var barn síns tíma. Ég held við séum öll sammála um að það hafi verið gott að breytingar urðu á því hvernig fólk hugsaði um menntamál sem gerði það að verkum að horfið var frá þessari nálgun,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um svokallaða tossabekki.

Fjallað var um kerfið í helgarblaði Fréttablaðsins þar sem nokkrir fyrrum nemendur sögðu frá slæmri reynslu sinni af því að hafa verið í þessum bekkjum sem voru við lýði hér á landi fram á áttunda áratug síðustu aldar.


Kerfi sem niðurlægði nemendur

Það þótti niðurlægjandi að vera settur í svokallaða tossabekki sem voru hluti af skólakerfinu um árabil. Algengara var að börn efnaminni foreldra lentu í slíkum bekkjum og það gat haft slæmar félagslegar afleiðingar í för með sér.

Margir frömdu sjálfsmorð

„Kerfið sem við búum við núna er manneskjulegra og skynsamlegra. Það er byggt á þeirri hugsun að reyna að finna leiðir til þess að horfa á hvern einstakling fyrir sig og finna leiðir til að vinna með hverju og einu barni í einstaklingsmiðuðu námi,“ segir hann.

Illugi segir að auðvitað verði stöðugt að fylgjast með til þess að tryggja eins og kostur er að börn fái sem bestu menntun við sitt hæfi. Í einhverjum skólum er enn getuskipt að einhverjum hluta en það sé með öðrum hætti í dag en áður.

„Við þurfum alltaf að vera á varðbergi hvað þetta varðar. Ef þróunin verður til dæmis sú á næstu árum að þeim muni fjölga sem koma til okkar t.d. vegna flóttamannavandans, þá er ekki nóg að taka bara vel á móti þeim þegar þeir koma til landsins. Það þarf líka að tryggja að það sé fjármagn til að veita börnum viðeigandi þjónustu út skólagönguna og þetta kostar allt peninga. Ef við gætum ekki vel að okkur í þessum efnum þá er hætta á því að börnin fái ekki þá menntun sem þau þurfa á að halda og verði þar með annars flokks þjóðfélagshópur,“ segir Illugi. „Það er gjarnan talað um þann kostnað sem er í skólakerfinu og stundum á það bent að hann hafi verið minni hér á árum áður. En þá þarf að hafa í huga að sú hugmyndafræði að búa til skóla fyrir alla þar sem hæfileikar hvers og eins eru ræktaðir kostar vissulega meira, en um leið erum við líka að ná meiri árangri.“

> **Við þurfum alltaf að vera á varðbergi hvað þetta varðar. Ef þróunin verður til dæmis sú á næstu árum að þeim muni fjölga sem koma til okkar t.d. vegna flóttamannavandans, þá er ekki nóg að taka bara vel á móti þeim þegar þeir koma til landsins.**
>
> Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra



Ekki hefur komið til tals að farið verði í opinbera rannsókn á tossabekkjunum né að nemendur verði beðnir afsökunar. „Vissulega, eins og kom fram hjá ykkur, þá var fyrir mörg börn óbærilegt að vera sett í þessa stöðu. Þetta kerfi var ekki skynsamlegt en þetta var opinber stefna og svona var skólakerfið rekið. Það er hins vegar áhugavert verkefni fyrir fræðimenn að skoða afleiðingar þessarar stefnu og sögu þessara einstaklinga.“

**viktoria@frettabladid.is**


# Loftslagsmál – hvað getum við gert?

**Kjarvalsstaðir þriðjudaginn 9. febrúar kl. 20**

**Hvað geta ríki, borgir, fyrirtæki og einstaklingar gert til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir spennandi umræðufundi um loftslagsmál á Kjarvalsstöðum 9. febrúar klukkan 20. Fundurinn er í röðinni, ***Borgin, heimkynni okkar***, og er markmiðið að færa umræðu um skipulags- og umhverfismál í vítt og breitt samhengi.


Hjálmar Sveinsson


Brynhildur Davíðsdóttir

**Hvað getum við gert?**

Frummælendur eru **Hjálmar Sveinsson,** formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, **Brynhildur Davíðsdóttir,** prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, **Ketill Magnússon,** heimspekingur og framkvæmdastjóri Festu – samfélagsábyrgð fyrirtækja og **Hrönn Hrafnsdóttir,** sérfræðingur í loftslagsmálum hjá Reykjavíkurborg. Þau munu flytja örstutt erindi og ræða síðan saman um efnið. Eftir það verður opnað fyrir almennar umræður.


Ketill Magnússon


Hrönn Hrafnsdóttir

**Allir velkomnir, kaffi á könnunni og stemning í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ásmundur K. Örnólfsson aðstoðarleikskólastjóri í Bíó Paradís í gær.** MYND/KÍ

# Fyrirmynd karla fékk verðlaunin Orðsporið

**MENNTAMÁL** Ásmundur K. Örnólfsson, aðstoðarleikskjólastjóri á leikskólanum Ægisborg í Reykjavík, fékk í gær, á degi leikskólans, Orðsporið 2016. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti verðlaunin, sem veitt voru í níunda sinn, við hátíðlega athöfn í Bíó Paradís.

„Ákveðið var að Orðsporið 2016 yrði veitt þeim sem þætti hafa skarað fram úr við að fjölga körlum í stétt leikskólakennara,“ segir í umfjöllun á vef Kennarasambands Íslands, en Ásmundur á að baki langan og farsælan feril sem leikskólakennari og aðstoðarleikskólastjóri.

„Í umsögn valnefndar um Orðsporið segir að Ásmundur hafi alla tíð verið sterk fyrirmynd fyrir karla sem starfa í leikskólum og ekki síst leikskólabarna. Ásmundur hefur unnið ötullega að málefnum leikskólans og lagt sitt af mörkum til að efla orðspor leikskólakennarastarfsins.“ **– óká**

**Rýmum til** miðvikudag – fimmtudag – föstudag – laugardag

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ

## Fullt af bílum – frábær lánakjör

**Ekki missa af lokadeginum – opið í dag kl. 10–17**

**Kia Sportage X-TRA 4WD**
Árg. 2014, ekinn 105 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.590.000 kr.**
**Verð nú**
**4.090.000 kr.**
**44.400 kr. á mán.** í 60 mán.*
Allt að 65% lán í boði.





**Mercedes-Benz B 220 CDI**
Árg. 2014, ekinn 33 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.990.000 kr.**
**Verð nú**
**4.490.000 kr.**
**48.700 kr. á mán.** í 60 mán.*
Allt að 65% lán í boði.

**Lexus CT200H**
Árg. 2014, ekinn 14 þús. km, bensín/rafmagn, 100 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.570.000 kr.**
**Verð nú**
**4.190.000 kr.**
**34.700 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Renault Trafic Minibus**
Árg. 2013, ekinn 206 þús. km, dísil, 115 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.990.000 kr.**
**Verð nú**
**3.290.000 kr.**
**77.900 kr. á mán.** í 24 mán.*
Allt að 60% lán í boði.

**BMW 318i Station**
Árg. 2010, ekinn 59 þús. km, bensín, 143 hö., beinskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.590.000 kr.**
**Verð nú**
**2.990.000 kr.**
**28.400 kr. á mán.** í 72 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Honda Civic**
Árg. 2012, ekinn 40 þús. km, bensín, 142 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.590.000 kr.**
**Verð nú**
**2.190.000 kr.**
**18.700 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Hyundai I 40 Wagon Style**
Árg. 2012, ekinn 43 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.990.000 kr.**
**Verð nú**
**3.290.000 kr.**
**27.900 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Kia Ceed EX**
Árg. 2008, ekinn 230 þús. km, dísil, 115 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 990.000 kr.**
**Verð nú**
**790.000 kr.**
**13.500 kr. á mán.** í 36 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Hyundai I 30 Classic**
Árg. 2010, ekinn 105 þús. km, bensín, 105 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 1.490.000 kr.**
**Verð nú**
**1.190.000 kr.**
**11.500 kr. á mán.** í 72 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Mercedes-Benz E 200 NGT**
Árg. 2008, ekinn 156 þús. km, bensín/metan, 164 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.990.000 kr.**
**Verð nú**
**2.590.000 kr.**
**30.700 kr. á mán.** í 54 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

* Mánaðargreiðsla m.v. **50%** fjármögnun. Vextir eru frá 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11,13%

Lykill

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR • Klettháls 2 • 110 Reykjavík
Sími 590 2160 • www.notadir.is

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR**

# Á bjargbrúninni



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Samfylkingin er í þröngri stöðu. Jafnaðarmannaflokkurinn sem stefndi að því að verða annar tveggja turna í íslenskri pólitík, er ekki svipur hjá sjón. Fylgið nær varla tíu prósentum í könnunum og fer minnkandi. Erfitt er að finna einfalda skýringu.

Þátttaka í óvinsælli ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms ræður nokkru. Flokkurinn fékk einungis rétt þrettán prósent í kosningunum 2013, tæpum sautján prósentum minna en í kosningunum á undan. Síðan þá hefur hallað undan fæti. En fleira ræður ferð.

Formaðurinn, Árni Páll Árnason, verður að axla ábyrgð á stöðunni. Hann hefur ekki náð að sýna sparihliðarnar. Hann hefur verið laskaður frá fyrstu dögum þegar hann lýsti yfir, í andstöðu við flesta þingmenn og stuðningsmenn, að stjórnarskrármálið yrði ekki klárað fyrir þinglok. Síðan hefur lítið heyrst eða spurst af því máli úr herbúðum Samfylkingarinnar. Fjallað er um málið í enn einni eilífðarnefndinni. Skipbrotið í stjórnarskrármálinu var raunar, eins og Jón Baldvin Hannibalsson benti á, einkennandi fyrir Jóhönnustjórnina. Stærstu málin strönduðu á skeri. Kannski líður formaðurinn og flokkurinn enn fyrir það.

Þá hefur Árni þurft að þola illa ígrundaðar árásir samherja sinna. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir bauð sig fram gegn honum á síðasta landsfundi. Árni vann með minnsta mun og stóð illa særður eftir. Orðspor Sigríðar beið sömuleiðis hnekki vegna þess hvernig staðið var að framboði hennar.

Sigríður, ásamt Helga Hjörvar þingflokksformanni, stóð svo að því að leggja fram frumvarp um afnám verðtryggingar í þinginu. Tillagan var lögð fram í andstöðu við formanninn, og að sögn til að kalla fram afstöðu Framsóknarflokksins í málinu! Raunar var Árni Páll rökfastur í málinu og kom ágætlega út persónulega. Sama var ekki hægt að segja um frumvarpsflytjendur.

Aftur svipaði þingliði Samfylkingarinnar til rökþrota liðsmanna ræðuliðs á framhaldsskólastigi, fremur en stjórnmálaflokks sem stefnir til áhrifa á landsvísu. Varla er hægt að kenna formanninum einum um það.

> **Aftur svipaði þingliði Samfylkingarinnar til rökþrota liðsmanna ræðuliðs á framhaldsskólastigi, fremur en stjórnmálaflokks sem stefnir til áhrifa á landsvísu.**

Þetta er að einhverju leyti ímyndarvandi Samfylkingarinnar. Framverðasveit flokksins er sundurleit og virðist upptekin af pólitískri leikjafræði fremur en uppbyggilegri umræðu. Stefnumálin eru abstrakt, pólitískt rétthugsuð og fremur sjálfsögð. Það vantar frumlega hugsun og kjöt á beinin. Á meðan fara Píratar með himinskautum.

Erfitt er að sjá að Árni Páll verði langlífur í embætti. Hvað eftirmenn varðar hefur nafn Dags B. Eggertssonar borgarstjóra verið nefnt. Hann hefur hins vegar um nóg að hugsa í borginni, fjárhagsstaðan er þröng og hann hefur oft notið meiri lýðhylli. Helgi Hjörvar er sagður á formannsbuxunum en kom ekki vel út úr verðtryggingarmálinu. Sigríður Ingibjörg hlýtur að hafa endanlega spilað rassinn úr buxunum. Katrín Júlíusdóttir hefur örugglega dug, en spurning hvort hún hafi áhuga eða nennu.

Svo er spurning hvað Össur gerir. Rennur honum blóðið til skyldunnar eða leitar hugurinn suður á Bessastaði?




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Réttindi reðurlaga þjóðarréttar

Mayram Nuraliyeva hnoðaði hrossakjötið af ákafa. „Kjötið er látið marinerast í nóg af hvítlauk, salti og pipar,“ sagði hún og hóf að troða kjötinu í lambagarnir. „Fylltar garnirnar eru svo soðnar í klukkustund. Þetta er einn af okkar ljúffengustu réttum.“

Mayram er kokkur á veitingahúsi í Moskvu. Rétturinn sem hún sérhæfir sig í að útbúa er þjóðarréttur í heimalandi hennar, Kirgistan. Hann kallast chuchuk og er pylsa úr hrossakjöti. Þangað til nýlega vissu fáir af tilvist þessa meinta lostætis. En svo sagði Bretinn Michael Mcfeat brandara á Facebook.

Michael starfaði sem logsuðumaður í gullnámu í Kirgistan. Í upphafi árs birti hann mynd á samfélagsmiðlinum af samstarfsfólki sínu sem gæddi sér á þjóðarréttinum. Við myndina skrifaði hann: „Fólk í Kirgistan leggur á sig að standa í langri biðröð til að fá þetta ljúfmeti afgreitt: Hrossatyppi!“

Brandarinn féll í grýttan jarðveg. Starfsmenn námunnar fóru í verkfall til að mótmæla dylgjum Bretans um þjóðarpulsuna. Lögreglan var kölluð til og Michael færður til yfirheyrslu. Honum var tjáð að hann gæti átt yfir höfði sér fimm ára fangelsi. Hann slapp hins vegar með skrekkinn. Honum var aðeins vísað úr landi.

Mayram í eldhúsinu í Moskvu er enn í sárum. „Hvernig getur útlendingur bara mætt til landsins, borðað matinn okkar og látið svo út úr sér eitthvað þessu líkt?“ segir hún og hristir höfuðið. „Ástandið var svo miklu betra á Sovéttímanum þegar fólk gat ekki bara sagt hvað sem því datt í hug.“

### Réttlát reiði og úlfur úlfur

Breski grínistinn John Cleese, þekktastur fyrir Monty Python, lýsti því yfir í upphafi vikunnar að hann væri hættur að skemmta í háskólum. Ástæðuna sagði hann þá að pólitísk rétthugsun væri að ganga af gríni dauðu. Það mætti ekkert segja lengur. „Um leið og við byrjum að segja „við megum ekki móðga þennan og hinn“ þá er brandarinn búinn,“ sagði Cleese í samtali við vefsíðuna Big Think. „Að mínu mati erum við þá farin að lifa og hrærast í heimi bókarinnar 1984.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra „lenti í því“ í vikunni að segja brandara sem féll í grýttan jarðveg. Sigmundur var staddur í Shatila flóttamannabúðunum í Líbanon þar sem flóttafólk frá Palestínu og Sýrlandi býr við sára fátækt og ömurlegar aðstæður. Á göngu um búðirnar sendi Sigmundur vinum sínum með farsímaforritinu Snapchat mynd af vafasömu neti rafmagnsleiðslna sem hanga yfir þröngum strætunum eins og banvænn köngulóarvefur. Við myndina skrifaði hann: „Lofaði að skila því að það vantar rafvirkja í Shatila.“

Myndin fór eins og eldur um sinu á samfélagsmiðlum. Reiðin brann í athugasemdum þar sem fólk, í löngum og snarkandi orðaflaumi, átti ekki til orð yfir ósmekklegheitunum í forsætisráðherranum.

Réttlát reiði er dálítið eins og úlfur, úlfur. Ef maður fer ekki sparlega með hana missir hún alla þýðingu. Það er þó ekki eina ástæðan fyrir því að ráðlegt er að hugsa sig tvisvar um áður en vandlætingunni er veifað.

### Blautur draumur Stalíns

Einhverjum kann að finnast brandarinn um flóttamannabúðirnar í Shatila ósmekklegur, í anda þess ef feitur túristi kæmi fljúgandi beint frá flatneskjunni í Flórída til Súðavíkur, tæki mynd af minnisvarðanum um þá sem létust þar í snjóflóði og skrifaði undir: „Lofaði að skila því að það vantar fleiri skóflur í Súðavík.“ Öðrum kann að þykja brandarinn fyndinn.

Eins og Mayram frá Kirgistan virðast margir sjá fyrir sér í hillingum heim þar sem það eru álitin mannréttindi að þurfa aldrei að móðgast, heim þar sem flóttamenn, náttúruhamfarir og reðurlaga þjóðarréttir njóta skilyrðislausrar verndar. Það kann að hljóma huggulega. Engum blöðum er hins vegar um það að fletta: Hin hliðin á þeim hugljúfa peningi er Orwellísk martröð í blautum draumi Stalíns. Er það í alvörunni veröldin sem við viljum byggja?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


Change is Good
Glæsilegur Hyundai Tucson
Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur, bensín eða dísil.
Tucson
ENNEMM / SÍA / NM73305
KAUPAUKI
Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með nýjum Tucson.
Aukahlutapakki að verðmæti 400.000 kr.
Eigum bíla til afgreiðslu strax!
Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.
Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.
HYUNDAI
NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.
UEFA EURO2016 FRANCE
5 YEAR
Unlimited Mileage Warranty
Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16




## COSTA DEL SOL

### TORREMOLINOS



**Aguamarina**

**Frá kr. 83.545** m/bók.afsl
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 83.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 96.195 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. júní í 10 nætur.

### BENALMÁDENA



**Los Patos Park**

**Frá kr. 133.795** m/bók.afsl
**m/hálft fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 133.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjórbýli. Netverð á mann frá kr. 163.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 10 nætur.

### MARBELLA



**Pyr Marbella**

**Frá kr. 112.930** m/bók.afsl
**m/morgunverð innifalinn**
Netverð á mann frá kr. 112.930 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 139.495 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. júní í 10 nætur.

### FUENGIROLA



**Las Palmeras**

**Frá kr. 89.530** m/bók.afsl
**m/morgunverð innifalinn**
Netverð á mann frá kr. 89.530 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 104.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 10 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA



**Arena Center**

**Frá kr. 85.995** m/bók.afsl.
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 85.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 106.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
13. júní í 10 nætur.

## TENERIFE



**Laguna Park**

**Frá kr. 71.695** m/bók.afsl.
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 71.695 á m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 87.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
24. ágúst í 7 nætur.

## KRÍT



**Pella Steve**

**Frá kr. 107.495** m/bók.afsl.
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 107.495 á m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
6. júní í 10 nætur.

## MALLORCA



**Apt. Portofino/ Sorrento** +

**Frá kr. 73.295** m/bók.afsl.
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 73.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
14. júní í 7 nætur.

**BÓKUN SÓLARFERÐA SUMARIÐ 2016 ER NÚ Á NÝRRI BÓKUNARVEFSÍÐU**

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM73449


Heimsferðir
Bókaðu sól í sumar
SALOU
Hotel Jaime I
Frá kr. 74.795 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 74.795 á Jaime I m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.495 m.v. 2 fullorðnir í íbúð. 17. júní í 7 nætur.
ALBIR
Albir Playa
Frá kr. 89.520 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 89.520 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
19. júní í 7 nætur.
BENIDORM
Gemelos XX
Frá kr. 79.495 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 79.495 á m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.295 m.v. 2 fullorðnir í íbúð.
19. júní í 7 nætur.
AGADIR
Tulip Inn Oasis
Frá kr. 127.900 m/bók.afsl.
m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 127.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 7. maí í 12 nætur.
MADEIRA
Hotel Dorisol
Frá kr. 109.900 m/bók.afsl.
m/morgunverð innifalinn
Netverð á mann frá kr. 135.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
24. mars í 10 nætur.
ÆVINTÝRI Í MAROKKÓ
Frá kr. 259.900
Einstök 12 nátta sérferð þar sem farþegum gefst tækifæri til að skyggnast inn í nýjan og framandi heim. Í ferðinni er dvalið í litlum heillandi bæjum til sjávar og sveita svo og stærri borgum á borð við Marrakech og Agadir. Ekið er um stærstu pálmalundi í Norður-Afríku, ilmandi ávaxtahéruð og hin hrikalegu Atlasfjöll. Þá er haldið í úlfaldareið út í Sahara-eyðimörkina þar sem gist er í 2 nætur í Berba-tjaldi.
2015
Framúrskarandi fyrirtæki
Frá Til
KEF COSTA DE ALMERÍA
Lengd og dags.
10-14 NÆT... 13 JÚN
Farþegar
Verð fá mann frá
106.595 kr.
LEITA



## Peyton Manning

**Aldur: 39 ára**
**Frá New Orleans í Louisiana**
**Valinn númer 1 í nýliðavalinu 1998**
**18 ár í deildinni**

### Það helsta úr ferilskránni:

Super Bowl-meistari 2007
AFC-meistari 2006, 2009, 2013 og 2015
14 sinnum í stjörnuleikinn
7 sinnum í liði ársins
5 sinnum besti leikmaður NFL
4 sinnum sendingakóngur deildarinnar
Flestir kastjardar og snertimögk í sögu NFL

**Peyton Manning er talinn líklegur til að leggja skóna á hilluna eftir leikinn enda orðinn 39 ára gamall.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fullkomin kveðjustund?

Foli mætir gæðingi í 50. Super Bowl-leiknum sem fram fer í San Francisco á sunnudaginn. Ríður Peyton Manning út í sólarlagið sem meistari eða stimplar Cam Newton sig inn sem besti leikmaðurinn í NFL?



## Cams Newton

Aldur: 26 ára
Frá Atlanta í Georgíuríki
Valinn númer 1 í nýliðavalinu 2011
**5 ár í deildinni**
Það helsta úr ferilskránni:
NFC-meistari 2015
3 sinnum í stjörnuleikinn
Nýliði ársins 2011
Sóknarleikmaður ársins 2015
Flest snertimörk 2015



Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is


**NFL** Marinerið kjúklingavængina og kælið mjöðinn. Það er að komið að því. Einn af helstu helgidögum Bandaríkjanna gengur í garð á sunnudaginn þegar Super Bowl-leikurinn, úrslitaleikur NFL-deildarinnar í amerískum fótbolta, fer fram í Santa Clara í Kaliforníu. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD og hefst útsending klukkan 22.45.

Bandaríkjamenn neyta aðeins meira af mat og drykk á sjálfan þakkargjörðardaginn, en neyslan er næstmest þegar þessi risastóri kappleikur, sem 168 milljónir Bandaríkjamanna horfa á, stendur yfir. Umgjörðin er engu lík og kosta 30 sekúndna auglýsingar í hálfleik ekki nema fjórar og hálfa milljón Bandaríkjadala.

Í ár mætast Carolina Panthers, sigurvegarar Þjóðardeildarinnar, og Denver Broncos, sigurvegarar Ameríkudeildarinnar. Mikill munur er á sögu liðanna. Denver var stofnað 1960 og er eitt stærsta nafnið í deildinni. Liðið hefur átta sinnum áður komist í Super Bowl og tvisvar sinnum unnið, síðast 1998. Carolina er mun yngra lið, stofnað 1995. Það hefur einu sinni áður komist í úrslit en tapaði þá á móti New England Patriots.

### Folinn og gæðingurinn

Eins og svo oft áður beinast augu flestra að leikstjórnendum liðanna og það réttilega. Að þessu sinni mætast tveir afskaplega hæfileikaríkir menn sem eru hvor á sínum enda ferilsins. Cam Newton hjá Carolina er aðeins 26 ára gamall og á sínu fimmta ári í deildinni á meðan Peyton Manning hjá Denver er 39 ára er á sínu 18. ári.

Þarna mætast alvöru foli (Cam) og traustur gæðingur (Peyton) sem hefur verið andlit deildarinnar í tæpa tvo áratugi eða síðan hann kom inn í deildina árið 1998. Cam Newton er framtíð NFL-deildarinnar. Hann er íþróttafrík í allra besta skilningi þess orðs og algjör unun að horfa á hann. Newton hefur tekið stórstígum framförum síðan hann kom inn í deildina og er ekki bara öflugur leikmaður í dag heldur mikill leiðtogi.

Manning hefur á sama tíma verið á hraðri niðurleið. Hann hefur verið mikið meiddur undanfarin tvö ár og verið skugginn af sjálfum sér. Manning heltist úr lestinni í níundu umferð deildarkeppninnar vegna meiðsla en kom aftur inn í úrslitakeppnina og fær nú eitt tækifæri í viðbót til að vinna annan Super Bowl-titil.

### Tveir eins og Eli?

Allt frá því að Peyton Manning kom inn í deildina hefur hann verið aðalmaðurinn í sínu liði og helsta ástæða velgengni þess. Bæði þegar hann spilaði með Indianapolis Colts og síðar Denver. Þannig er það ekki núna. Denver er ekki komið í Super Bowl-leikinn vegna Peytons sem hefur verið ömurlegur á leiktíðinni og kastað boltanum mun oftar frá sér en á samherja inn í endamarkið.

Varnarleikurinn er það sem kom Denver þetta langt, en liðið er með bestu vörn deildarinnar og eina bestu vörn sem sést hefur í NFL. Það er eilítið skoplegt að hugsa til þess að í eina skiptið sem Peyton vann Super Bowl mætti hann Chicago Bears sem var með ömurlegan leikstjórnanda en frábæra vörn.

## Uppgangur Panthers eftir komu Cams

**2010 án Cams:** 2 sigrar, 14 töp
**2011:** 6 sigrar, 10 töp,
**3. sæti í riðlinum**
**2012:** 7 sigrar, 9 töp,
**2. sæti í riðlinum**
**2013:** 12 sigrar, 2 töp,
**1. sæti í riðlinum og tapaði**
**í 8 liða úrslitum**
2014: 7 sigrar, 8 töp,
**1. sæti í riðlinum og tapaði**
**í 8 liða úrslitum**
2015: 15 sigrar, 1 tap,
**1. sæti í riðlinum og komið í Super Bowl**

**Carolina Panthers komst síðan svona langt árið 2004 þegar liðið tapaði 32-29 á móti New England Patriots í baráttu um NFL-titilinn.**

**12**

**ár eru síðan Carolina Panthers komst í Super Bowl.**

Manning á flest öll met sem þess virði er að tala um í deildarkeppninni. Flestir kastjardar, flest snertimörk, flest hitt og þetta. Í úrslitakeppninni hefur hann því miður tapað fleiri leikjum en hann hefur unnið og fengið á sig svolítinn lúsersstimpil. Enginn hefur tapað fleiri leikjum í úrslitakeppninni en hann.

Núna fær hann samt fullkomið tækifæri til að ríða út í sólarlagið með annan meistarahring á hendinni. Það yrði frábært svar til allra þeirra sem voru búnir að afskrifa hann og umfram allt ætti hann þá loksins jafn marga meistarahringa og bróðir hans, Eli Manning.

### Svipar til Seattle

Þegar Peyton fór síðast með Denver í Super Bowl fyrir tveimur árum var girt niður um leikmenn Broncos og þeir rassskelltir í beinni útsendingu af Seattle Seahawks. Denver-liðið réð ekkert við vondu og grimmu strákana frá Seattle með nýjan ofurstjörnuleikstjórnanda sem unnu ótrúlegan sigur.

Carolina-liðið er mjög svipað Seattle fyrir tveimur árum og það ætti Denver-liðið að óttast. Þarna er hópur manna sem virðist tilbúinn að vinna. Carolina vann 15 leiki af 16 í deildarkeppninni og niðurlægði svo frábært lið Arizona Cardinals í úrslitaleik Þjóðardeildarinnar. Carolina er með nýjan ofurstjörnuleikstjórnanda, góðan hlaupara og grimma vörn, alveg eins og Seattle fyrir tveimur árum.

Vörn Denver sýndi í úrslitum Ameríkudeildarinnar hversu góð hún er þegar hún lokaði á öll sóknarvopn Toms Brady. Hún þarf aftur á móti að vinna á öllum túrbínum til að stoppa Cam Newton og félaga sem virðast ósnertanlegir. En ótrúlegir hlutir hafa gerst í Super Bowl. Eli Manning, litli bróðir Peytons, sannaði það í tvígang á móti New England Patriots. Nú er komið að stóra bróður að kveðja á fullkominn máta.

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

### Grindavík - Stjarnan 78-65

**Stigahæstir:** Jón Axel Guðmundsson 25/9 fráköst, Charles Wayne Garcia Jr. 22, Jóhann Árni Ólafsson 11, Þorleifur Ólafsson 10 - Al'lonzo Coleman 14, Tómas Þórður Hilmarsson 12, Justin Shouse 11.
**Justin Shouse** gaf 2 stoðsendingar í leiknum og bætti þar með stoðsendingametið í úrvalsdeild.

### FSu - Haukar 78-103

**Stigahæstir:** Hlynur Hreinsson 21, Christopher Woods 19/9 frák., Cristopher Caird 17 - Brandon Mobley 30/11 frák., Kári Jónsson 26/11 fráköst/10 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 14, Emil Barja 11/8 fráköst/8 stoðsendingar.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 26 | Snæfell | 14 |
| KR | 26 | Tindastóll | 14 |
| Stjarnan | 22 | Grindavík | 14 |
| Þór Þorl. | 20 | ÍR | 10 |
| Njarðvík | 18 | FSu | 6 |
| Haukar | 18 | Höttur | 2 |

### TUTTUGASTA STÓRMÓT ÍR Í HÖLLINNI UM HELGINA

ÍR-ingar halda Stórmót ÍR í frjálsum íþróttum í tuttugasta sinn um helgina. Vala Flosadóttir setti setti heimsmet unglinga í stangarstökki á fyrsta Stórmóti ÍR 1997og hún er heiðursgestur á mótinu í ár ásamt sigurvegurunum á mótinu fyrir 19 árum. Vala Flosadóttir kom sérstaklega til landsins af þessu tilefni. Afmælisathöfn verður haldin kl. 14.40 í dag þar sem þessir sérstöku gestir mótsins verða heiðraðir ásamt sjálfboðaliðum sem hafa starfað við mótið frá upphafi. Keppni í karla og kvennaflokkum fer að mestu fram á milli klukkan 15.00 til 16.00 báða dagana. Íslenskt afreksfólk mun á mótinu reyna að tryggja sér sæti á Norðurlandameistaramótinu sem fram fer í Vaxjö í Svíþjóð eftir rúma viku.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **13.45** | **Man. City - Leicester** | Sport 2 |
| **14.30** | **Ingolstadt – Augsburg** | Sport |
| **15.00** | **Liverpool - Sunderl.** | Sport 2 |
| **15.00** | **Tottenham-Watford** | Sport 4 |
| **15.00** | **Swansea - C. Palace** | Sport 5 |
| **15.00** | **Stoke - Everton** | Sport 6 |
| **16.30** | **Grindavík - Keflavík** | Sport 3 |
| **17.30** | **Southam. - West Ham** | Sport 2 |
| **17.30** | **Leverkusen - Bayern** | Sport |
| **13.30** | **HK - Stjarnan** | Digranes |
| **14.00** | **Selfoss - Fram** | Selfoss |
| **14.00** | **Valur - KA/Þór** | Valshöll |
| **15.15** | **ÍBV - FH** | Eyjar |
| **16.00** | **Haukar - ÍR** | Ásvellir |
| **16.30** | **Grindavík - Keflavík** | Grindav. |
| **16.30** | **Hamar - Haukar** | Hverag. |
| **17.00** | **Valur - Snæfell** | Valshöll |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| **11.00** | **Levante - Barcelona** | Sport |
| **11.30** | **Verona - Inter Milan** | Sport 3 |
| **13.30** | **Bournem. - Arsenal** | Sport 2 |
| **14.00** | **AC Milan - Udinese** | Sport 3 |
| **16.00** | **Chelsea - Man. Utd** | Sport 2 |
| **19.30** | **Granada - R. Madrid** | Sport |
| **23.00** | **Super BOWL 50** | Sport |
| **18.30** | **Höttur - Tindastóll** | Egilsst. |
| **18.30** | **Fjölnir - Afturelding** | Dalhús |
| **19.15** | **Þór Þ. - Stjarnan** | Þorláksh. |
| **19.15** | **Snæfell - KR** | Stykkish. |




mazda

Mazda6 AWD er glæsilegur og vel útbúinn fjórhjóladrifinn station bíll. Hann er jafnframt búinn miklum öryggisbúnaði líkt og blindpunktsaðvörun, nálægðarskynjurum að framan og aftan og snjallhemlunarkerfi sem varar þig við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Mazda6 AWD er einnig búinn Rear Cross Traffic Alert búnaði sem nemur aðvífandi umferð þegar bakkað er úr stæði.

MAZDA6 VISION AWD STATION, BEINSKIPTUR 2,2 DÍSIL 150 HÖ - FRÁ 5.290.000 KR.
MAZDA6 OPTIMUM AWD STATION, SJÁLFSKIPTUR 2,2 DÍSIL 175 HÖ - FRÁ 6.090.000 KR.

Umframbúnaður OPTIMUM útfærslu:

- Leðuráklæði á sætum
- Rafstýrð framsæti
- Bílstjórasæti með minnisstillingu
- 19" álfelgur – 225/45 R19
- Veglínuskynjari
- Upphitanleg aftursæti
- Bose hljómkerfi – 11 hátalarar
- Aðlögunarhæf LED framljós
- Framrúðuskjár fyrir hraða
- Bakkmyndavél
- Þjófavörn með hreyfiskynjara
- Lyklalaust aðgengi

*Komdu og reynsluaktu Mazda6 AWD*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Biggi Hilmars tónlistarmaður og eiginkona hans María Kjartansdóttir eru meðlimir listahópsins Vinnslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hugleiðsla við hljóðbylgjur

Almenningi er boðið upp á einstaka djúphljóðbylgju-hugleiðslu í Ráðhúsi Reykjavíkur á sunnudag á hugleiðsluhátíð. Birgir Hilmarsson og eiginkona hans María Kjartansdóttir hafa gert tilraunir með hugleiðslu við hljóðbylgjur.

Hugleiðsluhátíðin Friðsæld í febrúar hefst á sunnudag með hóphugleiðslu við undirspil á hljóðbylgjum. Birgir Hilmarsson tónlistarmaður samdi hljóðverkið og býður tímaritið Í boði náttúrunnar upp á þessa hugleiðslu í samstarfi við Vinnsluna.

„Í hugleiðslunni förum við með þátttakendur í ferðalag. Við munum notast við hljóðverk sem ég er búinn að setja saman úr hljóðbylgjum; nokkrar af helstu hljóðbylgjum sem fyrirfinnast,“ segir Birgir og lýsir áhrifum hljóðbylgja.

„Í stuttu máli hafa allar hljóðbylgjur mismunandi áhrif á okkur, tilfinningalega og myndrænt. Til dæmis þegar maður spilar hljóð og er með vatnsbala fyrir framan þá sér maður mismunandi bylgjur í vatninu.

Við listahópurinn Vinnslan gerðum tilraun síðastliðið sumar á Jónsvöku á Húsavík þar sem við hugleiddum í heila viku sjálf og fengum fullt af öðrum listamönnum og bæjarbúum með okkur og í kjölfarið skrifuðum við niður þær upplifanir sem komu upp í ferlinu. Það sem okkur fannst áhugavert var hversu margir upplifðu svipaðar sýnir, liti og tilfinningar í hugleiðslunum.

**MARGIR UPPLIFÐU SVIPAÐAR SÝNIR, LITI OG TILFINNINGAR Í HUGLEIÐSLUNUM.**

Á sunnudaginn viljum við leyfa fólkinu í Reykjavík að fara með okkur í þetta ferðalag og ef fólk vill þá getur það deilt með okkur.“

Í boði náttúrunnar stendur fyrir hátíðinni þriðja árið í röð dagana 7. til 13. febrúar og markar hóphugleiðslan upphaf hennar.

**thordis@365.is**



HÚSASMIÐJAN

blómaval



**20%** afsláttur af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

**10%** Aukaafsláttur um helgina!

# FERMING

## fermingarhátíð í Blómavali

Tilboðin gilda í öllum verslunum Blómavals



**25%** afsláttur ÖLL GLÖS OG MATARSTELL



POTTAPLÖNTU **ÚTSALA** BLÓMAVALS

Orkidea **1.499kr** ~~2.690kr~~



**14.900kr** ~~19.900kr~~

Úlpa True North
Parka
5872629-30



**8.990kr** ~~11.747kr~~
Sléttujárn
Pro Sleek & Curl
1804549

**6.990kr** ~~8.990kr~~
Keilujárn
CI96Wi
1804538

**20%** afsláttur REMINGTON HÁRSNYRTITÆKI

REMINGTON



Túlípanar 10 stk. **999kr** ~~1.490kr~~

**Bollukaffi í Skútuvogi** laugardag

Bolla með rjóma, sultu og kaffi á **390 kr.**

Bolla **250 kr.**



KAFFI GARÐUR



Friðrik Dór tekur lagið laugardag kl. 14:00

## GLÆSILEG FERMINGARSÝNING í Skútuvogi laugardag og sunnudag

**Friðrik Dór tekur lagið laugardag kl 14:00**



Little Rascals

**Danshópurinn Little Rascals laugardag kl. 15:00**
sýnir Breakdans, undir stjórn Natöshu Royal sem hefur kennt hina ýmsu stíla götudansa í Kramhúsinu síðustu 16 ár.



Allt fyrir ferminguna

**Ljósmyndir og list**
bjóða sérstakt tilboð á fermingar-myndatökum aðeins fyrir gesti fermingarsýningarinnar.

**Remington kynnir hársnyrtivörur**

**Ölgerðin kynnir vörur og gefur smakk**

**Kornið veisluþjónusta**
kynnir flottar veitingar fyrir ferminguna

**Flash tískuverslun og Gallerí 17**
sýna fermingarfatnað

**Halldór Kr. Sigurðsson, bakari og konditor**
kynnir kransakökunámskeið Blómavals laugardag kl. 14-16

**Uppdekkuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.**
**Eitt mesta úrval landsins af servíettum og kertum til áritunar.**
**Pantið áritaðar servíettur, kerti og sálmabækur um helgina á frábærum afslætti.**

**Munið fermingarleik Blómavals!**
**- glæsilegir vinningar í boði.**

galleri sautján · Kornið · FLASH



Þórunn segist hafa upplifað mikla skömm við að þurfa hjálp. „Ef þetta væri besta vinkona mín sem ætti í hlut, hefði ég knúsað hana og sent hana strax til geðlæknis eða sálfræðings.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Mér fannst ég einskis virði

**Þórunn Antonía Magnúsdóttir leggur sig fram við að fletta ofan af glansmyndunum, sem kaffæra samfélagið, á síðunni Góða systir. Henni finnst siðferðisleg skylda sín að tala um sligandi þunglyndið, óvæntan atvinnumissinn á meðgöngunni og vinnustaðaeineltið sem hún hefur þurft að yfirstíga á nokkuð stuttri en viðburðaríkri ævi.**

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Þórunn Antonía Magnúsdóttir hefur verið í sviðsljósinu vegna tónlistarhæfileika sinna síðan hún var tæplega átján ára gömul.

Hún lagði land undir fót og fluttist til London, þar sem hún skrifaði undir sinn fyrsta plötusamning við BGM plötuútgáfuna og í framhaldinu fór boltinn að rúlla. Hún túraði um allan heim með þekktum hljómsveitum á borð við Killers, Block Party og Scissor Sisters. Hún var í hljómsveitunum Junior Senior, Fields og The Honeymoon.

## Þurfum að standa saman

Á meðan hún dvaldi í Los Angeles tók hún upp heila plötu með tónlistarmanninum Beck, en sneri svo aftur heim til að sinna popptónlist sem laut í lægra haldi fyrir indie-tónlist um dágóðan tíma.

„Ég kem heim og langaði til að gera eitthvað hresst. Ég hringdi í Davíð Berndsen og við ákváðum að skapa poppstjörnu. Markmiðið var að enda á stóra sviðinu á Gay Pride. Sem ég gerði, í hvítum spandex-galla,“ segir Þórunn, og hlær innilega þegar hún lítur til baka til þess tíma þegar hún stimplaði sig óvænt inn sem kynbomba í umræddum galla. Í dag er Þórunn móðir sextán mánaða gamallar stúlku og er bæði potturinn og pannan í einum fjölmennasta fésbókarhópi landsins, Góða systir, þar sem yfir fimmtíu þúsund konur eru samankomnar. Hún vill miðla hinu góða og styðja við þá sem á þurfa að halda.

„Ég stofnaði hópinn eina nóttina eftir að hafa verið vakandi með litlu dóttur minni. Ég hélt í hreinskilni sagt að þetta yrðu kannski 1.000 konur, en þetta varð 50.000 kvenna hópur á þremur dögum. Ég gapti: Guð minn góður, hvað er ég búin að gera?“

Hún segir vinsældir hópsins undirstrika það sem hún upplifði á eigin skinni. Að íslenskar konur væru orðnar þyrstar í jákvæðni.

„Ég held að afbrýðisemi og baktal sé eitthvað sem við höfum allar tekið þátt í. Ég hef baktalað og hef sýnt á mér ljótar hliðar ef ég hef verið óörugg. Þegar mér líður illa með mig á ég það til að sýna klærnar. Með aldrinum þá breytist þetta í kærleika til annarra kvenna,“ segir Þórunn. „Því fyrr sem við áttum okkur á þessu og förum að standa saman, því betri og sterkari verðum við.“

## Með ör á sálinni

Þrátt fyrir að Þórunn sé aðeins þrjátíu og tveggja ára gömul, hefur hún marga fjöruna sopið. Hún er skilnaðarbarn og átti ekki auðvelda æsku. Hún fór snemma að skapa til að koma sér út úr erfiðum aðstæðum.

„Foreldrar mínir skildu þegar ég var þriggja ára og ég var alltaf mikil pabbastelpa. Ég saknaði hans mikið. Þegar ég horfi til baka þá var þetta í raun guðs gjöf, því eftir þetta hittu þau ástir lífs síns og ég er mjög heppin með fósturforeldra. Ég held að það sé þannig með öll skilnaðarbörn, þetta skilur eftir sig ör á sálinni.

Ég var alltaf sjálfstæð, fór mínar leiðir og valdi mér skrítin föt. Var pínu sérstök og ég var mikið í mínum eigin heimi.“

## Sár yfir að vera send á Stuðla

Þórunn var stöðugt að reyna að troða sér í box sem hentuðu henni ekki. Hún átti í basli með að haga sér í takt við það sem samfélagið sagði. „Ég var fyrirferðarmikið barn, og líklega með ADHD og ofvirkni sem ekki var greint á þessum tíma. Ég fann ung fyrir að ég þurfti að slípa mig til þess að passa inn og væri ekki alltaf að fá skammir.“

Þegar Þórunn var um tólf ára gömul fór hún í uppreisn og við tók mikil sjálfstæðisbarátta sem féll í grýttan jarðveg í foreldrahúsum. Hún tók að strjúka að heiman og úr varð að hún var send á Stuðla .

„Þar var ég í þrjá mánuði og kom svo til baka, en það gekk ekki alveg. Ég hélt áfram að strjúka og var þá send norður í land á annað unglingaheimili í eitt ár. Ég varð svo sár og reið yfir að vera send í burtu og man að ég hugsaði með mér að fyrst þau ætluðu að senda mig í burtu þá væri ég hætt að að spila eftir þeirra reglum.“

## Nauðgað á fyrsta fylleríinu

Rótin var vanlíðan og áfall sem hún er nýlega farin að gera upp við sig. „Mér leið ekki vel, og ég mér fannst allir vera í stríði við mig. Það tók mig mjög langan tíma að átta mig á hvers vegna ég var eins og ég var, og hvers vegna hlutirnir voru eins og þeir voru. Eftir á að hyggja held ég að ákveðin atvik sem ég lenti í, það að mér hafi verið nauðgað á mínu fyrsta fylleríi, hafi haft mikil áhrif á mig. Ég viðurkenndi það ekki fyrir sjálfri mér mjög lengi og er í raun nýlega farin að geta gert það bæði fyrir sjálfri mér og umheiminum og horft á þetta atvik eins og það var. En það eru ofboðslega margir sem lenda í svipaðri reynslu og ég. Ég var alltaf að kenna mér um þetta, að ég hefði verið of full, og ég hefði gefið eitthvert færi á mér.“

> ... STENDUR HANN UPP OG LÝSIR YFIR SINNI SKOÐUN UM AÐ ÉG EIGI EKKI AÐ HALDA ÁFRAM Í DÓMNEFND ÞVÍ ÞAÐ „SÉ EKKERT SELL Í ÞVÍ AÐ HAFA KONU MEÐ BARN Á BRJÓSTI Í DÓMNEFND“.

## Netbyltingarnar góðar

Það var ekki fyrr en reynslusögur fóru að spretta upp á síðunni Beautytips undir myllumerkinu #þöggun að Þórunn fór að horfast í augu við reynsluna sem hafði markað hana svo mikið. „Það að fórnarlömb kynferðisofbeldis kæmu svona út úr skápnum og sérstaklega umræðan um hvað gerist eftir nauðgunina hafði áhrif á mig. Það virðist oft þannig í dómsmálum að aðeins ein birtingarmynd nauðgana sé viðurkennd. Að árásarmaðurinn ráðist á fórnarlambið og dragi það inn í eitthvert skot og nauðgi því.

Byltingar síðasta árs fengu mig til að segja þetta upphátt og mér finnst það mikilvægur partur af mínu starfi sem opinber manneskja, sem litlar stelpur og konur horfa til. Þær eiga ekki að bera sig saman við einhverja glansmynd af mér. Ég hef stundum lent í slæmri reynslu, sem hefur sem betur fer styrkt mig í lífinu. Mig langar til að deila því, mér finnst ekkert þægilegt við að opinbera einhverja erfiðustu reynslu mína í lífinu fyrir öllum en ef ég get miðlað góðu þá mun ég gera það.“

## Glansmyndirnar eru bara feik

Talið berst að glansmyndunum og mikilvægi þess að afmá þær. „Glansmyndir eru svo mikið rugl, við erum öll að díla við alls konar atvik. Við horfum allar á einhverjar frægar manneskjur og hugsum með okkur að þær hafi það svo gott en raunin er sú að þeim líður alveg jafn illa og okkur hinum. Þær eru jafn komplexeraðar, skiptir engu hvort við erum ofurmódel eða húsmóðir á Íslandi.“

Þórunn rökstyður mál sitt og segir frá því þegar hún hitti sjálfa Britney Spears á almenningssalerni í Los Angeles. „Hún er ein af þessum fallegustu og mest sexí píum í öllum heiminum, að mati svo margra. Hún kemur inn, horfir á sig upp og niður í speglinum, lítur á mig og segir „oh my god, I'm so fat,“ eða guð minn góður, ég er svo feit. Þarna rann upp ákveðin stund sannleikans. Þessum glansmyndum er viðhaldið með Photoshop og þær látnar líta út fyrir að vera fullkomnar. Ég er á móti þessari þróun, þó ég sé pjattrófa, vilji mála mig og vera kvenleg. Þau viðmið sem heimurinn setur okkur eru bara feik.“

## Bannaði mér að njóta lífsins

Þórunn þekkir þessa pressu af eigin raun og segist snemma hafa fallið í þá gryfju. „Ég var alltaf týpan sem ekki fór út úr húsi án þess að ➡

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Saltkjöt og baunir




**1199** kr. kg
Krónu saltkjöt, blandað

**179** kr. pk.
Líf gular hálfbaunir

**297** kr. kg
Ísl. rófur

**198** kr. kg
Ísl. Milva kartöflur í lausu

**379** kr. pk.
Ísl. gulrætur í poka 500g

**99** kr. kg
Laukur

Fleiri hugmyndir*
www.kronan.is

# Bolla, bolla!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS *Skreyttar bollur á mynd fást ekki í verslunum Krónunnar

➡ vera máluð og ég var svo þjökuð af minnimáttarkennd að ég fór ekki í sund. Mér fannst ég ógeðsleg í sundfötum. En ég var bara eðlilegur unglingur, pínu þybbin. Ég dæmdi mig hart og bannaði mér að njóta lífsins. Ég passaði ekki inn í ákveðna hugmynd, þar sem maður þarf alltaf að verða mjórri og sætari. Ég fór í ballett, sem passaði mér ekkert. Ég var eins og górilla í ballettbúningi. Þar var ballettkennari sem sló mig í rassinn og sagði að ég væri frekar feit.

Mynstrið byrjar snemma, að maður væri ekki nógu góður. Það er alltaf strögl um að maður megi ekki vera maður sjálfur,“ útskýrir hún og heldur áfram: „Ég hef verið upptekin af þessu, sérstaklega í seinni tíð, því ég þjáðist af svo brenglaðri sjálfsmynd þegar ég var yngri. Barðist við búlemíu, sem fólst í þessari hrikalegu fullkomnunaráráttu á sjálfa mig. Ekkert af þessu sem ég var að gera til að vera mjó og sæt, virkaði.“

**Meðgangan sem öllu breytti**

Þórunn tók að sér starf dómara í fyrstu þáttaröð Ísland Got Talent sem Stöð 2 setti í loftið árið 2014 og varð á því tímabili ófrísk. „Þetta var að mörgu leyti hræðilegur tími, stanslaus barátta sem átti sér stað innra með mér. Út frá sjónarhóli samfélagsins átti mér að finnast þetta besti tími lífs míns og það að viðurkenna að mér liði illa var tabú.

Suma daga var ég inni í íbúðinni minni, með ljósin slökkt og grét. Milli þess fór ég upp á svið í Ísland Got Talent í hin allra björtustu ljós eftir að hafa hreinlega málað á mig mitt fallegasta bros og dæmdi þar fólk. Maður var þarna fyrir framan alþjóð og svo kom ég heim og fannst ég algjör lúser. Ég hafði áhyggjur af framtíðinni og þjáðist af ofsakvíða. Auk þess sem ég hafði fengið greiningu um að eitthvað væri að heilanum í mér, hvítar skellur sem ollu rosalegum hausverk, ljósfælni, blóðnösum og rosalegum kvíðaköstum. Mér var sagt að þetta væri líklega merki um MS-sjúkdóminn.

**Hefðum báðar geta dáið**

Þegar kemur að fæðingunni er svo þessi greining um mögulegt MS í skýrslunni minni sem hefur þau áhrif að eftir þrjátíu erfiðar klukkustundir er ég send í bráðakeisara þar sem í ljós kemur að ég er með HELLP-meðgöngusjúkdóm og mígreni og það hefði sennilega uppgötvast fyrr ef ég hefði ekki verið ranglega greind með MS. Eflaust hefði verið hægt að taka í taumana fyrr, en þetta er bara svo sjaldgæfur sjúkdómur. Öll einkennin voru skrítin, og enginn náði að púsla þessu saman fyrr en það var orðið of seint.“

Þórunn segist ekki hafa áttað sig á alvöru málsins fyrr en heim var komið. „Dánartíðni móður og barns með HELLP er frekar há. Þarna hefðum við báðar geta dáið. Ég brotnaði algjörlega niður, og alls konar tilfinningar blossuðu upp. Ég fór að lesa allt um þetta, leitaði að upplýsingum og hringdi alls konar símtöl og fékk loks svör. Þar á meðal svörin að þar sem ég væri útskrifuð af sjúkrahúsinu, væri ég of sein til að fá hjálp, of sein til að fá viðtal þar sem of langt væri liðið.“



Þórunn áttaði sig ekki á lífshættunni sem þær Freyja Sóley, dóttir hennar, voru í fyrr en heim var komið. Þá var of seint að fá aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> MAÐUR FÓR ÚR AÐ VERA SÆTA FRÆGA PÍAN SEM BÚIÐ VAR AÐ MÁLA ROSALEGA GLANSMYND AF ÚTI Í BÆ, Í AÐ VERA NÝBÖKUÐ MÓÐIR Á VERGANGI, ATVINNULAUS, MEÐ OFSAKVÍÐA OG ÁFALLASTREITURÖSKUN.

**Þunglyndi fylgdi skömm**

Við tók leikrit þar sem Þórunn stóð sig með stakri prýði. „Ég hélt að það væri eðlilegt að langa ekkert út úr húsi, það var nú vetur og svoleiðis. Það var svo ekki fyrr en ég tek krossapróf í mæðraeftirlitinu rúmum fjórum mánuðum eftir fæðinguna, að í ljós kom mjög alvarlegt þunglyndi. Ég varð mjög hissa, og mér fannst rosalega erfitt að viðurkenna það á þessum fallegasta tíma lífs míns. Skömmin heltók mig, skömmin við að þurfa hjálp. Sem er sérstakt, því ef þetta væri besta vinkona mín sem ætti í hlut, hefði ég knúsað hana og sent hana strax til geðlæknis eða sálfræðings. En af því að þetta var ég, þá hlaut að vera skömm að þessu.“

**Þótti ekki söluvænleg**

Á sama tíma og Þórunn var að kljást við stærstu áskorun sína til þessa stóð hún frammi fyrir hverri þrautinni á fætur annarri.

„Ég lenti í þeirri stöðu að samstarfsmaður minn tók „stríðnina“ eins og hann kallar það út á mér. Sem dæmi má nefna að í lok fyrstu seríunnar erum við öll saman að fagna góðu gengi. Þar sem okkur er svo tilkynnt um að næsta þáttaröð fari í loftið og að við verðum öll með í henni. Þessi samstarfsmaður minn er þá að hnýta eitthvað í mig og talandi um það hvað ég verði ómöguleg móðir og yrði óhæf í það hlutverk, en Auddi, hann yrði hins vegar frábær pabbi. Segir mig óábyrga og fleira í þeim dúr, nastí og ljótar athugasemdir sem fengu að falla.

Fimm mínútum síðar tilkynni ég óléttuna, og þá hrifsar sami samstarfsmaður af mér athyglina og fer að tala um að hann sé skyggn og hafi vitað þetta. Hann rændi mig þarna augnablikinu mínu, að tilkynna vinnuveitendum mínum og samstarfsmönnum mína fyrstu óléttu. Ég stóð þarna og reyndi að hlæja, með tárin í augunum. Þessi sami samstarfsmaður sá ekki ástæðu til að láta staðar numið því í beinu framhaldi stendur hann upp og lýsir yfir sinni skoðun um að ég eigi ekki að halda áfram í dómnefnd því það „sé ekkert sell í því að hafa konu með barn á brjósti í dómnefnd“. Hann var iðulega með ljót komment og óþægilega nærveru, og ég man eftir að hann dundaði sér við að kasta í mig súkkulaðimolum þegar ég steig inn í beina útsendingu í hvítum fötum.“

**Uppsögn og afsökunarbeiðni**

Þórunn segist þó ekki hafa viljað gera neitt í þessu, enda talið að slíkt myndi gera illt verra. „Það var eiginlega ekki fyrr en löngu seinna, að ég var að horfa á heimildarmynd um einelti, þar sem það rann upp fyrir mér. „Ég var lögð í einelti á vinnustað, og ég lét það viðgangast.“

Kvöld eitt þegar Þórunn er svo komin á steypirinn fær hún svo símtal frá yfirmanni á Stöð 2, þar sem henni er tjáð að hún verði ekki með í næstu þáttaröð Ísland Got Talent. „Daginn eftir sé ég í fjölmiðlum að Selma Björnsdóttir er ráðin, í starfið sem mér hafði verið lofað. Búið var að segja við mig að ég þyrfti ekkert að hafa áhyggjur af minni vinnu. Það var greinilega löngu búið að semja við Selmu, sem ég ber engan kala til, en það var illa að þessu staðið hjá fyrirtækinu þar sem ég hafði unnið til fjölda ára og oftar en ekki búið að plasta andlitið á mér framan á húsið. En ég var beðin afsökunar á þessu. Þessi reynsla sem ég fékk í þáttunum var góð, og mér fannst vel að þessu staðið hjá 365 og RVK Studios. Auk þess eignaðist ég góða vini í þeim Þorgerði Katrínu, Audda og Jóni.“

**Fannst sparkað í mig liggjandi**

„Á þessum tíma sá ég um íslenska listann líka og fór í fæðingarorlof frá honum sömuleiðis. Þegar ég ætlaði svo að snúa aftur, þá var búið að samningsbinda Ósk, vinkonu mína, í þá vinnu. Ég get fullyrt að ég labbaði í burtu frá fyrirtækinu með óbragð í munni.“

Þegar blaðamaður spyr hvort hún hafi ekki ætlað sér að fara lengra með málið svarar hún: „Nei, veistu, á þessum tímapunkti var ég að díla við áfallastreituröskun, þunglyndi og reyna að sinna fallega ungbarninu mínu og vildi ekki neina neikvæða athygli. Og ég vil hana svo sem ekkert. Fólk, eins og þessi samstarfsmaður og þetta fyrirtæki verður bara að lifa með því, ef það ætlar að koma svona fram. Ekkert af því sem ég er að segja, er hér sagt í hefnigirni, ég er að segja frá þessu til að sýna þeim sem á þurfa að halda, að maður kemst í gegnum allt. Ég vil ekki að dóttir mín verði fyrir einelti, í skóla eða vinnu, svo ef ég stend ekki upp fyrir sjálfri mér, hvernig get ég gert kröfuna um að hún geri það?

Það er mín skoðun að á þessum tíma ætti vinnuveitandi manns að styðja við bakið á manni. Ég veit að þetta er engin góðgerðarstarfsemi en maður hefði búist við fallegri framkomu frá svona flottu fyrirtæki. Mér fannst þetta persónuleg árás,“ segir hún og er harðorð. Hún heldur áfram: „Eftir að ég átti barnið, bjóst ég við öðruvísi viðmóti. Það sárasta var, að þetta sannaði kenninguna um það hvernig samfélagið, almennt séð, kemur fram við konur sem eru búnar að eignast börn. Það var erfitt að fá þetta í andlitið. Ég hugsaði alltaf að þetta myndi nú ekki ske, en svo gerðist það. Auðvitað var ég reið, fannst þetta illa gert og særandi. Mér fannst sparkað í mig liggjandi.“

**Reynslan ekki metin í gráðum**

„Maður fór úr að vera sæta fræga pían, sem búið var að mála rosalega glansmynd af úti í bæ, í að vera nýbökuð móðir á vergangi, atvinnulaus, með ofsakvíða og áfallastreituröskun, en við þurftum að yfirgefa heimilið okkar vegna viðgerða og flæktumst þannig á milli þess að vera í sumarbústað og inn á foreldrum mínum,“ útskýrir hún.

„Þetta var erfitt og ég sem var vön að vera þessi hugrakka stelpa, sem kýldi bara á það, var lítil í mér og stutt í grátinn. Ég held að atvinnumissirinn hafi haft mikið með það að gera. Þegar maður eignast barn áttar maður sig á að maður þarf að sjá fyrir þessari manneskju. Ég byrjaði snemma í minni draumavinnu, sem er ekki hefðbundin og því reynsla mín dýrmætt vopn. Hún er á við alls konar gráður en ég er ekki með þær prentaðar á blað svo það er ógnvekjandi að standa frammi fyrir þeirri staðreynd.

Á tímabili fannst mér ég einskis virði. Innst inni vissi ég að það var ekki rétt, og ég segi fyrir mitt leyti að það er mikilvægt að hugsa ekki sem svo að maður sé þunglyndið, heldur að maður sé að díla við það akkúrat núna. Líkt og þegar maður er með flensu, þá er maður ekkert hún.“

**Mörg járn í eldinum**

Þórunn geislar þrátt fyrir að hafa rætt um málefni sem hafa tekið á hana. Dóttirin heldur henni á tánum. „Hún er gleðilegasta ævintýri ævi minnar. Ég er himinlifandi með hana. Hún hefur kennt mér svo margt, að sjá fegurðina í einföldu formi.“

Þá hefur Þórunn endurnýjað kynnin við hippann í sér og hefur lagt glamúrskvísuna á hilluna um sinn. „Ég er búin að gera plötu sem ég stefni á að fjármagna með hjálp Karolina Fund. Ég lít leiklistina hýru auga og mig hefur lengi langað til að leika. Kannski að maður skelli sér í leiklist í Listaháskólanum og jafnvel í bílprófið í leiðinni,“ segir hún og hlær sínum dillandi hlátri.


# Úthlutun á leiðsöguhundi



**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga mun úthluta leiðsöguhundi á árinu. Leiðsöguhundar aðstoða blinda og sjónskerta einstaklinga við að komast leiðar sinnar á öruggan og sjálfstæðan hátt og er leiðsöguhundur skilgreindur sem hjálpartæki.**

Finna má nánari upplýsingar um umsóknarferli og umsóknareyðublöð á heimasíðu Miðstöðvarinnar www.midstod.is og á skrifstofu Miðstöðvarinnar í Hamrahlíð 17.

**Umsókn um leiðsöguhund skal berast til Miðstöðvarinnar fyrir 26. febrúar 2016.**

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, hefur verið styrktaraðili leiðsöguhundaverkefnisins frá upphafi.

Umsóknir skulu merktar Miðstöðinni, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík eða sendar með tölvupósti á bryndis@midstod.is

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**
Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | S. 545 5800 | midstod@midstod.is

Stressless®

ILVA

VELDU STÆRÐINA SEM PASSAR FYRIR ÞIG




Stressless® stólarnir fást í þremur stærðum, S-lítill, M-miðlungs og S-stór. Þú getur fengið stól sem passar fullkomlega fyrir þig. Skoðaðu fleiri Stressless® stóla á Ilva.is/stressless. Með yfir 40 ára þróun er það engin furða að Stressless® getur lofað einstökum þægindum.Leyndarmálið er einfaldlega það að Stressless® stóllinn lagar sig að þér – ekki öfugt.

# Upplifðu leyndarmálið um persónuleg þægindi

1. Mótaður svæðaskiptur Pólýuretan svampur sem tryggir hámarks þægindi. Rifflurnar í svampinum móta sig fullkomlega að líkamanum og anda betur, á sama tíma lengir svampurinn líftíma stólsins.
2. Sætið sjálft og lögun Pólýuretan svampsins stuðla að réttri mýkt.
3. Fyrsta flokks mjúkar Polýester trefjar veita aukin þægindi og gefa stólnum nútímanlegt og fallegt útlit.
4. Sveigjanlegar fjaðrir á stálramma gefa einstaka fjöðrun.
5. Plus™-kerfið tryggir réttan stuðning við háls og mjóbak. Kerfið er innbyggt á báðum hliðum fyrir hámarks virkni og líftíma.
6. Ekta leður eða textíll.
7. Einstök hönnun, þú velur þann stól sem hentar þinni stærð og líkamsþyngd.
8. 2-punkta fótur veitir einstakan stöðugleika sem hægt er að snúa í 360°.
9. Fótur úr svartlökkuðum krossvið. Fætur er hægt að fá í nokkrum mismunandi litum.




Made in Norway

10 ÁRA ÁBYRGÐ
Á INNRI VÉLRÆNUM HLUTUM

## Plus™-kerfið tryggir réttan stuðning við háls og mjóbak



**Þú stillir virkni sleðans fyrir hvern og einn með því að snúa Stressless® hnappinum.** Sætið og bakið færist sjálfkrafa til að gefa þann stuðning sem hentar líkama þínum.



**Stressless® Plus™-kerfið stillir hnakkastuðninginn sjálfkrafa.** Þú getur lesið, horft á sjónvarpið eða náð augnsambandi við þann sem þú talar við, jafnvel þegar þú liggur útaf.



**Stuðningur við mjóbakið fylgir hnakkastuðningnum.** Þú færð réttan stuðning hvort sem þú situr með stólbakið í uppréttri stöðu eða útafliggjandi.



Reno-hægindastóll og skemill (M) (sérpöntun)
**429.800** kr.

**37.475**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Reno-hægindastóll** með Batic leðri. 349.900 kr. Fótskemill. 79.900 kr. Heildarverð 429.800 kr. Stólinn er hægt að fá í þremur stærðum, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita í nokkrum verðflokkum.



Consul-hægindastóll og skemill (M)
**224.800** kr.

**19.794**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Consul-hægindastóll** með Batic leðri. 189.900 kr. Fótskemill. 34.900 kr. Heildarverð 224.800 kr. Stólinn er hægt að fá í miðstærð, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita.

**VEXTIR 0%**

**BORGAÐU SMÁTT OG SMÁTT**

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online

## Sykurneysla Íslendinga

**45-48,5**
KÍLÓ AF SYKRI Á ÁRI Á MANN

**133**
LÍTRAR AF GOSI Á ÁRI Á MANN
Það eru um 2,5 lítrar á viku

**16%**
AF HEILDARORKU
hjá fimmtán ára unglingum kemur úr sykri
16%

**18**
KÍLÓ AF SÆLGÆTI Á ÁRI Á MANN
Það eru um 350 grömm á viku

NEYSLAN ÆTTI AÐ VERA UNDIR
**10%**
10%



**80%**
AF VIÐBÆTTUM SYKRI Í FÆÐI ÍSLENDINGA
er að finna í gos- og svaladrykkjum, sælgæti, kökum, kexi og ís

Þar af
TÆPUR HELMINGUR ÚR GOS- OG SVALADRYKKJUM

**9-10%**
AF FULLORÐNUM
20 ára og eldri eru með sykursýki af tegund 2

# Ekkert lát á íslensku sykuræði

Framboð á sykri hefur verið mest á Íslandi af Norðurlöndum. Hver Íslendingur borðar fjörutíu til fimmtíu kíló af sykri á ári. Norðmenn nærri tuttugu kílóum minna af sykri árlega. Gerð var tilraun til þess að skattleggja sykurneyslu Íslendinga til að hemja hana en hún misfórst. Embætti landlæknis telur stjórnvöld geta gert miklu betur.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Sykuræðið hefur alvarleg áhrif á heilsu landsmanna. Þjóðin þyngist og algengi sykursýki hefur tvöfaldast á síðustu fimmtíu árum og talið er að þriðjungur sykursjúkra viti ekki af veikindum sínum.

„Sykursýki virðist hafa verið nær óþekkt á Íslandi fyrir 1950,“ segir Rafn Benediktsson, yfirlæknir á Landspítalanum. „Árið 2007 var talið að um 5-6% fólks á miðjum aldri (50-64 ára) væru með hana. Þessi gögn byggðu á hóprannsókn Hjartaverndar. Sú rannsókn benti til þess að árið 2007 vissi þriðjungur sykursjúkra ekki af veikindum sínum. Engin nýrri gögn eru til en vísbendingar eru um að staðan nú sé hér eins og í öðrum Evrópulöndum sem þýðir að 9-10% af fullorðnum 20 ára og eldri eru með sykursýki af tegund 2. Sykursýki af tegund 1 er einnig að aukast en ekki eru til nákvæmar tölur um umfang hennar.“

### Kostnaðarbaggi á samfélaginu

Rafn segir nauðsynlegt að búa til gagnagrunn um sykursýki eins og er víða erlendis. Kostnaður samfélagsins er mikill vegna sykursýki. „Heilbrigðisyfirvöld ættu að standa fyrir slíku meðal annars þar sem kostnaðurinn sem tengist sykursýki og fylgikvillum er mikill og hefur erlendis verið áætlaður allt að 15% af heilbrigðisútgjöldum.“

### Norðurlandamet í sykuráti

Framboð á sykri hefur verið mest á Íslandi af Norðurlöndum

Embætti landlæknis tekur saman fæðuframboðstölur á hverju ári en fæðuframboð veitir upplýsingar um það magn matvara sem er á boðstólum fyrir þjóðina ár hvert. Þó að fæðuframboðstölur veiti ekki beinar upplýsingar um neyslu gefa þær vísbendingar um þróun á mataræði þjóðarinnar.

Sykurmagn á hvern Íslending hefur verið á bilinu 45 kíló til 48,3 kíló á ári, að undanskildu árinu 2014, eina heila árinu sem hærri álögur voru á sykri og sykurvörum. Framboðið minnkaði úr 48,3 kg/mann/ár árið 2013 í 41,8 kg/mann/ár árið 2014.

„Sykurframboðið minnkaði árið 2014, eina heila árið sem hærri álögur voru á sykri og sykurvörum, og var þá 42 kg/íbúa en árið 2013 var það 48 kg/íbúa. Flökt í sykurframboði á milli ára getur stafað af mismiklum birgðum um áramót þar sem sykur er vara með langt geymsluþol. Því er rétt að skoða meðaltalsframboð nokkurra ára þegar sykur er annars vegar,“ segir Elva Gísladóttir, næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis.

### Gosneysla og sykursýki

„Sykurneysla á Íslandi er mikil borið saman við til að mynda Noreg, þar er hún um 28–30 kg/íbúa árin 2012 og 2013.“

Elva segir gosdrykkjaneyslu óhóflega mikla hér á landi og eiga drjúgan þátt í hinni miklu sykurneyslu.

„Þrátt fyrir að gosdrykkjaframboðið (gos- og vatnsdrykkir með bæði sætu- og bragðefnum) hafi minnkað verulega milli ára var það 133 lítrar/íbúa árið 2014, eða um 2,5 lítrar/íbúa á viku.

Af Norðurlöndunum er framboð gosdrykkja minnst í Finnlandi, 45,5 lítrar/íbúa. Rannsóknir sýna að mikil neysla á sykurríkum vörum eykur líkur á offitu og tannskemmdum. Mikil neysla á sykruðum gos- og svaladrykkjum getur auk þess aukið líkur á sykursýki af tegund 2,“ segir Elva og mælir með því að drekka vatn, besta svaladrykkinn. „Hugsanlega skiptir neyslumynstur máli þar, en það virðist t.d. hafa mismunandi áhrif á efnaskipti líkamans hvort sykurs er neytt í minni skömmtum yfir daginn eða í miklu magni á stuttum tíma, eins og gerist þegar maður drekkur sykraða drykki, en þannig er auðvelt að innbyrða mikið magn sykurs á stuttum tíma.“

### Ungir karlar neyta sykurs mest

Hún segir sælgætisframboðið svipað milli ára, um átján kíló á Íslending. „Það samsvarar um 350 g/íbúa á viku. Mælt er með því að gæta hófs í neyslu á sælgæti og fá sér frekar hnetur, fræ og ávexti.“

Elva segir mun á neyslu sykurs þegar hún er skoðuð eftir aldri. Ef skoðað sé hlutfall sykurs af heildarorku dagsins þá sé hún að meðaltali um 9% hjá öllum á aldrinum 18-80 ára í landskönnun sem var gerð á mataræði fullorðinna 2010-2011. Sykurneyslan sé meiri hjá yngri hópnum 18-30 ára, 11,3 % hjá konum og 12% hjá körlum.

„Í rannsókn á mataræði fimmtán ára unglinga sem Rannsóknastofa í næringarfræði framkvæmdi á árunum 2003-2004 kemur fram að viðbættur sykur var um 16% af heildarorku dagsins hjá þessum hópi. En samkvæmt ráðleggingum ætti neysla á viðbættum sykri að vera undir 10% af heildarorku dagsins, en jafnvel er talið að enn frekari takmörkun geti verið til bóta.“



NORDICPHOTOS/GETTY

> ÞRÁTT FYRIR AÐ GOSDRYKKJAFRAMBOÐIÐ HAFI MINNKAÐ VERULEGA MILLI ÁRA VAR ÞAÐ 133 LÍTRAR/ÍBÚA ÁRIÐ 2014, EÐA UM 2,5 LÍTRAR/ÍBÚA Á VIKU.
>
> Elva Gísladóttir næringarfræðingur



### Fé vantar í gagnagrunna

„Við erum ekki með upplýsingar um það hvort íslenskir matvælaframleiðendur noti meira eða minna af sykri í sínum vörum miðað við vörur í öðrum löndum. Það er ekki hlutverk neinnar ríkisstofnunar að hafa eftirlit með sykurmagni í vörum. Vandamálið er kannski frekar þessi mikla neysla gosdrykkja hér á landi, en framboð gosdrykkja er langmest á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd. Um 80% af viðbættum sykri í fæði Íslendinga koma úr gos- og svaladrykkjum, sælgæti, kökum, kexi og ís, þar af tæpur helmingur úr gos- og svaladrykkjum. Einfaldasta leiðin til að minnka sykurneyslu væri því að drekka minna eða ekkert af gos- og svaladrykkjum og gæta hófs í neyslu á sælgæti, kökum, kexi og ís. Á vefsíðunni sykurmagn.is er hægt að sjá myndrænt viðbættan sykur í ýmsum tegundum matvæla.

Varðandi upplýsingar um viðbættan sykur í matvöru á Íslandi þá erum við með íslenska gagnagrunninn um efnainnihald matvæla (ÍSGEM). Það hefur þó vantað fé undanfarin ár til að endurnýja upplýsingar um matvörur þar inni en ekki er vel skilgreint hvaða stofnun skuli bera ábyrgð á viðhaldi grunnsins og fjármögnun hans.“

### Óskiljanleg undanþága

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis, segir þörf á því að greiða aðgengi að hollustu með því að fella niður álögur á ávexti og grænmeti og takmarka aðgengi að óhollustu. „Í ljósi þess hve þungt gosdrykkir vega í sykurneyslu þjóðarinnar er með öllu óskiljanlegt að sú vara fái undanþágu frá efra stigi virðisaukaskatts. Það væri því einfalt og rökrétt að færa gosdrykki úr neðra virðisaukaskattsþrepi í það efra þar sem verð á gosdrykkjum er mjög ➡

ENNEMM / SÍA / NM70779







Þjónusta við fyrirtæki

# Sérþekking er grundvöllur góðra ákvarðana

## Stoltur samstarfsaðili

Það eru forréttindi að fá að vinna með fjölbreyttum hópi viðskiptavina að metnaðarfullum og spennandi verkefnum sem efla vöxt og viðgang atvinnulífsins. Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við fyrirtæki og hjá bankanum starfar stór hópur fólks sem þekkir fjölbreyttan atvinnurekstur af eigin raun.

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri í rekstri fyrirtækja. Við tökum ákvörðun: Að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi svo viðskiptavinir okkar eigi auðveldara með að taka sínar ákvarðanir.

Þekking sprettur af áhuga.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2013 · ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2014 · The Banker Bank of the Year 2014 ICELAND · EUROMONEY 2013 · EUROMONEY 2014 · EUROMONEY 2015

Íslandsbanki

lágt á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd.“

**Íþróttafélög og sykurneysla**

Þá þurfi að huga vel að því að takmarka auglýsingar sem beint er að börnum en samkvæmt fjölmiðlalögum er óheimilt að hvetja börn til neyslu á óhollum mat- og drykkjarvörum en misjafnt sé hvernig þessu er framfylgt og hvernig þessi lög eru túlkuð. Dóra nefnir einnig aðgengi barna og unglinga að sælgæti og óhollustu í íþróttamannvirkjum og á öðrum stöðum þar sem fólk kemur saman. Það hafi áhrif á hvað við borðum.

„Það þarf að hugleiða vel hvaða matvörur og drykkir eru seldir í íþróttamannvirkjum og hvaða auglýsingar eru leyfðar þar. Það er alltof oft sem maður sér sjálfsala með gosi og sælgæti, á stöðum sem börn koma á til að iðka íþróttir dagsdaglega og jafnvel á skólatíma. Einnig er algengt að sjá auglýsingar á til dæmis gosdrykkjum á þessum stöðum. Einnig væri gott ef fjáröflun íþróttafélaga myndi ekki ýta undir neyslu á óhollustu heldur frekar hollustuvörum. Það skýtur nokkuð skökku við að íþróttafélag fjármagni keppnisferðir með sölu á sælgæti og sem betur fer hafa nokkur félög og iðkendur lagt sig fram um að selja frekar hollustuvörur eins og grænmeti.“

**Stjórnvöld gætu gert betur**

„Því miður hefur ekki tekist nógu vel til hér og í þeim tilfellum sem reynt hefur verið að setja á einhvers konar sykurskatt þá hefur það ekki verið gert með lýðheilsumarkmið að leiðarljósi. Síðustu aðgerðir fóru svo í þveröfuga átt við lýðheilsumarkmið þar sem álögur á sykurríkum vörum, t.d. gosi og sælgæti, lækkuðu meðan álögur á matvæli, þ.m.t. ávexti og grænmeti, hækkuðu um áramótin 2014-2015,“ segir Dóra.

Embætti landlæknis telur það ekki farsælt, hvorki út frá sjónarmiðum heilsueflingar né jöfnuðar til heilsu, að lækka álögur á óhollustu eins og gosdrykki og sælgæti því það getur haft í för með sér aukna neyslu á þessum vörum sem er þó mikil fyrir. Hækkun á verði grænmetis og ávaxta getur hins vegar dregið úr neyslu þeirra sem er nú þegar of lítil, aðeins um helmingur af því sem ráðlagt er. Það hefur sýnt sig að verðbreytingar á grænmeti hafa haft áhrif á neyslu en við lækkun innflutningstolla og síðar afnám jókst grænmetisneyslan en við efnahagsþrengingarnar 2008 dró úr henni. Slíkar breytingar geta leitt til aukins ójöfnuðar til heilsu en opinberar ákvarðanir sem leiða til þess að hollar vörur hækki í verði og óhollar vörur lækki í verði geta leitt til þess að fólk færi sig í auknum mæli yfir í kaup á óhollum matvörum. Mikilvægt er að hafa í huga að ákvarðanir sem teknar eru fyrir utan heilbrigðiskerfið, t.d. skattabreytingar, geta haft mikil áhrif á heilsu og því er mælt með að ávallt séu metin möguleg áhrif slíkra aðgerða á heilsu.

**Stefna í næringarmálum**

Þessar breytingar áramótin 2014/2015 voru í andstöðu við tillögur sem vinnuhópur á vegum velferðarráðuneytis setti fram í aðgerðaáætlun til að draga úr tíðni offitu en þar var í fyrsta sæti að hækka álögur á óhollustu og nýta þá til skattalækkunar á hollari vörum. Rannsóknir hafa sýnt að slík forvarnaraðgerð sem hefur áhrif á aðgengi er áhrifaríkari en fræðsla.

Engin stefna hefur verið sett fram um næringu af stjórnvöldum síðan 1989. Þá hét hún manneldis- og neyslustefna. Hins vegar var nýverið sett á laggirnar ráðherranefnd um lýðheilsu sem á að skila lýðheilsustefnu og í tengslum við hana kom aukafjárveiting til að vinna frekar að heilsueflandi samfélögum. „Því ber vissulega að fagna og gott að finna að stjórnvöld styðja vel við þá nálgun en frekara fjármagn til heilsueflingar væri til bóta. Það væri ákjósanlegt að setja álögur á óhollustu sem eins og fram hefur komið er vænlegasta leiðin til að draga úr neyslunni og á sama tíma mætti nýta hluta af þeim álögum til að fjármagna heilsueflingarstarf með sambærilegum hætti og 1% af áfengisgjaldi og 0,9% af brúttósölu tóbaks er nýtt í forvarnarstarfi í áfengis- og tóbaksvörnum.“



MYND/SYKURMAGN.IS

# Kostir og gallar þess að skattleggja sykurneyslu

Menn eru ekki á einu máli um nytsemi skattlagningar á sykur til neyslustýringar. Rannsóknarsetur verslunarinnar segir tekjurnar renna til ríkisins, áhrifin á neyslu hafi verið lítil. Embætti landlæknis hefur mikla trú á gagnsemi sykurskatts og vísar í reynslu ríkja af slíku fyrirkomulagi.

**Óljós áhrif af sykurskatti**

Rannsóknarsetur verslunarinnar segir sykurskattinn sem var við lýði hér á landi í 21 mánuð frá 1. mars 2013 til 1. janúar 2015 hafa haft lítil áhrif á neysluvenjur Íslendinga. Stofnunin mat það sem svo að eingöngu hefði markmiði skattsins um að afla ríkinu tekna hefði verið náð.

Í skýrslu rannsóknarsetursins kemur þó fram að hafa ber í huga að skatturinn ríkti í mjög stuttan tíma þannig að framleiðendur og innflytjendur gengu mikið á birgðir sem safnað hafði verið áður en skattheimtan hófst. Auk þess lækkaði heimsmarkaðsverð sykurs töluvert og gengi krónunnar styrktist á tímabilinu.

Af þeim vörutegundum sem rannsóknarsetrið skoðaði voru augljós áhrif á verð strásykurs, en þau komu þó ekki fram að fullu fyrr en rúmu ári síðar. Ekki var hægt að greina áhrif sykurskattsins á magnþróun neins þeirra vöruflokka sem rannsóknin tók til.

Áhrif sykurskattsins á verðlag skattlagðra vara voru of lítil fyrir neytendur til að taka eftir þeim í flestum tilvikum, neysluáhrifin urðu því lítil. Vegna þess voru tekjur ríkisins af skattheimtunni hærri en til var stofnað. Fram kemur í skýrslunni að hæpið sé að nægileg reynsla hafi gefist af sykurskattinum til að kveða upp endanlegan dóm um hvernig framleiðendur hefðu háttað viðbrögðum sínum til lengri tíma.

„Hugmyndin á bak við sykurskatt er á sama tíma að afla ríkinu tekna og minnka neyslu á óhollum mat og þessi skattur getur verið of ólíku formi eftir löndum. Rannsóknir sýna óljósa mynd af því hvort þessir sykurskattar hafa einhver áhrif eða ekki. Það getur margt komið til, ef skatturinn bítur, sem er ekki endilega, þá er algengt að fólk breyti hegðunarmynstri sínu og leiðist út í aðra hitaeiningagjafa sem eru ekki endilega skárri. Svo hefur verið sýnt í einhverjum rannsóknum að hærra verð á sykri og mat getur rutt út öðrum valkostum eins og ávöxtum,“ segir Gylfi Ólafsson, heilsuhagfræðingur.

**Ekki gríðarleg áhrif**

„Svo getur það gerst að skatturinn hafi engin teljandi áhrif á neyslu. Það er líklega það sem gerðist á Íslandi og það er þá kannski vegna þess að skatturinn var ekki nógu hár. Á sama tíma voru vörugjöld afnumin og einhverjar breytingar áttu sér stað í framleiðslu í Evrópu á sykri. Ein áströlsk samantekt sem ég skoðaði sagði að þetta væri ekki endilega góður kostur, að þetta hefði ekki gríðarleg áhrif,“ segir Gylfi.

Margir eru mótfallnir sykurskatti þar sem hann er talinn bitna helst á fátækustu þegnum samfélagsins. „Almennt er það þannig að krónutöluskattur bítur meira á fátækara fólk en það ríka og ef þetta á að fara að bíta, þá mun þetta bíta á fátæka fólkið en ekki það ríka,“ segir Gylfi.

Hann bendir á að í dag séu stjórnvöld með víðtæk inngrip í kerfinu. „Embætti landlæknis gefur út næringarleiðbeiningar, börnum er kennd næringarfræði í grunnskólum og hvað sé holl fæða og svo framvegis,“ segir Gylfi.

„Sykurskattur er tekjuöflunarleið fyrir ríkið, en það er ekki eins og sá peningur verði til úr engu. Þetta er skattur sem kemur úr vösum neytenda og það er mikilvægt að það sé skoðað í hvað peningarnir eru að fara. Stundum hafa svona skattar verið eyrnamerktir lýðheilsuinngripum og mögulega er það pólitískt nauðsynlegt,“ segir Gylfi.



> Í NOREGI OG FINNLANDI ERU VÖRUGJÖLD Á GOSDRYKKJUM OG SYKURVÖRUM OG HAFA ÞAU NÝLEGA VERIÐ HÆKKUÐ ÞANNIG AÐ VERÐ Á GOSDRYKKJUM ER HÆST Í NOREGI.
>
> Dóra Guðrún Guðmundsdóttir



> SVO GETUR ÞAÐ GERST AÐ SKATTURINN HAFI ENGIN TELJANDI ÁHRIF Á NEYSLU. ÞAÐ ER LÍKLEGA ÞAÐ SEM GERÐIST Á ÍSLANDI OG ÞAÐ ER ÞÁ KANNSKI VEGNA ÞESS AÐ SKATTURINN VAR EKKI NÓGU HÁR.
>
> Gylfi Ólafsson

**Skattar áhrifaríkasta leiðin**

Embætti landlæknis vísar í reynslu af skattalagningu annarra ríkja og skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. „Samkvæmt nýlegri grein, sem birtist í British Medical Journal, þá hafði sykurskattur sem settur var á sykraða drykki í Mexíkó áhrif þannig að neyslan minnkaði. Áhrifin voru mest á heimilum sem stóðu verr félags- og efnahagslega,“ segir Dóra Guðrún, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis.

„Niðurstöður greinar sem birtist í New England Journal of Medicine 2009 sýndu að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu. Áhrifin yrðu mest þar sem þörfin er brýnust, þ.e. hjá börnum og ungmennum og þeim sem drekka mest af gosdrykkjum.

Í grein sem birtist 2011 í The Lancet var lagt mat á hvaða aðgerðir stjórnvalda í Ástralíu skiluðu mestum ávinningi og árangri til að bæta heilsu og draga úr útgjöldum vegna offitu. Niðurstaðan var sú að skattar á óhollustu væru áhrifaríkasta leiðin.“

Dóra minnist á nýlega skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá apríl 2015, „Using price policies to promote healthier diets“, þar sem segir að allt bendi til þess að skattlagning á sykraða drykki og minni álögur á ávexti og grænmeti séu áhrifaríkasta leiðin til neyslustýringar.

Dóra segir verð á gosdrykkjum langlægst á Íslandi samkvæmt óformlegri könnun Embættis landlæknis í apríl sl. „Í Noregi og Finnlandi eru vörugjöld á gosdrykkjum og sykurvörum og hafa þau nýlega verið hækkuð þannig að verð á gosdrykkjum er hæst í Noregi.

Samkvæmt fæðuframboðstölum er framboð á gosdrykkjum mest á Íslandi árið 2013: 149 l/íbúa, en minnst í Finnlandi 45,5 l/íbúa. Samkvæmt niðurstöðum norrænnar vöktunar á mataræði, hreyfingu og holdafari frá árinu 2011 var mest neysla á sykruðum gosdrykkjum og sykurríkum vörum á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin. Hlutfall of feitra var sömuleiðis hæst á Íslandi í sömu rannsókn og er ef til vill hluta af skýringunni að finna í lágu verði á gosdrykkjum hér á landi og mikilli gosdrykkjaneyslu. Vöktunin var framkvæmd aftur árið 2014 og er niðurstaðna að vænta í vor, það verður áhugavert að sjá þróunina.“




ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er í boði sjálfskiptur og beinskiptur, dísil eða bensín. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Stórmerkilegar staðreyndir um endurvinnsluiðnaðinn

**Ávinningur af endurvinnslu**

- Nýtir hráefni og viðheldur hringrás efna í náttúrunni.
- Dregur úr urðun og sparar þannig landsvæði.
- Dregur úr ýmiss konar umhverfismengun.
- Orka sparast.
- Það er ódýrara fyrir samfélagið að endurvinna en urða.
- Gerir okkur meðvituð um eigin neyslu.
- Minnir okkur á að við erum ábyrg fyrir umhverfi okkar.

*Heimild: Úrvinnslusjóður*

**ÁLDÓS**
**100-200 ár** tekur áldós að leysast upp í umhverfinu.
**60-80 daga** tekur að endurvinna áldós.

**PLASTFLASKA**
**450 ár** tekur plastflösku að leysast upp í umhverfinu.

**GLER**
**milljón ár** tekur gler að leysast upp í umhverfinu.
**100%** endurvinnanlegt og hægt er að endurvinna það „endalaust“ án þess að það tapi gæðum.

**250 milljónir** króna eru útflutningsverðmæti drykkjarumbúða árlega.

**94%** landsmanna telja endurvinnslu mikilvæga*

**155 milljónir** trjáa fara í pappírsnotkun núlifandi Íslendinga.

**Flutningur á flokkuðum úrgangi til endurnýtingar** eða endurvinnslu losar gróðurhúsalofttegundir rétt á meðan á flutningnum stendur.

**100 ár** er sá tími sem urðaður úrgangur gefur frá sér gróðurhúsalofttegundir.

**16-24 ára** er hópurinn sem síst flokkar úrgang samkvæmt könnunum.

**223 kíló** af úrgangi fleygir hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu í tunnuna á ári.

**159.000 tonn** af úrgangi eru urðuð á Íslandi af um 525 þúsund tonnum úrgangs.

**50.000 tonn** Samkvæmt tilskipun ESB skal ekki urða meira en 50 þúsund tonn á ári eftir 2030.

**Capacent Gallup 2008*

# Græn hugsun komin í stað sóunar

**Að endurnýta og endurvinna er orðinn sjálfsagður hlutur í daglegu lífi meirihluta Íslendinga. Þó er stutt síðan að það logaði glatt í opnum öskuhaugum landsmanna þar sem börn og unglingar léku sér innan um rotturnar.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Það má halda því fram að endurnotkun hvers konar, eða endurvinnsla, sé í huga Íslendinga í dag sjálfsagt mál. Skoðanakannanir sýna aftur og aftur að yfir 90% aðspurðra eru jákvæð gagnvart endurvinnslu og slík könnun fréttastofu 365 á dögunum dregur upp svipaða mynd.

**Bjarminn frá öskuhaugunum**

Það er ekki langt síðan að eldarnir slokknuðu í opnum öskuhaugum landsmanna. Þá mátti finna við hvert byggt ból á Íslandi að kalla – með tilheyrandi lyktar- og sjónmengun. Þessir annars vinsælu söfnunarstaðir barna og unglinga fyrir hvers kyns nytjahluti, voru nefnilega algengasta aðferðin um allt land við að losa sig við úrgang, og var það reyndar staðan svo seint sem um 1990. Má segja að áratugina á undan hafi skipulögð endurvinnsla úrgangs nær engin verið, ef brotajárn er undanskilið. Þó voru menn duglegir að endurnota ýmsa varahluti úr til dæmis bílum og skipum auk þess sem landsmenn hafa gefið föt og húsmuni á milli kynslóða.

Það er óðs manns æði að finna því stað hvenær umræðan um meiri nýtni og endurvinnslu hófst en hins vegar geyma þingskjöl vísbendingar. Fyrir réttum fjórum áratugum, í mars 1976, steig Ingólfur Jónsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins, í stól til að flytja tillögu til þingsályktunar um endurvinnsluiðnað. Ingólfur útskýrði að lítið færi fyrir þessu fyrirbæri en minnti á nýtni forfeðranna. Hann sagði í ræðu sinni að ef vel yrði tekið í hugmyndina þá færi fram rannsókn á því hvort slíkur iðnaður ætti rétt á sér á Íslandi, og hvort hann gæti jafnvel verið arðvænlegur. Talaði hann þar t.d. um að nýta fisk- og búfjárúrgang og um endurvinnslu pappírs sem var afar framsækið á þeim tíma.

**Orðaleppar**

Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, gerði sögu endurvinnslu í landinu skil í erindi á morgunverðarfundi Samtaka iðnaðarins í lok janúar. Helgi minnti á að í íslensku máli fyrirfinnast orðaleppar sem minna á tíma sóunar og sóðaskapar – lengi tekur sjórinn við, kannast allir við. Þetta minnir á að lengi viðgekkst að henda úr sér gengnum veiðarfærum í sjóinn, og engum fannst neitt athugavert við það. Nú koma öll net til endurvinnslu og hópar fólks ganga jafnvel fjörur til að safna saman veiðarfærum sem tapast hafa á sjó og öðru rusli. Algengt var að sjá ruslahauga við bóndabæi og enn í dag menga fyrstu urðunarstaðir á höfuðborgarsvæðinu land og haf.

Helgi vildi meina að upp úr 1990 hefði viðhorfið breyst til þessara mála hér á landi. Um líkt leyti var einnig stofnað umhverfisráðuneyti sem markaði þáttaskil í umhverfismálum hér á landi, þrátt fyrir að erindi þeirra sem gegndu þar ráðherraembætti væri almennt ekki hátt skrifað í upphafi. Í samhengi má minnast þess að fyrstu lögin sem lúta að endurvinnslu voru lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Á grunni þeirrar lagasetningar var Endurvinnslan hf. sett á fót. Strax árið 1995 var um 83% af einnota drykkjarvöruumbúðum skilað til endurvinnslu og árið 1996 var þetta hlutfall komið upp í 86%. Ísland var reyndar fyrsta landið í heiminum til að koma á skilagjaldskerfi á landsvísu fyrir allar einnota drykkjarvöruumbúðir, og frá því fyrirtækið hóf starfsemi hefur árangur söfnunar verið með því besta sem gerist og eru skil um 90% á ársgrundvelli. Nú selur Endurvinnslan úr landi um 750 tonn af áli á ári og 1.800 tonn af plasti. Alls hefur Endurvinnslan tekið á móti um tveimur milljörðum umbúða frá árinu 1989.

„Að mínu mati hófst endurvinnsla þó af alvöru með tilkomu umhverfisráðuneytisins og þeim áherslumálum sem voru sett á oddinn á þeim tíma,“ segir Helgi.

**Ný öld – ný hugsun**

Viðhorfsbreytinguna í átt að frekari nýtingu og nýtni, má þó frekast rekja til þróunar eftir árið 2000. Nú er svo komið að öll sveitarfélögin hafa sett sér reglur um móttöku, flokkun og eyðingu úrgangs. Öll taka á móti spilliefnum og langflest þeirra taka við flokkuðum pappír, flöskum, timbri, fatnaði, húsbúnaði og garðaúrgangi. Lyfjum er hægt að skila í apótek um allt land.

Fyrirtækin líta á umhverfismál sem mikilvægan hluta af ímynd sinni og mörg hver hafa sótt sér umhverfisvottun og standa fyrir samfélagsverkefnum þessu tengdum. Það er auk þess dýrt að henda. Mönnum svíður gjaldtaka af úrgangi og regluverk Evrópusambandsins verður sífellt strangara, var meðal þess sem Helgi nefndi.



Drykkjarumbúðirnar sem skilað hefur verið til endurvinnslu frá 1989 eru komnar á þriðja milljarðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> ÉG HEF HEYRT AÐ KOSTNAÐURINN Í ÞESSUM GEIRA EIGI EFTIR AÐ ÞREFALDAST TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM ESB FYRIR ÁRIÐ 2030 …
> Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar



Skoðanakönnun sem fréttastofa 365 stóð fyrir um mánaðamótin endurspeglar að þetta viðhorf nær til alls almennings. Spurt var einfaldlega hvort menn flokki rusl eftir tegundum og það er nokk sama hvar fólk býr, hver aldur þess er eða hvar það merkir við í kjörklefanum – rúmlega 80% landsmanna svara því játandi. Ef greina má einhvern mun þá er það alltaf innan vikmarka könnunarinnar og ekkert hægt að álykta út frá því.

**Gróska**

Til að undirstrika það hvað vinnst með því að endurnýta til dæmis áldósir, þá má hafa það hugfast að Bandaríkjamenn henda í ruslið meira af áli en framleitt er hér á landi í þremur verksmiðjum – sem mun vera hátt í 900 þúsund tonn. Í því samhengi nefndi Helgi að stóriðjufyrirtæki á Íslandi standi sig vel í endurvinnslu – flest þeirra séu að endurnýta um 95% af sínu úrkasti.

Helgi nefndi að mikil gróska væri hér á landi í endurvinnslu. A.m.k. 3 fyrirtæki hér á landi eru í endurvinnslu á plasti, mikil gróska er í nýtingu tækifæra til vinnslu hágæðavöru úr úrgangi úr fiski og búfé. Fyrirtæki væru að vinna í fullvinnslu úrkasts frá stóriðju, vinna úr afgangstimbri, vinna í orkustjórnun, umhverfisvænum orkugjöfum svo að eitthvað sé nefnt.

Smæð landsins kemur þó í sumum tilfellum til skjalanna því í stóra samhenginu fellur ekki mikið til hér. Má þá nefna sem dæmi að þau 2.500 tonn sem falla til af áli og plasti á Íslandi eru ekki mikið að tefja fyrir í stórum úrvinnsluverum erlendis – enda tekur 15 til 20 klukkustundir að endurvinna það allt saman. Helgi telur tækifæri til að endurvinna pappír hérlendis, sem þegar er um 12.000 tonn á ári og vex stöðugt.

**Sími upp á vasann**

En þó stórstígar framfarir hafi orðið þá eru sóknarfærin jafnframt fjölmörg – og umhverfisvakning síðustu ára dregur sannarlega ekki þar úr.

„Helstu vandamálin eru þó að það er þegar búið að virkja það sem gefur af sér. En margt af því sem eftir er, er mun dýrara að endurvinna. Ég hef heyrt að kostnaðurinn í þessum geira eigi eftir að þrefaldast til að ná markmiðum ESB fyrir árið 2030 um endurvinnslu. Hluti af þeim vanda er samsetning hlutanna sem við eigum, og má taka símana okkar og einkabílinn sem dæmi,“ segir Helgi og bætir við: „Við verðum einnig að flokka meira. Matarsóun er eitt og bann við plastpokum annað. Rafræna stjórnsýslu má nefna og tækifæri í orkustjórnun. Svo ekki sé talað um að minnka núverandi útblástur verksmiðja, bifreiða, skipa og í landbúnaði.“

Taktu þátt í skemmtilegum ratleik með „UTmessan“ appinu
(IOS og Android)

# UPPLIFUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

## laugardaginn 6. febrúar í Hörpu kl. 10-17

Tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga skemmtilegan dag saman, skoða glæsilega sýningu helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins og kynna sér hvað upplýsingatæknigeirinn hefur fram að færa.

## KALDÁLÓN 1. HÆÐ - STUTTIR FYRIRLESTRAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

### KÍKTU INN OG HLUSTAÐU Á STUTTAR KYNNINGAR UM NÝJUSTU TÆKNI

**12:00 Krakkar og tæknifikt**
Foreldrum gefnar hugmyndir að tæknifikti sem þau geta gert með börnum sínum. Hér geta allir lært eitthvað nýtt
Áslaug Eiríksdóttir og Skúli Arnlaugsson frá Azazo

**12:10 Getum við framleitt meira?**
Bjartmar Alexandersson framkvæmdastjóri Grænnar framtíðar

**12:20 5 góð ráð fyrir öruggari notkun á tölvupósti og interneti**
Hörður Ellert Ólafsson, Syndis

**12:30 Rafræn úrlausn deilumála í viðskiptum innanlands og milli landa** (kvarta.is)
Tryggvi Axelsson, Neytendastofu / KVARTA.IS

**HLÉ**

**13:00 Vefþróun – er alltaf fremst. Hvernig snertir vefþróun líf okkar á hverjum degi og hvað gerir heimasíðu „sexý“**
Birna Bryndís Thorkelsdóttir og Jón Tryggvi Unnarsson, nemendur við Tækniskólann

**13:10 Margmiðlun - á rauða dreglinum**
Fjallað um vegferð nemenda Margmiðlunarskólans að vinnu við kvikmyndina Everest og að rauða dregli Óskarsins
Hulda Birna Baldursdóttir, Margmiðlunarskólinn

**13:20 Af hverju eru svo margar verslanir í heiminum að loka?**
Sigurjón Hjaltason, Nýherja

**13:30 Fáðu það mesta út úr þráðlausa netinu þínu**
Ritstjóri Simon.is tæknibloggsins fer yfir nokkur einföld ráð til að nýta þráðlaust net sem best og mælir með bestu netbeinum fyrir heimili
Atli Stefán, Simon.is

**HLÉ**

**14:00 Hæfni fyrir framtíðina byggð í Fab Lab**
Fjallað verður um Fab Lab og hvernig hæfni til framtíðar er byggð upp í Fab Lab smiðjum landsins
Frosti Gíslason verkefnastjóri Fab Lab hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**14:10 Hvernig uppskipting leikjakorta getur aukið afl gervigreindar og flýtt fyrir ákvarðanatöku og leit í tölvuleikjum**
Kári Halldórsson, Háskólinn í Reykjavík

**14:20 Hugmynd af tölvuleik til framkvæmdar**
Þrír háskólanemar í HÍ enduðu með fullkláraða útgáfu af tölvuleik. Hvað kom þeim á óvart á leið sinni að útgáfu. Sýna stutt myndband af leiknum
Egill Örn Sigurjónsson, Háskóli Íslands

**14:30 Vöðvastýrðir gervifætur**
Jóna Sigrún Sigurðardóttir, Háskólinn í Reykjavík og Össur

## SILFURBERG (B) - 2. HÆÐ

**Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema frá kl. 13:00** –hægt að labba inn og út að vild á meðan á keppninni stendur

## SILFURBERG (A) - 2. HÆÐ

**Sjáðu og prófaðu ýmsar skemmtilegar tækninýjungar**

Team Spark með TS15 kappakstursbíl (**HÍ**)
Skemmtilegar rafmagnsþrautir (**HÍ**)
Forritanlegt Legó vélmenni (**HÍ**)
Snjallspegill (**HÍ**)
Lyklaskápur sem opnast einungis ef einstaklingurinn er edrú (**HÍ**)
Minecraft vinnusmiðja (**SKEMA**)
Makey Makey örtölvur (**SKEMA**)
Forritun fyrir börn kynnt (**SKEMA**)
BEBRAS tölvuáskorun (**SKÝ**)

## NORÐURLJÓS - 2. HÆÐ

**Sjáðu og prófaðu ýmsar skemmtilegar tækninýjungar**

Tölvutætingskeppni á vegum /sys/tra/ og PROMENNT kl.15
Það nýjasta í gervigreind og sýndarveruleika (**HR**)
Spilaðu tölvuleiki (**HR**)
Þrívíddarprentuð líffæri (**HR**)
Mekatrónik tæki (**HR**)
Hönnun á nýjum þjóðarleikvangi (**HR**)
Formula Student kappakstursbíll (**HR**)
Hakk (**HR**)
Prófaðu loftknúinn smábíl (**HR**)
Róbótar (**Tækniskólinn**)
Retro spilakassi (**Tækniskólinn**)
Vinylskeri (**FabLab**)
Þrívíddarprentari (**FabLab**)

## SÝNING Á GÖMLUM TÖLVUM - HP OG DEC

**Sjáðu gamlar tölvur á glæsilegri sýningu**

## ALLIR VELKOMNIR

**Enginn aðgangseyrir og ókeypis í bílastæðahús Hörpu á meðan húsrúm leyfir.**

UTmessan.is
ský Skýrslutæknifélag Íslands
SI Samtök iðnaðarins
HÁSKÓLI ÍSLANDS
NÝHERJI
GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR
sensa
Opin Kerfi

// Twitter: @UTmessan // #UTmessan // Facebook: UTmessan

PORT hönnun



Börn á Akureyri uppáklædd. LJÓSMYND/HALLGRÍMUR EINARSSON MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI



Akureyrsk börn þiggja góðgæti fyrir söng. MYND/TÓMAS V. LÁRUSSON




Kötturinn sleginn úr tunnunni. LJÓSMYND ÁSKELL ÞÓRISSON.

# Dansað á bolludag í Færeyjum

Í næstu viku taka litríkar hefðir yfir íslenskt samfélag þegar haldið verður upp á bolludag, öskudag og sprengidag. Hefðirnar eiga margar rætur í kaþólskri trú og bárust flestar frá Danmörku. Hér á Íslandi hafa þær þróast og breyst töluvert. **Marentza Poulsen** minnist þess að á bolludegi í Færeyjum var dansað.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



### Bolludagur

Bolludagur er ávallt mánudagurinn í 7. viku fyrir páska og er danskur siður sem Íslendingar hafa haft dálæti á frá nítjándu öld. Danir leggja mikið upp úr bollubakstrinum og í stærstu bakaríum Kaupmannahafnar er hægt að velja úr aragrúa af bollum, bæði hefðbundnum úr gerdeigi en líka vatns- eða smjördeigi. Þá er líka til siðs að skreyta bollur sérstaklega fyrir börn enda er bolludagur dagur barnanna þar í landi.

Marentza Poulsen er fædd og uppalin í Færeyjum og fluttist á unglingsaldri með fjölskyldu sinni til Íslands. Bolludagur er haldinn hátíðlegur með töluvert öðrum hætti en tíðkast á Íslandi. „Skólarnir eru í fríi og haldið er upp á bolludag líkt og öskudag hér heima. Mikið er gert úr deginum, við krakkarnir hittumst í félagsheimilinu og slógum köttinn úr tunnunni. Þetta var einn stór skemmtidagur. Mamma bjó til brjóstsykur og sleikipinna, bauð í bollukaffi og steikti fiskibollur um kvöldið. Síðan fóru allir saman á ball og þá var lítið um böll þar til á annan í páskum. Mér fannst skrýtið að flytjast hingað til Íslands og finna muninn. Við reyndum að búa til okkar eigin siði hér í Færeyingafélaginu."

Marentza segir töluvert fleira ólíkt með bolludeginum á Íslandi og í Færeyjum og Danmörku. „Það hefur aðeins færst til að bollurnar eru borðaðar á sunnudegi, en það er ekki eins og hér að þær eru keyptar og borðaðar mörgum dögum fyrir bolludag.

Mér finnst þetta í dag vera fjölskyldudagur, það þurfa allir að hittast og borða bollur. Við erum alltaf í beinum samskiptum við Færeyjar með aðstoð Skype og ég tek pínulítið þátt í hátíðahöldunum."



Marentza Poulsen er alin upp í Færeyjum. Þar var töluvert meira lagt upp úr hátíðahöldum á bolludag en hér á Íslandi.

Marentza rekur kaffihúsið á Kjarvalsstöðum og þar ætlar hún að bjóða upp á bollur en heldur líka upp á daginn með fjölskyldu sinni. „Svo bý ég til góðar fiskibollur í kvöldmatinn. Ég bý til vatnsdeigsbollur en svo hef ég alltaf búið til gerbollur líka. Ég gerði það lengi vel að fylla bollurnar bara með rjóma og sultu. Í dag er ég heldur djarfari, bollur eru skemmtilegar og það er mjög gaman að hafa mismunandi bollur. Á Kjarvalsstöðum ætla ég að bjóða upp á bollur með hvítsúkkulaðiskyrmús en líka hefðbundnar bollur."

Danska fyrirtækið Odense lætur í té uppskriftir að ljúffengum bollum að spreyta sig á í helgarbakstrinum.

### Öskudagur

Á öskudegi hefst langafasta og stendur allt til páskadags. Dagsheitið er dregið af því að þá var ösku dreift yfir höfuð kaþólskra iðrandi kirkjugesta og jafnvel með eins konar vendi. Í Skandinavíu eru víða gerðir vendir, gjarnan úr trjágreinum og skreyttir með sælgæti, litlum leikföngum og skrauti. Vendirnir eru nú til dags settir í vasa og eru stofustáss en minna á föstuna. Áður voru þeir notaðir í gamni til flenginga. Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson er talið sennilegast að vöndurinn sé skopstæling á lausnarvendi þeim sem syndarar voru hirtir með á öskudag í kaþólskum sið. Þegar siðurinn barst til Íslands fengu börn útrás fyrir galsa sinn og flengdu í von um góðgæti.

Af þessari athöfn er líka talinn runninn öskupokasiðurinn en hann þekkist frá 17. öld. Konur eltu karla og reyndu að koma á þá öskupokum og karlar pokum með smásteinum á konurnar. Siðir sem áður tengdust bolludegi hafa færst yfir á öskudag, þar á meðal sá siður að slá köttinn úr tunnunni og það að klæða sig í grímubúning.

### Búningar til sýnis á Akureyri

Akureyringar halda einna gleðilegastan öskudag og dagurinn setur mikinn svip á bæjarlífið. Akureyrsk börn eru enn mjög dugleg að klæða sig upp og syngja í von um góðgæti í skiptum.

Á öskudag verður opnuð sýning á öskudagsbúningum í Minjasafni Akureyrar með fylgihlutum og öskupokum. Safnið leitaði til íbúa um lán á búningum og eru yfir 30 búningar til sýnis frá árunum 1950-2000, flestir heimagerðir.

Þarna má sjá öskupoka frá því snemma á síðustu öld, tunnukóngsmerki og ýmsa gripi sem notaðir voru á öskudegi. Sýningin verður opin til 6. mars.

### Sprengidagur eða feiti þriðjudagur

Sprengidagur er þriðjudagurinn í föstuinngangi 7 vikum fyrir páska og þennan dag hefur skapast sá siður að borða saltkjöt og baunir, eða svokallaða baunasúpu. Talið er að nafn dagsins sé komið til af því að menn eigi að borða á sig gat, „sprengja sig" af mat. Erlendis heitir þessi dagur „feiti þriðjudagur" (mardi gras) og í ensku Shrove Tuesday eða Pancake Tuesday.



Dæmi um útsaumaðan öskupoka. Vinsæll siður fyrir norðan. MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

## Vissir þú að?

- Heitinu öskuóðinsdagur bregður fyrir í söguhandritum frá fjórtándu öld og íslenskum fornbréfum.
- Í kaþólskum sið er gert krossmark á enni kirkjugesta og haft yfir þeim: Mundu, maður að þú ert aska og að ösku skaltu aftur verða.
- Frá árinu 1917 verður sú breyting á skólalífi í Reykjavík að öskudagur verður frídagur barna í stað bolludags sem hafði verið hefðbundinn frídagur skólabarna í hálfa öld.
- Á ensku er sprengidagur kallaður Pancake Tuesday.
- Matthías Jochumsson skáld kallaði bollur bolludags föstuinngangssnúða.
- Leikurinn að slá köttinn úr tunnunni er kominn frá Danmörku og þangað frá Hollandi. Þá var hafður lifandi köttur í tunnunni. Þegar siðurinn barst til Íslands var því hætt.



Saffranbolla með marsipan og rjóma úr smiðju Odense. MYND/ODENSE

## Danskar bollur

**með saffran og marsipani**

**2,5 dl mjólk**
**50 g ger**
**0,5 g saffran**
**70 g sykur**
**0,25 tsk. salt**
**100 g smjör við stofuhita**
**1 tsk. kardimommur malaðar**
**550 g hveiti**

**Fylling**
**6 dl rjómi**
**300 g marsipan frá Odense í sprautupoka**

Hitið mjólkina í 37°C og blandið saman við önnur innihaldsefni. Látið deigið hefast í um það bil hálftíma. Skiptið deiginu í 20 hluta og mótið í bollur. Setjið á bökunarpappír og látið hefast í um það bil 40 mínútur. Bakið bollurnar við 200°C í um það bil 10-12 mínútur og látið þær kólna. Þeytið rjómann og sprautið inn í bolluna, sprautið möndlumarsipanfyllingunni yfir rjómann. Skreytið til dæmis með flórsykri.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## Einstaklega þægilegur

Rick Stein, einn þekktasti matreiðslumaður Bretlands, hefur verið við tökur hér á landi. Afraksturinn verður sýndur á BBC food í byrjun sumars. Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumaður á Mat og drykk, fékk Stein í heimsókn. SÍÐA 2

# GEGN BÓLGUM Í LÍKAMANUM

**Vistor kynnir** Benecta og Benecta Sport, ný íslensk fæðubótarefni unnin úr rækjuskel sem stuðla að úrvinnslu á bólgum í líkamanum og verndun vefja í stoðkerfi. Benecta fæðubótarefnin eru framleidd af líftæknifyrirtækinu Genís hf.

„Hér er um algjöra nýjung að ræða og vörur með mikla sérstöðu þar sem þær hjálpa til við bólguúrvinnslu og styðja við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor. „Benecta og Benecta Sport eru ný fæðubótarefni, samsett úr kítínfásykrum sem unnar eru úr rækjuskel. Þau hafa þann eiginleika að bindast próteinum sem aukast í bólgu og hvetja til bólguúrvinnslu og verndun vefja í stoðkerfi.“

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Benecta og Benecta Sport eru byggð á íslensku hugviti og framleidd hér á landi af líftæknifyrirtækinu Genís hf. á Siglufirði. Genís hf. byggir á sérhæfðri þekkingu tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum úr rækjuskel.

» Benecta og Benecta Sport eru ný íslensk fæðubótarefni sem unnin eru úr rækjuskel.



„Hér er um algjöra nýjung að ræða og vörur með mikla sérstöðu.“ Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor. MYND/VISTOR

Benecta Sport er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar.

### BENECTA HJÁLPAR LÍKAMANUM AÐ VINNA ÚR BÓLGUM




Bólga er náttúrulegur og nauðsynlegur fylgikvilli vefjaskaða. Þegar bólgan hefur unnið sína vinnu tekur við annað ferli sem er kallað bólguúrvinnsla (Resolution). Þetta ferli stýrir hjöðnun bólgu og styður við vefjanýmyndun.

### BENECTA



Benecta hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum og styður við uppbyggingu vefja. Með daglegri inntöku má draga úr bólgum og óþægindum. Jafnframt stuðlar Benecta að endurnýjun vefja (s.s. brjósks, sina og beina) og hjálpar þannig til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi. Sykrungarnir bindast bólgupróteinum í líkamanum og vinna þannig gegn ákveðnum bólguhvetjandi ferlum. Með því má draga úr óþægindum og auka úthald og orku.

### BENECTA SPORT



Benecta Sport er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar. Jafnframt styður Benecta Sport við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og flýtir fyrir endurheimt eftir æfingar. Benecta sykrungarnir bindast bólgupróteinum sem myndast við vöðvaáreynslu og stuðla að viðgerð og endurheimt í vöðvum og gera þá hæfari í næstu átök. Með inntöku Benecta Sport 30 mínútum fyrir æfingar má hámarka nýtingu á ferlum sem fara í gang vegna álags og flýta fyrir árangri. Benecta Sport hjálpar vöðvum að nýta fitusýrur í stað glúkósa við æfingar. Það dregur úr mjólkursýrumyndun og kemur í veg fyrir að gengið sé of hratt á glýkógenbirgðir vöðvanna.

**SÖLUSTAÐIR** Benecta fæðubótarefnin fást nú í Lyfjum og heilsu, Apótekaranum, Lyfjaveri, Lyfjavali, Garðs apóteki, Hraunbergsapóteki, Borgarapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Apóteki Hafnarfjarðar, Apóteki Garðabæjar, Akureyrarapóteki, Apóteki Vesturlands, Reykjavíkur Apóteki, Apóteki Suðurnesja og Siglufjarðarapóteki. Einnig fást vörurnar í versluninni Perform.is.



# ELDAÐI ÍSLENSKT FYRIR RICK STEIN

Einn þekktasti matreiðslumaður Bretlands, **Rick Stein**, hefur dvalið hér á landi undanfarna daga við tökur á nýjum matreiðsluþáttum. Meðal staða sem hann heimsótti var Matur og drykkur sem sérhæfir sig í íslenskri matargerð.


Rick Stein og Gísli Matthías þegar sá fyrrnefndi heimsótti veitingahúsið Mat og drykk.

Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumaður og eigandi staðarins, segir að Rick Stein hafi sent fólk til sín fyrir nokkru. „Eftir þá heimsókn var ákveðið að Rick kæmi og ég eldaði fyrir hann. Hann var einstaklega þægilegur og ekki hægt að finna að hér væri svona frægur maður á ferð. Við spjölluðum mikið saman. Með honum var kvikmyndatökulið, tíu manns í allt. Þetta gekk mjög vel og tók ekki nema um fjórar klukkustundir. Mjög spennandi dagur,“ segir Gísli en hann eldaði lúðusúpu að hætti ömmu fyrir sjónvarpskokkinn og síðan vinsælasta rétt hússins. „Það er heileldaður þorskhaus í kjúklingasoði og beltisþara. Þetta er mjög góður réttur og Rick var sérlega ánægður með þetta val. Þessi aðferð við eldun er fundin upp hjá okkur svo hún er ekki mjög gömul en þessi vara var áður fyrr seld til útflutnings.“

## EFTIRSÓTTUR KOKKUR

Rick Stein hefur verið með gríðarlega vinsæla matreiðsluþætti hjá BBC auk þess sem hann hefur gefið út meira en 20 matreiðslubækur. Hann rekur vinsæl sjávarréttaveitingahús í Cornwall á Bretlandi og einn í Ástralíu þar sem hann býr meginhluta ársins. Þá er hann með verðlaunaðan og eftirsóttan matreiðsluskóla. Rick Stein hefur matreitt fyrir Elísabetu drottningu og Filippus prins, Tony Blair, Margréti Thatcher og Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands. Hann hefur ferðast víða um heim þar sem hann hefur tekið upp matreiðsluþætti. Að þessu sinni varð Reykjavík fyrir valinu.

Rick er kvæntur Söruh Stein en hann skildi við fyrri eiginkonu sína, Jill, árið 2007 en hún er og hefur alltaf verið viðskiptafélagi hans. Þau eiga þrjá syni saman.

Ragnar Freyr Ingvarsson, læknir og ástríðukokkur, sem heldur úti matarbloggi og hefur gefið út matreiðslubækur, er mikill aðdáandi Ricks Stein. „Ég frétti að Rick Stein væri á landinu að taka upp þátt. Ég hefði gert allt sem í mínu valdi stendur til að hitta hann og þakka honum fyrir ef ég væri staddur á Íslandi,“ sagði Ragnar í samtali við blaðið en hann er búsettur í Bretlandi. „Rick er frábær kokkur og gerir einstaka sjónvarpsþætti sem ég horfi reglulega á. Ég held að ég hafi séð allt sem hann hefur gert en Food Heroes eru í sérstöku uppáhaldi. Ég hef sótt endalausan innblástur til hans. Þá á ég allar bækur sem hann hefur sent frá sér nema þá nýjustu en mun án efa eignast hana innan skamms,“ segir Ragnar og bætir við: „Það hefði verið meiriháttar að fá að taka í höndina á honum. En ég verð að láta mér nægja að horfa á þættina.“

## ÍSLENSKT Í NÝJUM BÚNINGI

Gísli Matthías segir að það hafi færst í vöxt að veitingahús sérhæfi sig í ákveðinni matargerð. Matur og drykkur er einn af þeim. „Ég hef ekki hitt Rick Stein áður en ég hef horft á marga þætti með honum. Mér finnst hann alveg frábær. Hann var að leita eftir einhverju íslensku og ég veit að hann heimsótti líka gróðurhús og fleiri staði. Ég held að það eigi að sýna þessa þætti í byrjun sumars á BBC Food,“ segir Gísli en veitingahúsið hans er aðeins ársgamalt. Þá rekur hann einnig veitingahús í Vestmannaeyjum sem nefnist Slippurinn. „Sá staður er bara opinn á sumrin og við leggjum áherslu á mat úr héraði, fisk beint frá höfninni og þess háttar.“

Gísli segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á íslenskri matargerð. „Ég byrjaði í nýnorrænni matargerð hjá Dilli. Áhuginn á þessari matargerð óx hjá mér sem varð til þess að ég ákvað að tileinka mér hana. Það hefur komið á óvart að Íslendingar eru í meirihluta gesta hjá okkur. Fólk hefur gaman af því að prófa íslenska matargerð í nýstárlegum búningi. Nýnorræn matargerð hefur haft áhrif á margs konar matreiðslu í heiminum.“ **elin@365.is**


Upptaka í gangi á þætti Ricks Stein. Gísli Matthías eldar lúðusúpu og þorskhaus.


Karl prins heimsækir veitingahús Ricks Stein í Padstow í Cornwall.


Ragnar Freyr Ingvarsson ástríðukokkur.




Micellar
Hreinsivatn
Notið á morgnana til að hreinsa húðina og fá frískandi tilfinningu. Notið aftur að kvöldi til að hreinsa andlitið og fjarlægja farða.
Moisture+
Soft
Tilfinningin fyrir frískri og mjúkri húð varir lengur ef þú notar jafnframt létta og mjúka 24 stunda* rakakremið okkar.
EINS AUÐVELT
OG 1 + 1
Auðveldar þér að viðhalda hreinni, frískri og mjúkri húð allan daginn með nýju Garnier 1+1 línunni.
NEW
GARNIER
SKIN NATURALS
Micellar
Cleansing
Water
SENSITIVE SKIN
REMOVES MAKE-UP
+ CLEANSES + COMFORTS
No rinsing off
Face, eyes, lips - No perfume
High tolerance formula
Tested under dermatological and ophthalmological control
400ml = 200 applications
GARNIER
SKIN NATURALS
Moisture+
Soft
NORMAL SKIN
GARNIER
Allt í einni lausn
24 stunda* rakakrem
*Prófað á 24 konum





Matthías V. Baldursson er stjórnandi Rokkkórs Íslands. Kórinn kemur fram á sínum fyrstu tónleikum næsta föstudag. MYND/VILHELM

# ROKKPERLUR SUNGNAR AF KÓR

Fyrstu tónleikar Rokkkórs Íslands verða næstkomandi föstudag og verða tekin eighties rokklög með hljómsveitum eins og AC/DC, Kiss og White Snake. Rokki og kór er ekki oft blandað saman en stjórnandi kórsins segir það koma vel út.

Rokkkór Íslands er sá eini sinnar tegundar á Íslandi. Kórinn var stofnaður í maí síðastliðnum af Matthíasi V. Baldurssyni eða Matta Sax sem stjórnar kórnum. „Við tökum lög eftir til dæmis AC/DC, Kiss, White Snake, Bon Jovi, U2 og Bonnie Tyler sem eru ekki endilega þeir flytjendur sem fólk tengir við kóra,“ segir Matti hlæjandi. „Ég hef prófað ýmsar tegundir af kórum en fannst vanta rokkkór sem væri helst skipaður söngvurum með bakgrunn í popp- og rokktónlist en hefðu ekki endilega reynslu af að vera í kór heldur frekar í hljómsveitum og slíku. Meirihlutinn af meðlimum kórsins er fólk sem hefur áratuga reynslu sem popp- og rokksöngvarar en er að finna sig vel í þessu.“

Hann segir það hafa komið sér á óvart hversu vel kórinn kæmi út. „Þetta er alveg magnað dæmi og einstakur hljómur sem myndast. Þetta er alveg nýtt á Íslandi. Það eru 35 meðlimir í kórnum sem skiptast í sex raddir þannig að það eru ekki margir í hverri rödd.“

Rokkkórinn heldur sína fyrstu tónleika næstkomandi föstudag, 12. febrúar í Hörpu og lofar Matti miklu stuði. „Þetta verður eighties-rokk partí. Okkur fannst það flottir fyrstu tónleikar, þetta er kröftug tónlist og mikið af þekktum lögum sem fólk kannast við,“ segir hann.

Matti segir eina af mestu gítarhetjum landsins, Sigurgeir Sigmundsson, spila með Rokkkórnum á tónleikunum. „Hann er með rokkið í blóðinu. Sonur hans, Davíð Sigurgeirsson gítarleikari, verður líka með og Eiður Arnarsson verður á bassa og á trommum verður Þorbergur Ólafsson.“

Þetta verður þó ekki fyrsta verkefni Rokkkórsins því hann hefur nú þegar gefið út fjögur lög. „Við fengum Sigurð Ingimarsson söngvara til að syngja með okkur Jet Black Joe lagið Rain. Svo gáfum við út lagið Íslensk kona eftir Áslaugu Helgu Hálfdánardóttur, meðlim í kórnum. Síðan erum við að fara að gefa út annað lag strax eftir helgi, nýstárlega rokkútgáfu af Ísland, farsælda frón. Það hafa auðvitað allir kórar sungið það en ekki alveg í þessari útgáfu sem við gerum það. Við fengum Þráin Árna Baldvinsson, gítarleikara í Skálmöld, í lið með okkur þannig að það verður Skálmaldarbragur á þessu en þjóðlegur um leið.“ **liljabjork@365.is**






# FLÆKJUR Í LISTHÚSI

Sýningin Flækjur sem opnuð verður í Listhúsi Ófeigs í dag klukkan 15 er fyrsta sýning Írisar Blöndal. Sýningin samanstendur af blýantsteikningum af hári. Íris er grafískur hönnuður og lauk námi frá listaháskólanum Istituto Europeo di Design í Mílano á Ítalíu árið 2011. Af hverju hár?

„Hár er mjög lifandi myndefni og það sem heillar mig einna mest við að teikna það er reglan í óreglunni. Hárin eru í raun bara línur en þegar þeim er raðað saman mynda þau eina heild og í stað þess að einblína á formið sem slíkt skipta skuggar og áferð mestu máli. Það er rosalega gaman að sjá hvernig myndefnið nánast lifnar við á blaðinu þegar línurnar koma saman en síðustu línurnar finnst mér alltaf skemmtilegastar en það eru litlu hárin sem falla ekki að heildinni og fara sína eigin leið,“ segir Íris.

„Mýktin í blýantinum finnst mér skemmtileg. Svartur er ekki bara svartur og það er ákveðin kúnst að „byggja upp“ teikningarnar með lögum af strokum í mismunandi stíl og skapa þannig mismunandi áferð sem að lokum verður að myndefninu.“

Listhúsið er opið mánudaga til föstudaga frá klukkan 10.00 til 18.00 og laugardaga frá klukkan 11.00 til 16.00. Sýningin stendur til miðvikudagsins 2. mars 2016.

**Vefsíða Írisar: irisblondal.com**






Hár er mjög lifandi myndefni og það sem heillar mig einna mest við að teikna það er reglan í óreglunni," segir Íris Blöndal

# BÆTT HEILSA MEÐ HJÁLP ÚR HAFI

**Amínó® vörulínan** samanstendur af þremur nýjum vörum úr fiskprótíni sem er þróað og unnið hjá Iceprotein. Fiskprótínið er unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski með það að markmiði að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. Framleiðslan byggir á áralöngum rannsóknum.

Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna. Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttir, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. Fiskprótínið er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofstækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið sem kallast IceProtein® samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum,“ útskýrir Hólmfríður.

Framleiðsla PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceproteins hafa stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum,“ segir Hólmfríður.

## AMÍNÓ® VÖRULÍNAN

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi. Rannsóknir hafa sýnt að fiskprótín eru einstaklega heilsusamleg og þá sérstaklega þegar búið er að vatnsrjúfa þau,“ segir Hólmfríður.

## AMÍNÓ® LIÐIR

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafmínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti úr brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin.

Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, vítamín D, vítamín C og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín eins og eru í IceProtein® auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, vítamín D, vítamín C og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

> Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum.
>
> Hólmfríður Sveinsdóttir



Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna. MYND/ANTON



Ida er betri af liðagigt eftir að hún fór að nota Amínó® Liði.



Steinþóra Sigurðardóttir öðlaðist meiri liðleika í bakinu og þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri eftir að hún fór að taka Amínó® Liði.

## AMÍNÓ® LÉTT

Amínó® Létt er seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun. Alþjóðlegar rannsóknir benda til að prótín virki meira mettandi en fita og kolvetni og að neysla á prótíni fyrir máltíð hafi mildandi áhrif á blóðsykur. Einnig hafa rannsóknir sýnt að vatnsrofin fiskprótín hafa áhrif á boðefnin CCK og GLP-1 sem eru lykilboðefni fyrir mettun. Margt bendir til að ekki sé nóg af GLP-1 hjá fólki sem þjáist af ofþyngd. Auk IceProteins® inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem eru náttúrulegar trefjar unnar úr hnýði rótar konjac-plöntunnar. Glúkómannan er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi [1].

Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Króm-pikkólínat hefur mikið verið notað við þyngdarstjórnun þar sem það er talið minnka sykurlöngun.

Amínó® 100% inniheldur einungis IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum eru þorskprótín talin einstaklega heilsusamleg vegna náttúrulegrar blöndu af mikilvægum amínósýrum á borð við glútamín, leusín, lysín og arginín. Amínó® 100% er góð leið til að auka úthald og jafna orkustig á milli mála.

## GÓÐA REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og láta vel af. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálfhaltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og þarf ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri,“ segir Steinþóra.

Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni gengið upp og ofan að finna réttu lyfjablönduna. „Stundum hefur það gengið vel í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Eftir að ég fór að taka Amínó® Liði hef ég getað minnkað lyfjatöku, auðvitað með samþykki míns læknis. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði,“ segir Ida.

[1] Walsh et al., 1984. International Journal of Obesity, Vol 8(4). P. 289-293.










Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare

# BIKAR OG BLING ERU VATN Á MYLLUNA



Úlfur Úlfur í allri sinni dýrð, f.v. Arnar Freyr Frostason og Helgi Sæmundur Guðmundsson.

MYND/ERNIR

**Rappsveitin Úlfur Úlfur** vann verðlaun fyrir bestu plötu ársins 2015 á Hlustendaverðlaununum sem fóru fram um síðustu helgi. Fram undan er annasamt og skemmtilegt ár með tónleikahaldi víða um land og upptökum á nýju efni. Þeir segjast enn sömu gaurarnir og þeir voru fyrir fimm árum þegar frumburður þeirra kom út.

Tvíeykið Úlfur Úlfur sló heldur betur í gegn síðasta sumar með útgáfu annarrar plötu sinnar, Tveimur plánetum. Platan var valin besta plata ársins á Hlustendaverðlaununum um síðustu helgi og sló þar við listamönnum á borð við Of Monsters and Men, Diktu, Bubba Morthens og Spaðadrottningunum.

Það eru Arnar Freyr Frostason og Helgi Sæmundur Guðmundsson sem skipa sveitina en tæp fimm ár eru liðin síðan frumburður sveitarinnar, Föstudagurinn langi, kom út. Arnar Freyr segir þá félaga þó lítið hafa breyst á þeim tíma. „Við erum enn þá sömu gaurarnir. Þótt fimm ár líði eins og augnablik förum við úr því að vera ringlaðir unglingar í ringlaða „grown ass men". Fyrst og fremst tókst okkur að afmarka betur hvað við vildum nákvæmlega gera, hvað við vildum segja og hvernig. Við færðum okkur nær hefðbundnu poppi en vildum nálgast það úr nýrri átt."

> Áður fyrr var þetta tónlist unga fólksins, en núna er komin kynslóð af fullorðnu fólki sem ólst upp við að hlusta á þetta, sem rappar með.
> Arnar Freyr Frostason

Hann segir sömu lögmál hafa gilt varðandi textagerðina. „Þeir fjalla um kunnuglegt efni; ást, djamm, pólitík, trúarbrögð og þú veist, hversdagslegt íslenskt líf. En við forðuðumst að endurtaka klisjur sem hafa verið notaðar af milljón manns í milljón ár. Við fundum röddina okkar, keyptum ógeðslega góðar græjur til þess að láta hana hljóma sem best og krosslögðum fingur."

Þeim þykir afar vænt um verðlaunin frá síðustu helgi. „Það skiptir auðvitað mestu að lifa í sátt við sjálfan sig en svona viðurkenning frá þeim sem eru að hlusta og dæma mann er ekkert slor. Maður er bara þakklátur og stoltur. Ótrúlegur heiður, takk, allir sem kusu. Bullið borgaði sig og mamma getur hætt að hafa áhyggjur. Við vorum að hefjast handa við að semja og taka upp fyrir næstu plötu svo bikar og bling eru bara vatn á mylluna."

## ALLT FÓR VEL

Arnar segir góð viðbrögð gagnrýnenda og almennings við Tveimur plánetum ekki beint hafa komið á óvart, og þó. „Það er í eðli rappara að ranta fullir sjálfstrausts og deyja fyrir málstaðinn en auðvitað veit maður aldrei fyrirfram hvað fólki finnst. Í hreinskilni sagt fannst mér við vera með illaða plötu í höndunum. Ekki af því að ég vissi að viðbrögðin yrðu góð, fremur af því að það er hugarástand sem er nytsamlegt að tileinka sér. Ég hefði ekki slegist við neinn ef platan hefði fengið falldóm en ég hefði örugglega sannfært mig um að allir nema við væru heimskir, að fólk myndi bara fatta þetta seinna. Það var samt oft sem ég átti erfitt með að sofna af áhyggjum yfir viðtökunum því við vorum að kasta einhverju mjög persónulegu inn í sviðsljósið. Fólk er í eðli sínu mannætur en blessunarlega fór þetta vel og ég hef sofið vel síðan þá."

Sveitin gefur sjálf út diskinn og er kynningarstarfið að mestu í höndum þeirra félaga. „Mesta orkan fer í að gera eftirminnileg myndbönd og lög sem meika sens á einhverjum útvarpsstöðvum. Það virkar ágætlega fyrir okkur. Við erum auðvitað á Facebook, Twitter og Snapchat (IAMULFURULFUR) en við erum hryllilega latir í kynningarstarfi dag frá degi. Segjum frá því helsta sem er í gangi hjá okkur á samfélagsmiðlum til að minna á tilvist okkar og mætum í viðtöl þegar eftir því er leitað. Annars erum við frekar viðkunnanlegir. Kaupið plötuna okkar."

Tónlistariðnaðurinn hefur breyst mjög mikið um allan heim undanfarinn áratug og á sú þróun líka við um Ísland þar sem sala á diskum dregst jafnt og þétt saman. „Þessi þróun er óhjákvæmileg og maður aðlagast bara, „survival of the fittest" og allt það. Engin ástæða til þess að fara í fýlu. Það eru fimm ár síðan við gáfum út fyrri plötu okkar og við prentuðum ekki nema 100 eintök. Restin var gefins á vefsíðu okkar. Við föttuðum snemma að þetta snýst ekki lengur um plötusölu; sýnileiki er allt og fólk elskar frítt sjitt. Vægi netsins hefur margfaldast eins og á öðrum sviðum lífs okkar allra og það eru svo margir ókannaðir möguleikar."

En þótt það sé auðveldara að koma sér á framfæri en áður með tilkomu netsins eykst líka samkeppnin þar, svo aðstæður hafa í raun lítið breyst að sögn Arnars. „Sjálfur fagna ég þessari þróun, finnst yndislegt að listamenn geti unnið alla vinnuna í eigin mætti og þetta sé frekar slagur þar sem hreinir hæfileikar og útsjónarsemi skipta máli en ekki batteríið á bakvið mann."

## GOTT ÁR FRAM UNDAN

Íslenska rappsenan hefur vaxið hratt undanfarin 1-2 ár og segir Arnar það vera stórbrotna þróun. „Þótt senan sé ekki stór er hún lygilega fjölbreytt. Stelpum fjölgar með degi hverjum sem er ótrúlega sterkt og menn eru stöðugt að ögra forminu. Áður fyrr var þetta tónlist unga fólksins en núna er komin kynslóð af fullorðnu fólki sem ólst upp við að hlusta á þetta sem rappar með lögum í bílnum sínum á meðan krakkarnir þeirra taka undir. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort fólk sé orðið opnara fyrir rapptónlist eða að tónlistin sé orðin aðgengilegri fyrir almenning. Kannski sitt lítið af hvoru."

Það verður nóg að gera hjá þeim félögum í vetur og næsta sumar. „Við erum byrjaðir að semja efni fyrir næstu plötu eins og fyrr segir þótt ég ætli ekki að blaðra um neitt varðandi útgáfu. Síðan er fullt af góðum giggum í vændum: Sónar, Aldrei fór ég suður, Secret Solstice, Eistnaflug og Þjóðhátíð. Þetta verður gott ár."

Lífið snýst þó ekki bara um tónlist. Arnar var að klára viðskiptafræði frá Háskóla Íslands um áramótin og Helgi er hálfnaður með ferðamálafræðina. „Annars er þetta bara það sem við gerum þótt hausinn sé ekki einungis á kafi í Úlfur Úlfur. Helgi gerir takta og semur lög við allskyns tilefni og ég reyni að skrifa eins og vindurinn um hvað sem er í hvaða formi sem er. Úlfur Úlfur er kjarninn sem tilvera okkar snýst um en á sama tíma veitir hann okkur frelsi til að gera allt sem okkur langar til."





# This Is Your Dream Job

Careers in Medical Technology

noxmedical.com

Nox Medical is a leading medical technology company, developing medical solutions for sleep diagnostics. We are a fast growing company, built on a solid foundation, seeking talented people to join our entrepreneurial team of 40 professionals. The company offers an opportunity to participate in the building of world class medical products.

Our products improve health by making sleep diagnostics more simple, efficient and comfortable in all patient groups, especially children. Our team is passionate about using technology to evolve the field of sleep medicine.

## Software Developer

This position is integral to the continued development of Nox Medical's software solutions.

**Qualifications and Education**

- B.Sc. / M.Sc. degree in a technology related subject such as; engineering, mathematics, computer science or physics.
- High skill level in software development, especially with C# and WinForms.
- Experience with Android app development is a plus.
- Experience with front-end or back-end web development is a plus.

## V&V Engineer

The V&V team is responsible for various product development tasks including:

- Design, automation and execution of testing protocols for software and devices
- Managing clinical validation of medical products
- Creation of design and test documentation
- Development and approval of medical device accessories

**Qualifications and Education**

- Strong technical skills and understanding
- B.Sc. / M.Sc. Degree in Computer Science, Engineering or equivalent
- Interest and/or experience in software testing
- Good English conversational and writing skills
- Strong documentation skills and ethic

The strongest in Iceland 2015

## Project Manager

The project management function is responsible for managing wide variety of projects including:

- Application of project management skills to realize a timely launch of products while addressing all of the associated business objectives
- Drive a culture of urgency and on-time, on-budget project delivery
- Collaborate with project cross functional (XFT) team members to create a project plan, project objectives and deliverables
- Lead and coordinate all of the activities of the XFT team through all phases of the development process

**Qualifications and Education**

- B.Sc. / M.Sc. degree in related field or equivalent experience required
- Experience with project management and project portfolio management
- Excellent oral and written communication skills to support team leadership, project update and interaction with all levels within the organization

## Further Information

**Further information can be acquired by contacting Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) and Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) at Intellecta. Tel: +354 511 1225. www.noxmedical.com/about/careers**

Applications should be submitted at www.intellecta.is.
A resumé must be supplied with the application.

**Application deadline is up to and including February 14th 2016.**

Nox Medical
Katrínartún 2 | noxmedical.com



LANDSNET

## Sumarstörf - Leggðu línurnar fyrir framtíðina

Við leitum að öflugum háskólanemum til starfa. Við bjóðum upp á fjölbreytt sumarstörf og leggjum áherslu á að nemar fái að spreyta sig á raunhæfum verkefnum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Starfstímabil háskólanema er 3 mánuðir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Að umsækjandi stundi nám á háskólastigi
- Nám í verk- eða tæknifræði er kostur
- Sveinspróf eða meistararéttindi í rafiðn er kostur
- Starfið krefst nákvæmni, skipulagshæfni og sjálfstæðra vinnubragða
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Landsnets. Öllum umsóknum verður svarað.

**Um Landsnet**
Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.

Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

## Arkþing leitar að duglegu og hugmyndaríku fólki




Vegna fjölbreyttra og spennandi verkefna framundan, leitum við að **arkitektum, byggingafræðingum og tækniteiknurum**

Kunnátta í Revit Architecture er kostur
Umóknir sendist á arkthing@arkthing.is
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál

www.arkthing.is

## ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA REKSTRARSTJÓRA ...

**... á eitt af verkstæðum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Þú þarft að vera hress og geta umgengist viðskiptavini, stjórnað mannskap og hafa reynslu af bílum. Við kunnum að meta reynslu.**

**Umsóknir sendist á:**
**tomas@solning.is**

SÓLNING
Renndu við

Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Austurvegur 52, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2



## Veitingastjóri óskast

Leitað er eftir áhugasömum og metnaðarfullum fagmanni, sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi með ríka þjónustulund og vilja til að takast á við spennandi starf.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
Viðheldur gæðaþjónustustigi, hefur yfirumsjón með veitingasal og veislusal, þjálfar starfsfólk, skipuleggur vaktir starfsfólks, skipuleggur mannaráðningar, skipuleggur innkaup. **100 % starfshlutfall**

## Starfsmaður í morgunverðarsal

Þjónusta við morgunverðarhlaðborð, dagleg uppsetning og frágangur ásamt tilfallandi verkefnum.

Leitum eftir sjálfstæðum, stundvísum, þjónustulunduðum og áreiðanlegum einstaklingum með góða enskukunnáttu. Reynsla af þjónustustörfum er kostur. Aldurstakmark er 22 ár. **60% - 70% starfshlutfall**

## Kvöld og helgarvinna

Við höfum störf fyrir glaðlegt þjónustufólk í aukavinnu um kvöld og helgar í veitingasal. Reynsla af þjónustustörfum er mikill kostur.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á
hakon@kitchenandwine.is
**fyrir laugardaginn 12 febrúar 2015**

KITCHEN & WINE | 101 hotel

101 Hotel - Hverfisgata 10, - 101 Reykjavik – Iceland
Tel: +354 580-0101 | 101hotel@101hotel.is

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## SUMARSTÖRF 2016

**Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.**

**Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf, afgreiðslu, umsjón tjaldsvæða, ræstingar, vaktstjórn í veitingasölu og almenn verkamannastörf.**

- **Skaftafell:** Landvarsla og upplýsingagjöf, umsjón tjaldsvæðis, ræstingar, afgreiðsla í verslun og veitingasölu, vaktstjórar í veitingasölu.
- **Höfn í Hornafirði:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri**: Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Skaftárstofa á Kirkjubæjarklaustri:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Askja og Ódáðahraun, Kverkfjöll, Hvannalindir, Möðrudalur, Snæfell, Lónsöræfi, Lakagígar, Eldgjá, Hrauneyjar og Nýidalur:** Landverðir

**Ofangreind störf** eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Umsækjendur um landvarðastörf** skulu hafa lokið landvarðanámskeiði, eða búa yfir sértækri reynslu sem nýtist í starfi. **Ítarlegri upplýsingar** um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; **www.vjp.is** og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

**Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með 1 mars nk. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.**

PORT hönnun

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

## Verslunarstjóri í Hríseyjarbúðinni

Hríseyjarbúðin auglýsir eftir áhugasömum og metnaðarfullum aðila í 100 % starf til að sjá um daglegan rekstur búðarinnar, póstafgreiðslu og póstútburð.

Hríseyjarbúðin er stofnuð í júní 2015 er í eigu 55 einkaaðila og fyrirtækja. Í Hrísey er leik- og grunnskóli, íþróttahús og sundlaug, fiskvinnsla og fleiri smá fyrirtæki. Samfélagið er lítið en þar er kyrrð og fegurð. Hríseyjarferjan Sævar gengur alla daga vikunnar, 9 ferðir á dag og tekur siglingin aðeins 15. mínútur.

Nánari upplýsingar um Hrísey má sjá á **www.hrisey.is**

Áhugasamir sendi póst á **hrisey@hrisey.net**
Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína til rekstrar berist á netfangið hrisey@hrisey.net
**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016.**

## Útkeyrsla, sala og áfylling
### Hlutastarf – afleysing í eitt ár

**Heildverslun með snyrtivörur óskar eftir starfsmanni til afleysingar í eitt ár.**

Starfið felst í útkeyrslu, sölu og áfyllingu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Við leitum að þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni í afleysingu í eitt ár.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is fyrir 20. febrúar 2016 merkt Útkeyrsla-0602**

**Heilsuhúsið Smáratorgi**

# UMSJÓNARMAÐUR



## Við leitum að sjálfstæðum og metnaðarfullum leiðtoga í starf umsjónarmanns Heilsuhússins á Smáratorgi.

**Starfssvið og helstu verkefni:**
- Umsjón með daglegum rekstri verslunar.
- Umsjón með starfsmannahaldi, mönnun og vaktaplani.
- Umsjón með pöntunum á vörum, sölu og birgðum.
- Umsjón með skipulagi og útliti verslunar.
- Aðstoða viðskiptavini við val á vörum í verslun.

**Hæfniskröfur:**
- Mikill áhugi og góð þekking á heilsu og heilsuvörum.
- Hæfni til að stýra og vinna með fólki.
- Miklir söluhæfileikar og rík þjónustulund.
- Góð tölvukunnátta.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði.

**Umsóknarfrestur** er til 16. febrúar n.k. **Nánari upplýsingar** veita **Elsa Ágústsdóttir**, forstöðumaður verslana- og markaðssviðs, **elsa@heilsuhusid.is** og **Hallur Guðjónsson**, starfsmannastjóri, **hallur@heilsuhusid.is**. Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Heilsuhússins, **heilsuhusid.is**. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

***Í samræmi við jafnréttisáætlun Heilsuhússins hvetjum við jafnt karla sem konur til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.***

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

ráðum ráðningarstofa

**Við leitum að starfsfólki!**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




# Kanntu að meta umhverfið?

## Sérfræðingur í umhverfismálum

Við leitum að sérfræðingi í umhverfismálum sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Sérfræðingur í umhverfismálum sér um að meta og kynna umhverfisáhrif verkefna og áætlana og mun móta nýjar starfsaðferðir í umhverfismálum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Umsjón með og vinna við mat á umhverfisáhrifum
- Þróun á skilvirkum leiðum til að móta umhverfisviðmið
- Rannsóknir á umhverfismálum
- Stuðningur við og þátttaka í vinnu skipulagsmála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, menntun á sviði jarðfræði, landafræði eða umhverfisverkfræði er kostur
- Reynsla af vinnu við mat á umhverfisáhrifum og gerð umhverfismælikvarða
- Reynsla af vinnu við skipulag sveitarfélaga
- Árangursrík reynsla af verkefnastjórnun smærri verkefna og skýrslugerð
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsfólki og umhverfi

**Um Landsnet**
Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.

Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2016.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.
ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.
The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. It currently employs 70 staff members of 15 nationalities.

## Competition & State Aid Officers

The Authority is recruiting an Officer to join its Competition and State Aid Directorate (CSA). Additional qualified candidates will also be considered for vacancies foreseen in the Directorate over the next 12-18 months.

CSA, a multi-disciplinary team comprising both economists and lawyers, enforces the competition and state aid rules of the EEA Agreement. These rules are similar to the competition rules in the EU, both with regard to antitrust and mergers and state aid control.

We are looking for well qualified lawyers with extensive experience within the field of competition and/or state aid law. The successful candidate will be assigned responsibility for assessing state aid and/or competition cases. Tasks include examination of complaints and notifications, drafting of decisions, and legal opinions on the effects of state aid and/or anti-competitive market behaviour.

For full details of this position and to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int.**

JOB REFERENCE 04/2016

**Deadline for applications:**
**28 February 2016**
**Start date: Summer/Autumn 2016**
initially and other potential positions over the next 12-18 months

MIÐBORG fasteignasala

**Miðborg óskar eftir fasteignasala.**

Óskað er eftir **duglegum** einstaklingi sem er **heiðarlegur**, **hugmyndaríkur** og á gott með mannleg **samskipti**. Gott starfsumhverfi og mikil reynsla. Umsóknir sendist á johann@midborg.is, fyrir **15. febrúar nk.**

ORKUFELL
LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

**Orkufell ehf leitar eftir duglegum og sjálfstæðum rafiðnaðarmönnum til starfa í góðu vinnuumhverfi með skemmtilegu fólki. Viðkomandi getur hafið störf fljótt.**

**Hæfniskröfur:**
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott skipulag og eljusemi
- Gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti
- Menntun í faginu er kostur en ekki skilyrði

Fyrirspurnir ásamt ferilskrá sendist á netfangið orkufell@orkufell.is



ODDI

Oddi er stærsti framleiðandi landsins á sviði umbúða úr pappír og plasti, ásamt því að veita atvinnulífinu fjölbreytta prentþjónustu. Viðskiptavinir Odda eru úr mörgum starfsgreinum einkum á sviði sjávarútvegs, matvælaframleiðslu, iðnaðar, verslunar, þjónustu og útgáfu. Oddi hefur um 240 starfsmenn á fjórum starfsstöðvum í Reykjavík og er velta fyrirtækisins liðlega 5 milljarðar króna. Oddi er jafnréttissinnaður vinnustaður sem leggur mikla áherslu á samspil mannauðs, samfélags og umhverfis.

# Framkvæmdastjóri sölusviðs

Oddi hugar að sókn á markaði og leitar að sterkum leiðtoga í lykilstöðu hjá fyrirtækinu. Leitað er að víðsýnum og söludrifnum einstaklingi í ábyrgðarmikið og krefjandi starf. Undir sölusvið falla markaðsmál og þjónusta við viðskiptavini og þar starfa 25 starfsmenn. Framkvæmdastjóri er öflugur og framsækinn leiðtogi í hópi jafningja við stjórnun fyrirtækisins.

**Ábyrgðarsvið**
- Ábyrgð á sölumálum fyrirtækisins
- Dagleg stýring sölusviðs
- Viðhalda og efla tengsl við viðskiptavini
- Áætlanagerð og markmiðasetning
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra

Við gerum kröfu um viðeigandi menntun og haldbæra reynslu af svipuðum störfum. Sterkir persónueiginleikar eins og kraftur, leiðtogahæfni og frumkvæði eru mikill kostur.

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk.**
Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Alþýðusamband Íslands eru heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað og tólf þúsund í fimm landssamböndum og 50 aðildarfélögum um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.

# Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að starfa sem hagfræðingur sambandsins, sem jafnframt er deildarstjóri hagdeildar. Staða hagfræðings ASÍ er ein af lykilstöðum á skrifstofu Alþýðusambands Íslands.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Hafa umsjón með og stýra rannsóknum og veita ráðgjöf á sviði kjara- og efnahagsmála
- Taka þátt í þróun og mótun nýs samningalíkans
- Veita faglega ráðgjöf við gerð kjarasamninga
- Vinna ýmsar úttektir og tillögugerð vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu-, verðlags-, vinnumarkaðs- og umhverfismálum
- Koma fram fyrir hönd Alþýðusambandsins bæði í fjölmiðlum og fyrir framan smærri og stærri hópa
- Stýra hagdeild ASÍ

**Æskileg menntun og hæfni**
- Háskólapróf og/eða framhaldsnám í hagfræði eða viðskiptafræði
- Víðtæk reynsla á sviði rannsókna og ráðgjafar um efnahags- og atvinnumál
- Innsýn og þekking á kjarasamningum, kjaraviðræðum og eðli þeirra er kostur
- Frumkvæði, faglegur metnaður, nákvæmni í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Færni og næmni í mannlegum samskiptum
- Færni í að miðla þekkingu í töluðu og rituðu máli
- Geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi og reynsla af teymisvinnu

**Upplýsingar veita:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is

**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk.**

Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700







Orkubú Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Félagið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Aðalskrifstofa félagsins er á Ísafirði og starfsstöðvar á Hólmavík og Patreksfirði.

# Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða orkubússtjóra til að stýra öflugum og vaxandi rekstri orkubúsins.

Í boði er stjórnunarstarf hjá traustu félagi þar sem þrífst öflugt fjölskylduvænt samfélag bæði hvað menningu og tómstundir snertir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er skilyrði
- Góð rekstrarþekking
- Sóknarhugur, framsýni og frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Áhugi á mannauðsmálum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**

**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Konur, jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

RARIK

# RARIK - Aðalbókari

RARIK óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf aðalbókara. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Rarik. Um er að ræða fullt starf.

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Fyrirtækið hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfisins og er nú svo komið að meir en helmingur dreifikerfisins er jarðstrengir.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is***

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á daglegum færslum bókhalds
- Umsjón með afstemmingum bókhalds
- Vinna við árshlutauppgjör og ársreikninga
- Vinna við almennt rekstrareftirlit
- Veitir ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðingur af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistarapróf í reikningsskilum
- Þekking og reynsla af Dynamics Ax
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Mjög góð þekking á Excel og Word
- Þekking og reynsla af gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



*Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.*

# Sérfræðingur á **rannsóknastofu**

**Við viljum ráða áhugasaman og ábyrgan sérfræðing á rannsóknastofu Alcoa Fjarðaáls. Þar fara fram fjölbreyttar mælingar sem skipta höfuðmáli í framleiðslustjórnun og gæðakerfi okkar. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 8 til 16 á virkum dögum, að viðbættum bakvöktum.**

**Ábyrgðarsvið**
· Daglegur undirbúningur sýna og tækja
· Reglulegt viðhald tækjabúnaðar
· Reglubundnar mælingar
· Skráning og eftirlit með niðurstöðum
· Viðhald og eftirfylgni ferla

**Hæfniskröfur**
· Háskólamenntun í efnafræði eða sambærileg
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
· Góð íslensku- og enskukunnátta
· Góð tölvukunnátta
· Gild ökuréttindi
· Reynsla af stjórnun er kostur

**Almennar hæfniskröfur**
Starfsmenn þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Unnið er í teymum, sem krefst lipurðar í samskiptum.

Umsóknum skal skilað á **www.alcoa.is** til og með **22. febrúar**. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

Upplýsingar veitir Bjarki Sigurbjartsson, leiðtogi á rannsóknastofu, **bjarki.sigurbjartsson@alcoa.com** eða í síma **470 7700**.

**FJARÐAÁL**
alcoa.is

ALCOA

Embætti landlæknis
Directorate of Health

# Skjalastjóri Embættis landlæknis

*Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.*

*Samkvæmt lögunum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu.*

*Nánari upplýsingar um embættið má finna á vef þess **www.landlaeknir.is***

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða skjalastjóra í fullt starf. Skjalastjóri leiðir þróun og umsjón með skjalavörslu embættisins. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði, metnað til að ná árangri og er lipur í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri rekstrar og þjónustu, en starfsmaðurinn mun stýra hópi starfsmanna sem vinna við skjalavörslu og skráningu.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og rafræns skjalastjórnunarkerfis
- Stýrir starfi vinnuhóps sem hefur umsjón með skjalavörslu
- Umsjón með móttöku, skráningu, varðveislu og miðlun skjala
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða
- Þekking og reynsla af skjalavörslukerfinu ONE
- Almenn og góð tölvukunnátta skilyrði
- Reynsla af innleiðingu skjalastjórnunarkerfis kostur
- Góð leiðtogahæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku skilyrði. Norðurlandamál er kostur

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225.*
*Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



HAFNARFJÖRÐUR

# Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu

*Fræðslu- og frístundaþjónusta annast rekstur sjö grunnskóla, fjórtán leikskóla, níu félagsmiðstöðva, tíu frístundaheimila, Vinnuskóla Hafnarfjarðar, Námsflokka Hafnarfjarðar – miðstöðvar símenntunar og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, íþróttamannvirkja bæjarins og hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum.*

*Auk þess hefur sviðið umsjón og eftirlit með rekstri tveggja sjálfstætt starfandi leikskóla og eins grunnskóla. Fræðslu- og frístundaþjónusta hefur einnig það hlutverk að skapa börnum og ungmennum skilyrði til virkrar þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi.*

*Hafnarfjörður er framsækið sveitarfélag sem byggir á fjölskylduvænu umhverfi, fyrirmyndarþjónustu og öflugu atvinnulífi.*

*Nánari upplýsingar um bæjarfélagið á **www.hafnarfjordur.is***

Markmið sviðsins er að vera faglegt og framsækið forystuafl í mennta-, æskulýðs- og íþróttamálum og veita börnum og fjölskyldum í bænum heildstæða þjónustu og stuðla að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð íbúa að leiðarljósi.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu heyrir beint undir bæjarstjóra og skipar ásamt honum og öðrum sviðsstjórum yfirstjórn bæjarins.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnsýslu sviðsins
- Yfirumsjón með eftirliti og mati á skóla- og frístundastarfi og eftirfylgni þess
- Stýrir fjárhagsáætlanagerð í fræðslu- og frístundamálum og framkvæmd hennar
- Stefnumótun og forysta við þróun og innleiðingu nýrra áherslna og úrræða í fræðslu- og frístundamálum ásamt mati á árangri og eftirliti
- Undirbúningur mála fyrir fræðsluráð ásamt ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins
- Samstarf við opinbera aðila í skóla- og frístundamálum, innan- og utanlands

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Háskólamenntun á framhaldsstigi er æskileg
- Framúrskarandi samstarfs-, samskipta- og leiðtogahæfni
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla ásamt reynslu af breytingastjórnun
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Víðtæk þekking og reynsla af málefnum leikskóla, grunnskóla og/eða frístundastarfi er æskileg
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og kunnátta í norrænu máli er kostur

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225.*
*Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



**RÁÐGJÖF**

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ráður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI UPPSVEITA BS.

Bláskógabyggð/Grímsnes - og Grafningshreppur/ Hrunamannahreppur
Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur/Ásahreppur

**Byggðasamlag Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:**

### Ritari með aðstöðu á Laugarvatni

**Starfssvið:**
- Almenn skrifstofuvinna.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Sjá um upplýsingar á heimasíðu embættisins.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofuvinnu með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Hafa góða þjónustulund.

### Starfsmaður á tæknisviði með aðstöðu á Borg

**Starfssvið:**
- Verkefnastjórnun og verkeftirlit fjölbreyttra verkefna.
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Vinna við fráveitumál.
- Vinna við GPS landmælingar og landupplýsingar.
- Vinna við kaldavatns- og hitaveitur.
- Vinna með byggingarfulltrúa að ákveðnum verkefnum s.s. eftirlit, afleysingar, mælingar o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tæknifræðingur eða verkfræðingur.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins auk þess að vinna að tækni- og framkvæmdamálum. Byggðasamlagið er með starfsstöðvar á Laugarvatni í Bláskógabyggð og á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi og þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

**Umsóknir skulu berast embættinu að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, fyrir 19. febrúar n.k.**

Nánari upplýsingar um starf ritara veitir Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi (petur@sudurland.is) í síma 486 1145 og upplýsingar um starf á tæknisviði veitir Börkur Brynjarsson (borkur@sudurland.is) í síma 480-5500 milli kl. 9 og 12 alla virka daga.

**Tanntækni eða vana aðstoð vantar frá miðjum apríl, á stofu sérfræðitannlæknis á höfuðborgarsvæðinu.**

Í boði er 80 – 100% starf eftir samkomulagi og má búast við einhverri yfirvinnu tvo til fjóra daga í mánuði. Áhugasamir sendi upplýsingar og ferilskrá á **box@frett.is** merkt **TANN-202 fyrir 12. feb. nk.**




Við leitum að kátum starfsmanni til að dekra við viðskiptavini okkar, svara í síma, sjá um póstinn, halda utan um innkaupin og sjá um daglegan rekstur húsnæðis. Auk ýmissa tilfallandi verkefna, sem hugmyndaríkir starfsfélagar hrista fram úr erminni reglulega.

Hann þarf að breiða út fagnaðarerindið, skilja vestfirsku og austfirsku, koma vel fyrir og kunna að meta kraftmikinn vinnustað.

Góð menntun er kostur, ef hún skyggir ekki á menntun framkvæmdastjórans.

Umsóknir berist á **atvinna@hn.is** eigi síðar en laugardaginn 14. febrúar. Sjá nánar á heimasíðu okkar hn.is

H:N MARKAÐSSAMSKIPTI

# Bifvélavirkjar - mjög góð laun fyrir réttan aðila

Viltu breyta til? Langar þig að fara úr vinnugallanum og taka að þér spennandi þjónustustarf?
Öflugt bílaumboð leitar að glaðlyndum og jákvæðum bifvélavirkja í starf þjónusturáðgjafa á verkstæði.
Góð laun fyrir réttan aðila.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka viðskiptavina
- Bilanagreining og þarfagreining vegna verka
- Sala til viðskiptavina og samskipti við viðskiptavini
- Samræming bókana á verkstæði
- Dagleg eftirfylgni með stöðu verka
- Frágangur reikninga

**Hæfniskröfur:**
- Menntaður bifvélavirki
- Reynsla af bilanagreiningu og viðgerðum
- Mikil þjónustulund og jákvætt viðmót
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Samningafærni
- Góð almenn tölvukunnátta

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hafa Bryndís, bryndis@talent.is og Lind, lind@talent.is hjá Talent í síma 552-1600

Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.


lind@talent.is


bryndis@talent.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

# Á **fljúgandi** ferð

Við leitum að **kraftmiklum einstaklingum** með góða samskiptafærni til að bæta við sístækkandi starfsmannahóp okkar. Við bjóðum upp á **skemmtileg og krefjandi störf** hjá metnaðarfullu fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

## Sérfræðingur í aðgerðagreiningu

*Sérfræðingur aðgerðagreiningar hefur umsjón með öflun og vinnslu gagna til að bæta gæði og þjónustu við viðskiptavini Isavia, ásamt stuðningi við aðrar deildir á Keflavíkurflugvelli í umbótaverkefnum, rekstri og framkvæmdum. Sérfræðingur aðgerðagreiningar vinnur með hermunar- og bestunarkerfi Isavia ásamt tölulegri greiningu, tölfræði, líkindafræði og biðraðafræði til að veita nauðsynlegt framlag við ákvarðanatöku.*

**Hæfniskröfur:**
- Verkfræðipróf, framhaldsmenntun á sviði aðgerðagreiningar er kostur
- Reynsla af aðgerðagreiningu er kostur
- Þekking eða reynsla af straumlínustjórnun (e. *lean*)
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is, og Þóra Pétursdóttir, thora.petursdottir@capacent.is, hjá Capacent.

## Sérfræðingur á Flugvallasviði í Reykjavík

*Sérfræðingur á Flugvallasviði hefur eftirlit með ástandi mannvirkja í samvinnu við sérfræðinga fyrirtækisins, stýrir framkvæmdaverkefnum og hefur umsjón með gerð útboðsgagna. Einnig felur starfið í sér fjárhagslegt utanumhald viðhalds- og nýframkvæmda flugmálahluta Samgönguáætlunar og skýrslugerð um framkvæmdirnar.*

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og reynsla af mannvirkjagerð og rekstri og viðhaldi mannvirkja
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Réttindi byggingastjóra er kostur
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður í starfi

**Nánari upplýsingar um starfið**
veitir Guðný Unnur Jökulsdóttir,
gudny.jokulsdottir@isavia.is

## Flugvallarstarfsmaður á Keflavíkurflugvelli

*Helstu verkefni eru snjóruðningur, hálkuvarnir og björgunar- og slökkviþjónusta, viðhald flugvallarins og umhverfis hans og viðhald bifreiða og tækja.*

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirki, vélvirki eða svipað) sem nýtist í starfi sem og vinnuvélapróf eru einnig kostir
- Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og krafa er gerð um að standast læknisskoðun áður en störf hefjast

Isavia mun sjá umsækjendum fyrir þeirri þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsins. Þeir sem ráðnir verða munu hefja störf í dagvinnu en fara síðar á vaktir eftir atvikum. Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun Ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

**Nánari upplýsingar um starfið**
veitir Guðjón Arngrímsson,
gudjon.arngrimsson@isavia.is

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar.**

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia.is/atvinna**




Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1.100 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

16-0451 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Skólaliði óskast
## við Tækniskólann

Starfssvið skólaliða er dagleg umsjón með húsnæði skólans auk þjónustu við nemendur og starfsfólk. Fjölbreytt starf sem hentar báðum kynjum þar sem margþætt reynsla nýtist vel. Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og rík þjónustulund mikilvæg.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á *gsi@tskoli.is* merkt „Skólaliði" fyrir 14. febrúar 2016.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Viltu nýta **meiraprófið** í sumar?

**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í sumarstörf.**

Við leitum að bílstjórum með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík, Austurlandi og Akureyri. Um fjölbreytt störf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip.

**Leitað er af fólki sem hefur ríka þjónustulund og getur unnið sjálfstætt.**

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík og Austurland) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Umsóknir sendist á odr@odr.is.

Ráðningartíminn er sveigjanlegur, getur verið allt frá byrjun apríl til loka september.

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmiða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum.

Olíudreifing | Hólmaslóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | odr@odr.is | **www.oliudreifing.is**

Olíudreifing







# Fiskeldisfræðingur eða starfsmaður með reynslu af fiskeldi

Eldisstöðin Ísþór í Þorlákshöfn óskar eftir fiskeldisfræðingi eða vönum fiskeldismanni til starfa. Starfsmaðurinn þarf að búa í nágrenni við Þorlákshöfn eða á Árborgarsvæðinu.

**Hæfniskröfur:** Reynsla af fiskeldi, sjálfstæð vinnubrögð, áreiðanleiki.

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn ásamt ferilskrá á Kristínu Helgadóttur starfsmannastjóra á **umsoknir@fjardalax.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016.**

*Eldisstöðin Ísþór / Nesbraut 25, 815 Þorlákshöfn*

ÍSÞÓR

[ferðakompaníið]
THE ICELANDIC TRAVEL COMPANY*

## Ferðaskrifstofan Ferðakompaníið ehf. auglýsir:

Við leitum að manneskju í fullt starf í bókunar- og úrvinnsludeild. Um er að ræða framtíðarstarf sem losnar fljótlega og því þyrfti viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Í starfinu felst móttaka pantana og utanumhald með hópabókunum. Nauðsynlegt er að búa yfir þjónustulipurð, tölvukunnáttu, skipulags- og samvinnuhæfileikum. Krafist er góðrar frönskukunnáttu.

Ferðakompaníið er 15 ára fjölþjóðlegt fyrirtæki.
Þar vinna 25 starfsmenn sem koma víðsvegar að úr heiminum. Helstu samstarfsaðilar okkar erlendis eru í Frakklandi en undanfarin ár hafa viðskipti við Holland og Belgíu stórlega aukist.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknir sendist til: Ferðakompanísins ehf – Fiskislóð 18 -20, 101 Reykjavík og/eða á netfang info@ferdakompaniid.com**

***http://www.destination-islande.com/***
***http://www.iceland-like-a-local.com/***

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hornleikari óskast

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu almenns hljóðfæraleikara í horndeild frá og með ágúst 2016.

Hæfnispróf fer fram 10. maí 2016 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til **2. mars 2016**. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra (una@sinfonia.is).

**Einleiksverk:**
1. R. Strauss hornkonsert nr. 1 (fyrsti kafli)
2. W.A. Mozart hornkonsert (1. kafli án kadensu) nr. 2 KV417, nr. 3 KV447 eða nr. 4 KV495

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (una@sinfonia.is) í síma 898 5017.

www.sinfonia.is » 545 2500




## Við leitum að forstöðumanni nýrrar stafrænnar þróunardeildar

Stafræn tækni er lykillinn að framtíðinni. Við hjá Arion banka ætlum að nýta hana til að bæta sífellt þjónustu og bjóða snjallar og hagkvæmar vörur. Við erum því að setja á fót nýja deild á upplýsinga- og tæknisviði sem mun vinna að stafrænum þróunarverkefnum í nánu samstarfi við aðrar einingar bankans með áherslu á hraða, sveigjanleika og lipurð. Við leitum að forstöðumanni sem mun móta og leiða þessa deild.

## Starfssvið

- Byggir upp nýja deild um stafræna framtíð
- Leiðir þverfagleg teymi sem vinna að þróun á þjónustu og lausnum
- Hefur yfirumsjón með Agile verkefnum sem nýta tækni á nýjan hátt
- Tekur þátt í að móta og útfæra stefnu bankans í stafrænni tækni

## Hæfni og eiginleikar

- Leiðtogahæfni, drifkraftur og hæfni til stefnumótunar
- Samskiptafærni, samvinna og hæfni til að byggja upp tengslanet
- Sköpunarkraftur og lausnamiðuð hugsun
- Þekking og reynsla af Agile hugbúnaðarþróun
- Brennandi áhugi og þekking á stafrænni tækni, nýjustu þróun og neytendahegðun
- Reynsla af stjórnun í upplýsingatækni
- Háskólanám á meistarastigi sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar veitir **Brynja B. Gröndal** mannauðsstjóri,
netfang **brynja.grondal@arionbanki.is** sími 444 6386.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar 2016.** Umsækjendur sæki um á vef bankans **www.arionbanki.is**.
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.** Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og hlutum við nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

JAFNLAUNA-
VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki
– fyrir framtíðina

LANDSPÍTALI



# NÁMSSTÖÐUR LÆKNA

*Landspítali óskar að ráða lækna með lækningaleyfi í námsstöður í eftirfarandi sérgreinum lækninga:*

- **Augnlækningar**
- **Barnalækningar**
- **Bráðalækningar**
- **Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar**
- **Geðlækningar**
- **Lyflækningar**
- **Skurðlækningar**
- **Öldrunarlækningar**

Námsstöðurnar fela í sér tækifæri til að sækja námsráðstefnur, taka þátt í vísindastarfi, umbótaverkefnum, kennslustarfi og alþjóðlegu unglæknastarfi auk aðgangs að fjölda námstækifæra innan spítalans.

Stöðurnar eru veittar til allt að 3 ára frá 29. ágúst 2016 eða eftir samkomulagi og er ráðið í fullt starf og nám. Tekin verða viðtöl við umsækjendur í lok febrúar og gengið frá ráðningum fyrir **1. apríl 2016.**

Sjá nánari upplýsingar um einstakar sérgreinar á vef Landspítala **www.landspitali.is/mannaudur**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

**Lögmenn Laugardal** óska eftir **löglærðum fulltrúa** til starfa. Gott starfsumhverfi og mikil reynsla. Umsækjandi þarf að hafa **lögmannsréttindi** og reynsla af málflutningi er æskileg. Óskað er eftir einstaklingi sem er **jákvæður** og **hugmyndaríkur** og með **framúrskarandi** samskiptahæfni. Umsóknir sendist á johann@llaw.is, fyrir **15. febrúar nk.**

LÖGMENN LAUGARDAL

## SKOÐUNARMENN ÓSKAST

Óskum eftir nákvæmum, skipulögðum, heilsuhraustum og jákvæðum einstaklingum til starfa hjá traustu fyrirtæki.

Áhugi á björgunarmálum til sjós ásamt ensku- og tölvukunnáttu er kostur. 2. stig stýrimannsréttindi er krafa í annað starfið. Nákvæm vinnubrögð og handlægni er skilyrði fyrir starfinu.
Umsóknir skal senda á vhj@viking-life.com eigi síðar en **9.febrúar 2016.**

## ÞAKPLAN ehf

### ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMENN

Óskum eftir að ráða starfsmenn í þakdúka-lagnir. Helst húsasmiði eða mönnum vönum þakdúkalögnum en þó ekki skilyrði.

**Vinsamlegast sendið umsóknir á steinunn@takplan.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

TM Software

# Forstöðumaður heilbrigðislausna



TM Software er framúrskarandi hugbúnaðarfyrirtæki sem starfar á heilbrigðis- og veflausnasviði. Heilbrigðislausnasvið þróar hugbúnað fyrir heilbrigðisþjónustuna og eru lausnir sviðsins notaðar af flestum heilbrigðisstarfsmönnum landsins á hverjum degi.
Hjá TM Software starfa 70 manns og þar af eru 30 á heilbrigðislausnasviði.

TM Software leitar að metnaðarfullum stjórnanda til að leiða heilbrigðislausnasvið fyrirtækisins.
Á sviðinu starfar öflugur hópur hugbúnaðarsérfræðinga sem leggur metnað sinn í að þróa framúrskarandi lausnir á heilbrigðissviði.

**Meðal verkefna forstöðumanns eru:**

- Daglegur rekstur heilbrigðislausnasviðs
- Stjórnun og starfsmannamál
- Viðskiptastjórnun og ráðgjöf til helstu viðskiptavina
- Vera hluti af yfirstjórn fyrirtækisins og taka þátt í stjórnun þess og stefnumótun

**Hæfniskröfur:**

- Stjórnunarreynsla á sviði hugbúnaðarþróunar
- Reynsla af viðskiptastjórnun og ráðgjöf
- Reynsla af vöruþróun og nýsköpun
- Reynsla á sviði heilbrigðismála er kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hákon Sigurhansson, hakon@tmsoftware.is
Sótt er um starfið á vef TM Software, www.tmsoftware.is/lausstorf
Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.
Umsóknarfrestur er til 16. febrúar 2016.

VERA HEILSUVEFUR | MEDICOR LYFJAAFGREIÐSLA | HEKLA HEILBRIGÐISNET | ASKJA TÖLFRÆÐI OG SKÝRSLUR | SAGA SJÚKRASKRÁ

TM Software | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími: 545 3000 | info@tmsoftware.is | www.tmsoftware.is

## Umsjónaraðili veislusalar á Seltjarnarnesi

Óskum eftir jákvæðum og drífandi einstakling eða einstaklingum til að sjá um útleigu, umsjón, viðveru og þrif á veislusal. Salurinn er til leigu fyrir hvers kyns mannamót svo sem fundi, fyrirlestra, afmæli, skírnarveislur, starfsmannaveislur, brúðkaupsveislur, fermingarveislur og fleira.

**Nánari upplýsingar í síma 892-0750 eða í gegnum netfangið salurinn@outlook.com**



## Uppsetning og viðhald á iðnaðarhurðum

Óskum eftir að ráða starfsmann við uppsetningu og viðhald á iðnaðarhurðum. Viðkomandi þarf að hafa gott verksvit, vera handlaginn, hraustur og útsjónarsamur; geta unnið sjálfstætt, talað og lesið íslensku og hafa bílpróf.

Umsóknir er hægt að fylla út á vefsíðu **Héðins hf.** og á vefsíðu **Job.is.** Einnig má senda umsóknir á netfangið **atvinna@hedinn.is.**

**HÉÐINS HURÐIR**

Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100



## Viltu koma út að keyra í sumar?

**Samskip óska eftir bílstjórum til sumarafleysinga. Um er að ræða akstur og dreifingu vöru innan höfuðborgarsvæðisins sem og á landsbyggðinni.**

**Hæfniskröfur bílstjóra:**

- Meirapróf er skilyrði og réttindi til þess að aka með tengivagn er kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi er kostur
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástund og samviskusemi
- Starfsmenn verða að búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Við leggjum metnað okkar í að afhenda viðskiptavinum vörur skjótt og örygglega hvert á land sem er og til þess þurfum við öfluga og snjalla bílstjóra.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst á heimasíðu okkar **www.samskip.is**, umsóknarfrestur er til og með **29. febrúar 2016**.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Karl Kárason flotastjóri, johannes.karl.karason@samskip.com

SAMSKIP

Saman náum við árangri






## Lyfsöluleyfishafi á Húsavík

*Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Í starfinu felst meðal annars að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu, sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur.
Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er krefjandi og áhugavert starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað í vaxandi bæjarfélagi.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Stjórnunarhæfileikar og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki og fagmennska
- Metnaður og skipulögð vinnubrögð

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

## Lyfjafræðingur á Höfn í Hornafirði

*Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til að veita lyfjaútibúi Lyfju í flokki 1 á Höfn í Hornafirði forstöðu.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Í starfinu felst meðal annars að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjaútibúsins, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur.
Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað í rótgrónu og kraftmiklu bæjarfélagi.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Stjórnunarhæfileikar og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki og fagmennska
- Metnaður og skipulögð vinnubrögð

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

## Umsjónarmaður lyfjaútibús á Þórshöfn

*Við leitum að einstaklingi til þess að taka við starfi umsjónarmanns lyfjaútibús Lyfju á Þórshöfn.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Umsjónarmaður lyfjaútibús þarf að sjá til þess að unnið sé eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur sér. Umsjónarmaður hefur yfirumsjón með vörum, vörumóttöku og frágangi í verslun. Starfið felur einnig í sér ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu og ráðgjöf um val og notkun lausasölulyfja auk annarra tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Lyfjatæknimenntun og reynsla úr apóteki er kostur
- Áreiðanleiki og metnaður

Vinnutíminn er mánudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10:00 til kl. 16:00 og á þriðjudögum frá kl. 10:00 til kl. 12:00.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

*Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri í síma 530-3800, hallur@lyfja.is*
*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.*

***Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er til 21. febrúar.***
*Sækja má um störfin á heimasíðu Lyfju, www.lyfja.is*
*Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

LANDSPÍTALI

# LAUS STÖRF Á LANDSPÍTALA

Öldrunarlækningadeild á Landakoti

## AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI OG HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir drífandi einstaklingum með leiðtogahæfni og áhuga á öldrunarhjúkrun á L-4 sem er sérhæfð meðferðar- og endurhæfingardeild og opin sjö daga vikunnar allt árið.*

*Starfsemin miðar að þjónustu fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma. Meðferðin miðar að því að auka hæfni einstaklingsins til að takast á við breyttar aðstæður og viðhalda vitrænni og líkamlegri færni.*

Hjarta- og æðaþræðingastofa

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Starf hjúkrunardeildarstjóra er laust til umsóknar. Á hjarta- og æðaþræðingastofu fer fram fjölbreytt starfsemi sem tekur m.a. til kransæðaþræðinga, kransæðavíkkana, gangráðsísetninga og raflífeðlisfræðilegra aðgerða.*

*Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2016, til 5 ára. Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar.*

Almennar lyflækningar

## SÉRFRÆÐILÆKNIR/ VANUR DEILDARLÆKNIR EÐA HEIMILISLÆKNIR Í ALMENNUM LYFLÆKNINGUM

*Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis/ deildarlæknis með reynslu eða heimilislæknis í almennum lyflækningum. Starfið veitist frá 1. apríl 2016 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.*

*Spennandi verkefni varðandi uppbyggingu almennra lyflækninga m.a. undirbúningur að stofnun greiningardeildar er framundan. Staðan getur verið góð símenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna og getur ráðningin verið til skemmri tíma.*

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild

## VERKEFNASTJÓRI

*Landspítali óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra í rekstrarlausnir heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar. Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustri stofnun með umfangsmikinn upplýsingatæknirekstur, gott starfsumhverfi og virk endurmenntun. Leitað er eftir jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.*

*Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild hefur umsjón með öllum tölvukerfum spítalans, lækningatækjum, tölvum og öðrum tæknibúnaði. Í rekstrarlausnum starfa um 30 starfsmenn sem sinna rekstri tölvukerfa og þjónustu við um 5.000 notendur ásamt innkaupum og innleiðingu á miðlægum tölvubúnaði. Starfsemin er vottuð samkvæmt og öryggisstaðlinum ISO 27001.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á skrifstofu félagsþjónustu. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Krafist er háskólaprófs eða sambærilegrar menntunar á sviði félagsmála.

Skrifstofa félagsþjónustu annast verkefni sem varða húsnæðismál, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks sem og málefni innflytjenda og flóttafólks. Þá heyra málefni félagsþjónustu sveitarfélaga, jafnréttismál, ofbeldismál og öryggi, gæði og eftirlit með félagsþjónustu undir skrifstofuna. Jafnframt tekur skrifstofan þátt í erlendu samstarfi á þessum sviðum.

Mikilvægt er að viðkomandi sérfræðingur hafi víðtæka þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu og samstarfi þvert á ráðuneyti. Enn fremur er æskilegt að hann hafi sérþekkingu á þeim málaflokkum sem heyra undir skrifstofu félagsþjónustu. Þá er einnig gerð krafa um víðtæka þekkingu og reynslu af alþjóðlegum samskiptum, ekki síst norrænu samstarfi innan stjórnsýslunnar. Jafnframt er mikilvægt að viðkomandi hafi leiðtogahæfileika, færni og áhuga á sviði stjórnunar og stefnumótunar og geti starfað undir miklu álagi. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli, auk þess að sýna lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil berist velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða á netfangið postur@vel.is eigi síðar en 22. febrúar 2016. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri skrifstofu félagsþjónustu, (bolli.thor.bollason@vel.is).

*Velferðarráðuneytinu, 6. febrúar 2016.*

## Verkstæðismaður

**Óskum eftir að ráða vélvirkja eða bifvélavirkja til starfa á verkstæði, til að sinna viðgerðum og viðhaldi á verkstæði okkar í Garðabæ.**

Í boði er vinna á vel búnu verkstæði.
Fæði á staðnum og heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.

**Upplýsingar veitir Róbert Andersen á staðnum eða í síma. 8919669**

**robert@loftorka.com**

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**Miðhrauni 10**
**210 Garðabæ.**

LOFT ORKA

---

KOPAR

## *Kopar óskar eftir meistara eða faglærðum þjóni*

Kopar Restaurant við gömlu höfnina í Reykjavík óskar eftir meistara eða faglærðum þjóni til að taka að sér spennandi vaktstjóra starfi (100% vinna)

Umsóknir berast á netfangið
**asta@koparrestaurant.is**
eða í síma **770-0085**

---

# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA SKEMMTILEGT Í SUMAR?

Ölgerðin leitar að öflugu og jákvæðu sumarstarfsfólki

### HÆFNISKRÖFUR

- Aldur 20+
- Hreint sakavottorð
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og góð framkoma
- Góð samskiptahæfni
- Samviskusemi og jákvæðni
- Íslensku- eða enskukunnátta
- Geta unnið undir álagi
- Bílpróf - lyftarapróf kostur
- Reglusemi og snyrtimennska

### VÖRUHÚS

Ölgerðin rekur öflugt vöruhús þar sem unnið er á vöktum.

**Hlutverk og ábyrgð**

- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Móttaka á vörum
- Tilfallandi störf sem tilheyra í stóru vöruhúsi

### DREIFING

Ölgerðin rekur 15 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum. Meirapróf er kostur.

**Hlutverk og ábyrgð**

- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

### FRAMLEIÐSLA

Í framleiðslunni fer fram bruggun á bjór og átöppun á öllum framleiðsluafurðum Ölgerðarinnar.

Við leitum að starfsmanni sem er í iðn- eða tækninámi, hefur reynslu eða áhuga á því sviði. Unnið er á vöktum.

**Hlutverk og ábyrgð**

- Störfin fela í sér vinnu við og tæknilega umsjón með vélbúnaði sem notaður er við framleiðslu á bjór, gosi, vatni og safa.
- Leitast er við að ná hámarks afköstum fyrir hverja framleiðslulotu með hagkvæmni og góða nýtingu að leiðarljósi.

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Áhugasamir geta sótt um á **http://umsokn.olgerdin.is/storf/** eða á **olgerdin.is**

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar nk.**

**www.olgerdin.is**

---



# Sérfræðingur á Alþjóðasviði

Borgun óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing í umsóknardeild Alþjóðasviðs. Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum **vilji, virði og vissa.**

**Helstu verkefni**

- Áreiðanleikagreiningar viðskipta
- Skráning umsókna
- Samskipti og þjónusta við erlenda viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Reynsla af greiðslumiðlun kostur
- Mjög góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **www.borgun.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **17. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erna Lind Rögnvaldsdóttir, deildarstjóri umsóknardeildar, í síma **560 1636.**

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON UnionPay JCB Diners Club International DISCOVER American Express

BORGUN

# Verkstjóri á framkvæmdasviði

**Norðurorka hf. óskar eftir að ráða verkstjóra á framkvæmdasvið. Verkstjóri skipuleggur verkefni vélaverkstæðis og vinnuflokka veitukerfa og hefur umsjón með daglegri stjórnun þeirra.**

Starfið heyrir undir sviðsstjóra framkvæmdasviðs.

Norðurorka hf. rekur vottað gæðakerfi (ISO 9001) en hluti þess er gæðastjórnun í vatnsveitu GÁMES – (greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða).

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Skipulagning og undirbúningur verka.
- Sjórnun og úthlutun verka.
- Þátttaka í áætlanagerð og stefnumótun.
- Öryggismál.
- Samskipti við verktaka.
- Samskipti við viðskiptavini.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Iðnmenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun er kostur og einnig af jarðlögnum.
- Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á teiknikerfum kostur.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsjón með ráðningunni hefur Guðrún Björg Harðardóttir **(gbh@no.is)**
Upplýsingar um starfið veitir Vigfús Ingi Hauksson sviðsstjóri, netfang **ingi@no.is**
Umsóknarfrestur er til og með **15. febrúar n.k.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vefslóðinni:
**https://nordurorka-hf.rada.is/**
Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá, afrit af prófskírteinum og önnur þau gögn sem umsækjandi metur nauðsynleg.

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | no@no.is | www.no.is

# Norræna húsið
## auglýsir eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi í 75% stöðu.

Norræna húsið
The Nordic House

**Ert þú einstaklingurinn sem við leitum að?**
Leitað er að bókasafns- og upplýsingafræðingi í 75% stöðu, með skráningarheimild og reynslu af skráningu í Gegni. Gerð er krafa um góða kunnáttu í sænsku, dönsku eða norsku ásamt góðri kunnáttu í íslensku og ensku.
Við leitum að sjálfstæðum og nákvæmum einstaklingi með góða samskiptahæfni, ásamt því að vera opinn fyrir nýjum hugmyndum og verkefnum.

**Helstu viðfangsefni:**
- Skráning norrænna safngagna í Gegni
- Almenn störf í bókasafninu eftir þörfum
- Vinna við skjalasafn Norræna hússins

**Umsjón með ráðningu**
hefur Margrét I. Ásgeirsdóttir, yfirbókavörður, og veitir hún upplýsingar um starfið í síma 551-7092 eða í gegnum netfangið margret@nordichouse.is
Ekki er tekið á móti umsóknum sem sendar eru á netfangið.

**Umsóknir skulu fylltar út á www.norden.org**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2016.**
Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku, eða norsku.

Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Bandalags háskólamanna og fjármálaráðuneytis.

Upplýsingar um Norræna húsið má finna á www.norraenahusid.is

Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.







## Gastec ehf óskar eftir sölumanni

Vegna vaxandi umsvifa óskar Gastec ehf eftir sölumanni með menntun eða reynslu á sviði málmiðnaðar, t.d. vélvirkja, vélstjóra, vélfræðingi.

Starfið felur í sér almenn sölustörf á búnaði og rekstrarvörum til málmiðnaðar og einnig sölu og þjónustu á FUJITSU varmadælum. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa góða enskukunnáttu.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið **gastec@gastec.is**

*Nánari upplýsingar í síma 5877000, Þráinn eða Hnikarr*

GASTEC
• ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •
BÍLDSHÖFÐA 14 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 7000 • WWW.GASTEC.IS

## Starfsfólk óskast

Vegna aukinna umsvifa óskar Veislan eftir starfsfólki í hin ýmsu störf.

**Okkur vantar góðan matreiðslu mann**
**Aðstoð í eldhús**
**Smurbrauð**
**Bílstjóra**
**Þjóna í aukavinnu**

Einnig eru við að reka kaffihús sem opnar í maí og er opið í til 30 sept. og þurfum við að ráða gott og hresst fólk í það.

**Sendið inn bréf á andrea@veislan.is**

**Veislan veisluþjónusta**
Austurströnd 12/170 Seltjarnarnes
sími 5612031 **www.veislan.is**

VEISLAN
VEITINGAELDHÚS

## BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarf kemur til greina.

Hæfniskröfur:
- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:
- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 19. febrúar 2016

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

HEGGUR innréttingar

Óskum eftir vönum smið á innréttinga verkstæði.
Getum einnig tekið nema á samning.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

# SÖLUMAÐUR MAZDA

mazda

**Öflugur sölumaður óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Mazda bíla.**

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016**

brimborg

# BLIKK BLIKK!



## STJÖRNUBLIKK ÓSKAR EFTIR

- Blikksmiðum og mönnum vönum blikksmíði
- Iðnaðarmönnum
- Blikksmiðanemum
- Verkamönnum
- Logsuðumönnum

Í boði eru fjölbreytt störf bæði í smiðju sem og utan smiðju í skemmtilegu og gefandi starfsumhverfi.

**Næg verkefni eru framundan**

Umsóknir sendist á netfangið olafur@stjornublikk.is

STJÖRNUBLIKK
VATNSKASSAR · ALMENN BLIKKSMÍÐI · KAMBASTÁL · BÁRUJÁRN · LOFTRÆSTIKERFI · SÍUR · ELEMENT · VEGGSTOÐIR · KLÆÐNINGAR

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200
www.stjornublikk.is

ÞÚSUND FJALIR EHF

# PÍPARAR ÓSKAST

**Fyrirtækið Þúsund Fjalir ehf óskar eftir Pípurum til starfa.**

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu á sviði Pípulagna, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar tryggingarfélög, sveitarfélög, verkfræðistofur og fasteignafélög. Verkefnastaða er góð og verkefnin áleitin. Hjá fyrirtækinu starfa auk pípara, smiðir, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður Pípari, áhugasamur um að auka getu sína og færni á sviði endurlagna og viðhalds. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði. Hver og einn iðnaðarmaður hefur yfir að ráða bíl, sem búinn er verkfærum til flestra verka.

Starfsandi, umhverfi, og hlunnindi eru einkar góð. Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera það fyrir utan starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Aðstaða fyrirtækisins er mjög góð og verkefnaferli byggir á rúmlega 16 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Starfsmannafélag er afar virkt.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin, en hafa skal samband við Björgvin 897 7983 eða retturmadur@gmail.com


# NÝTT OG BETRA APP

FBL

**Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.**

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

App Store · Google Play · Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ


HEILSUGÆSLAN



# Svæðisstjóri sameinaðrar heimahjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra sameinaðar heimahjúkrunar á suðursvæðinu (Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði). Svæðisstjóri sameinaðar heimahjúkrunar HH hefur sömu stöðu í skipuriti og aðrir svæðisstjórar og mun jafnframt gegna starfi fagstjóra hjúkrunar. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016.**

Stefnt er að því að í sameiginlegri heimahjúkrun HH á suðursvæðinu verði til ein sameiginleg sýn um markvissa, faglega og skilvirka heimahjúkrun sem miðar að því að koma til móts við þarfir þeirra sem þjónustunnar njóta. Flóknari vandamál og þörf fyrir fjölbreyttari úrræði kalla á nýja nálgun í starfsemi heimahjúkrunar. Í breyttu skipulagi mun svæðisstjóri fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum þeirra sem þjónustunnar þarfnast og uppfylla um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

## *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Ber ábyrgð á rekstri sameinaðrar heimahjúkrunar HH gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi sameinaðrar heimahjúkrunar HH
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi

## *Hæfnikröfur*

- Hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu og/eða heimahjúkrun
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

## *Aðrir eiginleikar:*

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Nánari upplýsingar** veitir Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar – thorunn.olafsdottir@heilsugaeslan.is - 585-1300.

PORT hönnun

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# Ert þú nörd?



## Ef svarið er JÁ, þá erum við að leita að þér!

Við erum nörda fyrirtæki og erum að leita að nokkrum nördum með reynslu sem hafa líka gaman af mannlegum samskiptum bæði við samstarfsmenn og viðskiptavini.

Nördar hjá okkur þurfa að getað unnið sjálfstætt að verkefnum án þess að gleyma sér og hafa hag viðskiptavinarins að leiðarljósi. Við erum nú þegar með mikið af nördum, en þeir þurfa hjálp þar sem mikið er af verkefnum sem bíða. Miklir möguleikar fyrir réttu einstaklingana að þróa sig áfram og glíma við spennandi verkefni.

### SECURITY NÖRD

Hæfileiki á sviði NGFW, WAF, IPS og öðrum netöryggislausnum er kostur. Fær okkur öll til til að finnast við örugg.

```
RFC 1925
```

### NETWORKING NÖRD

Hæfileikar sem innihalda: Routing and Switching, Datacenter network, Neteftirlit og IoT væri flott. Fær þetta allt til að hanga saman.

```
Router ospf 1
    Network 127.0.0.1 0.0.0.0 area 0
```

### SNARSPJALLARI

*Start-Line: INVITE sip:snarspjallari@skype.sensa.is SIP/2.0*
Einstaklingur sem getur bilanagreint og leyst verkefni sem tengjast Skype for Business. Þetta starf er fyrir þig ef þú vilt hjálpa fólki að minnka mannleg samskipti og gera þeim kleift að gera það rafrænt.

### FIKTARI

Þarf að vera þúsundþjalasmiður sem getur leyst hin ótrúlegustu vandræði sem notendur koma sér í og með góða hæfileika til órafrænna samskipta.
*Þú veist, svona augliti til auglitis eins og í gamla daga.*

Starfsreynsla á hverju sviði fyrir sig er nauðsynleg og menntun er alltaf af hinu góða, en ekki skilyrði. Ef að þú hefur áhuga, þá sendu okkur endilega umsókn á **starf@sensa.is** fyrir 29. febrúar 2016.

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

Sensa er í fararbroddi í hýsingar-, rekstrar- og samskiptalausnum þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og verðmæt viðskiptasambönd spila stórt hlutverk. Sensa er Cisco Gold Partner og stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi. Þá er Sensa eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi sem er með Premier samning. Mikil áhersla er lögð á velferð starfsmanna, góðan starfsanda og hvetjandi og skemmtilegt starfsumhverfi, m.a. með því að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun. Sensa leggur áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð og hefur ávallt þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

Ármúli 31 – 108 Reykjavík – Sími 425 1500 – www.sensa.is

sensa

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi í leikskólann Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Fífusali
- Starfsmaður í sérkennslu í leikskólann Læk

**Grunnskólar**
- Forfallakennari í Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður
Mývatn - Patreksfjörður - Reykjavík
Snæfellsnes - Vestmannaeyjar



# *Sumarstörf við landvörslu*

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2016 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Mývatnssveit, Suðurland og Friðland að Fjallabaki, Vesturland og sunnanverða Vestfirði.

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í byrjun maí og síðustu ljúka störfum í október.

Störf landvarða felast m.a. í að hvorki séu brotin ákvæði friðlýsingar svæðis né lög um náttúruvernd, að veita upplýsingar og fræða gesti og sinna smærra viðhaldi.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, starfstímabil, svæðin og hæfniskröfur eru að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi.

Sótt er um störfin með því að fylla út rafrænt eyðublað sem er að finna í auglýsingunni á vef Umhverfisstofnunar. Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.

**FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING**



## Prime Tours

er ört vaxandi og metnaðarfullt ferðaþjónustufyrirtæki með 25 starfsmenn.

Fyrirtækið er ferðaskipuleggjandi og bókunarskrifstofa með margvíslegar skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík. Prime Tours sérhæfir sig í einkaferðum fyrir einstaklinga og litla hópa.

Prime Tours er einnig akstursaðili í ferðaþjónustu fatlaðra á vegum Strætó BS. Fyrirtækið kappkostar við að veita vandaða og persónulega þjónustu þar sem farþeginn er í fyrirrúmi.

# Ert þú í leit að ævintýri?

### BÍLSTJÓRAR

**Í boði er:**

- 100% starf
- Hlutastarf

**Verkefni:**

- Akstur með ferðamenn
- Akstursþjónusta Fatlaðra (enskukunnátta ekki nauðsynleg)

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf (D1)
- Enskukunnátta
- Þjónustulund og sveiganleiki

### DRIVER GUIDE

**Í boði er:**

- 100% Starf
- Hlutastarf

**Verkefni:**

- Leiðsögn í dagsferðum Prime Tours

**Hæfniskröfur:**

- Leiðsögumannapróf
- Meirapróf (D1)
- Enskukunnátta (Fleiri tungumál kostur)
- Þjónustlund og sveiganleiki

**Umsóknir sendist á atvinna@primetours.is**
**Nánari upplýsingar hjá Þóri í síma: 775 1001**

Dugguvogur 2 | 104 Reykjavik | S. 571 9600

PRIME TOURS



# Sumarstörf

## Vantar þig gott sumarstarf?

Við leitum að rösku, jákvæðu og þjónustulunduðu fólki í fjölbreytt sumarstörf sem henta báðum kynjum. Umsækjendur þurfa að vera fæddir 1999 eða fyrr.

**Í boði eru eftirfarandi störf:**

- Afleysingar við matreiðslu
- Afleysingar í bókhaldi
- Afleysingar rafvirkja á þjónustuvakt
- Sérverkefni og afleysingar á Þróunarsviði
- Ýmsar afleysingar, s.s. í garðyrkju, matstofu og ræstingum

Starfstímabilið er frá lokum maí og fram í ágúst

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef OR, **starf.or.is** þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna. Einnig er hægt að spyrjast fyrir um störfin í netfanginu starf@or.is.
Öllum umsóknum verður svarað fyrir 1. apríl 2016.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016**

Jafnlaunaúttekt PwC 2015 JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**

# Starfsmenn óskast til starfa í Reykjavík

## Verkstæðisstjóri

Hringrás hf. leitar að kröftugum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra verkstæði félagsins í Reykjavík. Verkstæðisstjóri sér m.a. um að stýra viðhaldi tækja og starfsmönnum og verktökum sem starfa fyrir félagið.

**Helstu verkefni:**
- Verkstjórn á verkstæði
- Innkaup á varahlutum og rekstrarvörum
- Áætlanagerð v/viðgerða á tækjum og/eða tækjakaup
- Öll almenn verkstæðisvinna
- Umsjón með fyrirbyggjandi viðhaldi

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af viðgerðum á bifreiðum og tækjum
- Próf í bifvélavirkjun er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum er æskileg
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

## Starfsmaður verkstæðis

Hringrás leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi til að starfa á verkstæði félagsins í Reykjavík.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af viðgerðum á bifreiðum og tækjum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Í boði eru góð laun fyrir réttan aðila.

Umsóknum skal skila á starf@hringras.is og skal þeim fylgja stutt lýsing á náms- og starfsferli.
**Umsóknum skal skilað fyrir 20. febrúar 2016.**

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslufyrirtæki landsins með starfsemi á 4 stöðum um landið. Starfsmenn eru rúmlega 50 talsins. Hringrás endurvinnur brotajárn, málma og dekk og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar á ýmiskonar varningi. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun verðmæta.

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- Grunnskólakennari

**Krakkakot**
- Matráður

**Ísafold**
- Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarnemar, sjúkraliðar og starfsmenn í aðhlynningu óskast til sumarstarfa

**Krókamýri**
- Starfsmaður á heimili fatlaðs fólks

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



# Rafvirki óskast - ertu **ON**?

Viltu breyta til? Virkjanarekstur ON óskar eftir jákvæðum og áhugasömum fagmanni til að sinna rekstri, eftirliti og viðhaldi í virkjunum ON í samvinnu við aðra fagmenn virkjananna. Nánari upplýsingar um vinnufyrirkomulag er að finna á ráðningasíðu ON.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Sinnir daglegum rekstri, eftirliti og viðhaldi í afl- og spennustöðvum
- Hefur eftirlit með að öryggiskröfum sé framfylgt á vettvangi
- Gætir rekstraröryggis og hagkvæmni í rekstri virkjana
- Stýrir rofum og tengslum við Landsnet í rofaaðgerðum

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun/rafeindavirkjun
- Framhaldsnám í iðnfræði eða meistararéttindi æskileg
- A.m.k. 3. ára reynsla af almennri rafvirkjun
- Reynsla af smáspennu rafvirkjun æskileg
- Reynsla af háspennu rafvirkjun æskileg

Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um starfið. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningasíðu ON - **starf.on.is**.
Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, mannauðssérfræðingur gegnum netfangið **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Fyrirtækið byggir á mikilli þekkingu á og reynslu af orkuvinnslu. Leiðarljós okkar er að bjóða rafmagn á samkeppnishæfu verði til allra landsmanna.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 14. febrúar 2016

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ORKA NÁTTÚRUNNAR

## Útkeyrsla, sala og áfylling
### Hlutastarf – afleysing í eitt ár

**Heildverslun með snyrtivörur óskar eftir starfsmanni til afleysingar í eitt ár.**

Starfið felst í útkeyrslu, sölu og áfyllingu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Við leitum að þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni í afleysingu í eitt ár.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is fyrir 20. febrúar 2016 merkt Útkeyrsla-0602**

## Verslunarstjóri í Hríseyjarbúðinni

Hríseyjarbúðin auglýsir eftir áhugasömum og metnaðarfullum aðila í 100 % starf til að sjá um daglegan rekstur búðarinnar, póstafgreiðslu og póstútburð.

Hríseyjarbúðin er stofnuð í júní 2015 er í eigu 55 einkaaðila og fyrirtækja. Í Hrísey er leik- og grunnskóli, íþróttahús og sundlaug, fiskvinnsla og fleiri smá fyrirtæki. Samfélagið er lítið en þar er kyrrð og fegurð. Hríseyjarferjan Sævar gengur alla daga vikunnar, 9 ferðir á dag og tekur siglingin aðeins 15. mínútur.

Nánari upplýsingar um Hrísey má sjá á **www.hrisey.is**

Áhugasamir sendi póst á **hrisey@hrisey.net**
Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína til rekstrar berist á netfangið hrisey@hrisey.net
**Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016.**

# Starfsmaður í móttöku

**Íslenska Gámafélagið óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku. Um er að ræða starfsstöð fyrirtækisins í Gufunesi og er vinnutíminn frá kl. 8.00-16.00.**

**Hæfniskröfur:**
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Almenn tölvukunnátta

**Helstu verkefni:**
- Símsvörun
- Móttaka viðskiptavina
- Almenn tölvuvinnsla

Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs. Umsóknir og fyrirspurnir óskast á heimasíðu fyrirtækisins, **http://umsokn.gamur.is**, en umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2016.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
Gufunesi gamur.is 577 5757



Hjá *Íslenska Gámafélaginu* starfa 220 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins „Fish Philosophy". Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.



*Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.*

# Spennandi sumarstörf
# hjá traustu fyrirtæki

**Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð. Um er að ræða framleiðslustörf á þrískiptum átta tíma vöktum í kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og vera með gild ökuréttindi og hreint sakavottorð.**

**Almennar hæfniskröfur**
Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna í teymum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum.

Umsóknarfestur er til og með mánudeginum **22. febrúar**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.** Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir, **valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com** eða í síma **470 7700**. Skriflegum umsóknum skal skilað á **www.alcoa.is**.

FJARÐAÁL
alcoa.is

ALCOA

# Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

## Sérfræðingur í áætlunarteymi með gott vald á upplýsingatækni

**Reykjavíkurborg leitar að metnaðarfullum og öflugum liðsmanni í áætlana- og greiningarteymi.**
Viðkomandi mun gegna leiðandi hlutverki við þróun, innleiðingu og notkun á hugbúnaði og tölum til vinnslu fjárhagsáætlunar og stjórnendaupplýsinga. Hann mun halda utanum og þróa gagnavinnslu, áætlunarlíkön, árangursmælingar og skýrslugjöf um fjármál og rekstur borgarinnar. Þá mun viðkomandi vinna að reglulegum verkefnum deildarinnar við undirbúning, eftirfylgni, vinnslu og framsetningu fjárhagsáætlunar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntun og hæfni:**
- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Rík greiningarhæfni og færni í tölulegri gagnavinnslu
- Þekking á forritun og fyrirspurnartólum er kostur
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Háskólamenntun og/eða haldgóð reynsla sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða krefjandi starf í fjölbreyttu rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Halldóra Káradóttir í síma 411-1111 eða í netfang halldora.karadottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Söluráðgjafi

Við leitum að árangursdrifnum og öflugum söluráðgjafa til að sinna þjónustu við viðskiptavini á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur m.a. í sér þarfagreiningu, kynningu, ráðgjöf og sölu.
Söluráðgjafi sér um að viðhalda öflugum viðskiptatengslum við núverandi viðskiptavini og afla nýrra. Viðkomandi þarf að hafi brennandi áhuga á sölumálum ásamt því að hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika.

SECURITAS

**Menntun og reynsla:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstraust og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áræðni og frumkvæði
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Snyrtimennska og reglusemi
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi

Starfið hentar jafnt báðum kynjum. Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.
Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, **www.securitas.is**
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir starfsmannastjóri, kristin@securitas.is

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

**www.securitas.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · JAFNLAUNAVOTTUN VR · VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2014

ÍSLENSKA SIA.IS SEC 78304 01.2016

## Sókn er alls ekki alltaf besta vörnin

capacent



www.capacent.is

## Umsjónaraðili veislusalar á Seltjarnarnesi

Óskum eftir jákvæðum og drífandi einstakling eða einstaklingum til að sjá um útleigu, umsjón, viðveru og þrif á veislusal. Salurinn er til leigu fyrir hvers kyns mannamót svo sem fundi, fyrirlestra, afmæli, skírnarveislur, starfsmannaveislur, brúðkaupsveislur, fermingarveislur og fleira.

**Nánari upplýsingar í síma 892-0750 eða í gegnum netfangið salurinn@outlook.com**

## Uppsetning og viðhald á iðnaðarhurðum

Óskum eftir að ráða starfsman við uppsetningu og viðhald á iðnaðarhurðum. Viðkomandi þarf að hafa gott verksvit, vera handlaginn, hraustur og útsjónarsamur; geta unnið sjálfstætt, talað og lesið íslensku og hafa bílpróf.

Umsóknir er hægt að fylla út á vefsíðu **Héðins hf.** og á vefsíðu **Job.is.**
Einnig má senda umsóknir á netfangið **atvinna@hedinn.is.**

**HÉÐINS HURÐIR**
Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100

## Viltu koma út að keyra í sumar?

**Samskip óska eftir bílstjórum til sumarafleysinga. Um er að ræða akstur og dreifingu vöru innan höfuðborgarsvæðisins sem og á landsbyggðinni.**

**Hæfniskröfur bílstjóra:**
- Meirapróf er skilyrði og réttindi til þess að aka með tengivagn er kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi er kostur
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástund og samviskusemi
- Starfsmenn verða að búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Við leggjum metnað okkar í að afhenda viðskiptavinum vörur skjótt og örygglega hvert á land sem er og til þess þurfum við öfluga og snjalla bílstjóra.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst á heimasíðu okkar **www.samskip.is**, umsóknarfrestur er til og með **29. febrúar 2016**.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Karl Kárason flotastjóri, johannes.karl.karason@samskip.com

SAMSKIP
Saman náum við árangri

GULDSMEDEN HOTELS
EYJA

## Ertu að leita að skemmtilegu starfi?

**Matreiðslumaður / kona**
Hefur þú brennandi áhuga á matreiðslu með íslensku gæðahráefni. Unnið er í dagvinnu og framreiddur verður morgunmatur, hádegisverður og léttir réttir yfir daginn.

**Mótökustjóri**
Við leitum að aðila með reynslu af sambærilegum störfum.

**Starfólk í Gestamóttöku**
Við leitum að bæði fólki í framtíðarstarf sem og sumarstarf. Bæði dagvaktir og næturvaktir.

**Þjónustufólk í veitingasal**
Leitum að fólki með áhuga á starfi í skemmtilegu umhverfi.

**Herbergisþernur**
Leitum að yfirþernu og almennum starfsmönnum í þrif hótelsins.





**Eyja Guldsmeden hótel** er nýtt 65 herbergja hótel sem opnað verður í Brautarholti 10. Eyja Guldsmeden er rekið í samstarfi við dönsku hótelkeðjuna Guldsmeden hotels. **www.guldsmedenhotels.com**

Í anda Guldsmeden Hotels hefur Eyja hótel sjálfbærni og vistvernd að leiðarljósi. Spornað verður gegn hvers kyns sóun og einblínt á að lágmarka matarsóun, endurnýta og endurvinna eins og kostur er. Mikið verður lagt uppúr persónulegri þjónustu og upplifun gesta.

Mikill metnaður verður lagður í fyrsta flokks veitingar og veitingaþjónustu. Unnið er með innlendum framleiðendum með lífrænar vottanir á sviði veitingareksturs og höfuðáhersla verður lögð á ferskt, lífrænt gæðahráefni beint frá býli og úr nærumhverfinu.

**Frekari upplýsingar og umsóknir:**
**Linda Jóhannsdóttir** **822 2272**
**Linda.j@guldsmedenhotels.com**

**www.hoteleyja.is**



# Viltu vera **ON** í sumar?

Við leitum að öflugu fólki í margvísleg störf hjá okkur í sumar. Starfstímabilið er frá lokum maí og fram í ágúst.
Í boði eru eftirfarandi störf:

- Landgræðsla við virkjanir ON
- Sérverkefni á skrifstofu
- Umsýsla fasteigna
- Vinna við gufuveitu
- Viðhald rafbúnaðar
- Kynningar á jarðhitasýningu ON

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef Orku náttúrunnar, **starf.on.is** þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna. Einnig er hægt að spyrjast fyrir um störfin gegnum netfangið **starf@on.is**.

Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um störfin.

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Fyrirtækið byggir á mikilli þekkingu á og reynslu af orkuvinnslu. Leiðarljós okkar er að bjóða rafmagn á samkeppnishæfu verði til allra landsmanna.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 7. mars 2016

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ORKA NÁTTÚRUNNAR

## Þjónustu- og viðskiptastjóri

Aflvélar ehf. auglýsir eftir þjónustu- og viðskiptastjóra. Fyrirtækið hefur í yfir 25 ár sérhæft sig í sölu og þjónustu á tækjum og vélum, m.a. fyrir viðhald flugvalla og vega. Aflvélar eru með sölu og þjónustu á vetrar- og sumarvörum, s.s. snjótönnum, sand/saltdreifurum, snjóblásurum, flugvallasópum, götusópum, sláttuvélum, holræsabílum og burstum ásamt hreinlætisvélum og tækjum frá fremstu framleiðendum á þessum sviðum í Evrópu.

**Starfslýsing**
- Söluráðgjöf til viðskiptavina
- Tækniþjónusta
- Varahlutapantanir og sala
- Bilanagreining og viðgerðaþjónusta
- Er í senn tæknilegur ráðgjafi, þjónustuaðili og söluráðgjafi

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði véla og tækja t.d. vélvirkjun, vélstjórn eða bifvélavirkjun er æskileg.
- Reynsla á sviði véla og tækja er nauðsynleg.
- Þarf að vera vel talandi og skrifandi á ensku. Önnur tungumál eru kostur en ekki skilyrði.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði (notað er word, excel og Navision).
- Gilt bílpróf skilyrði, meirapróf og lyftarapróf æskilegt.
- Þarf að hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika.
- Þarf að vera samviskusamur, áreiðanlegur og stundvís.

Við leitum að skemmtilegum og áhugasömum einstaklingi með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem hefur áhuga á að vera þátttakandi í ört vaxandi fyrirtæki.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, með ferilskrá og mynd á tölvupóstfang; bokhald@aflvelar.is **fyrir 12. febrúar n.k.**

Athugið að upplýsingar er ekki gefnar á staðnum eða í síma.

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Gæði og aftur gæði... fyrir fyrirtæki og stofnanir

Deloitte.

## Upplýsingatækni

### Viltu taka þátt í byltingunni?

Uppbygging er hafin á öflugri upplýsingatækniþjónustu hjá Deloitte á Íslandi sem byggir m.a. á náinni samvinnu við Deloitte á Norðurlöndum.

Deloitte á Íslandi leitar að öflugum liðsmönnum á sviði upplýsingatækniþjónustu og upplýsingatækniráðgjafar. Deloitte leggur mikla áherslu á að aðstoða fyrirtæki sem vilja endurhanna upplýsingakerfi sín og starfsemi með tilliti til krafna nýrrar kynslóðar og nýrra möguleika með tækni. Þar er um að ræða endurgerð ferla, hagnýtingu skýjalausna og þráðlausrar tækni.

Deloitte sérhæfir sig í þjónustu við kerfi á borð við Salesforce, SAP, Oracle, Microsoft, Dynamic Ax og Navision.

***Við leitum sérstaklega að starfsmönnum með þekkingu og reynslu af Salesforce lausnum og óbilandi metnað til að ná árangri.***

Umsóknum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**, fyrir **21. febrúar 2016.**
Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir mannauðsstjóri, **harpa.thorlaksdottir@deloitte.is**

• • •

Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði upplýsingatækniþjónustu og ráðgjafar. Um 30.000 manns starfa hjá fyrirtækinu í upplýsingatækniþjónustu í meira en 150 löndum.

Deloitte leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð - ***Impact that matters***



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á skrifstofu félagsþjónustu. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf sem reynir á ögun vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Krafist er háskólaprófs eða sambærilegrar menntunar á sviði félagsmála.

Skrifstofa félagsþjónustu annast verkefni sem varða húsnæðismál, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks sem og málefni innflytjenda og flóttafólks. Þá heyra málefni félagsþjónustu sveitarfélaga, jafnréttismál, ofbeldismál og öryggi, gæði og eftirlit með félagsþjónustu undir skrifstofuna. Jafnframt tekur skrifstofan þátt í erlendu samstarfi á þessum sviðum.

Mikilvægt er að viðkomandi sérfræðingur hafi víðtæka þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu og samstarfi þvert á ráðuneyti. Enn fremur er æskilegt að hann hafi sérþekkingu á þeim málaflokkum sem heyra undir skrifstofu félagsþjónustu. Þá er einnig gerð krafa um víðtæka þekkingu og reynslu af alþjóðlegum samskiptum, ekki síst norrænu samstarfi innan stjórnsýslunnar. Jafnframt er mikilvægt að viðkomandi hafi leiðtogahæfileika, færni og áhuga á sviði stjórnunar og stefnumótunar og geti starfað undir miklu álagi. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli, auk þess að sýna lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil berist velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða á netfangið postur@vel.is eigi síðar en 22. febrúar 2016. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri skrifstofu félagsþjónustu, (bolli.thor.bollason@vel.is).

*Velferðarráðuneytinu, 6. febrúar 2016.*

# HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM

## Akureyri

**Húsasmiðjan á Akureyri vill ráða sölu- og afgreiðslumann í lagnadeild.**

Um er að ræða framtíðarstarf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

**Ábyrgðarsvið**
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af pípulögnum eða úr sambærilegu starfi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

## Vöruhús

**Viljum ráða röska starfsmenn í vöruhús okkar í Holtagörðum og Kjalarvogi.**

Um er að ræða framtíðarstörf og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Ábyrgðarsvið**
- Meðhöndlun vara, móttaka og tínsla í pantanir
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Lyftarapróf er kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni og þjónustulund

## Tímabundin störf

**Tímabundin störf í vöruhúsi.**

Óskum eftir starfsfólki á þunga-vörulager frá apríl til september, unnið verður á dag- og kvöldvöktum

## Sumarafleysingar

Óskum eftir **meiraprófsbílstjóra** í útkeyrslu á þungavöru og starfsfólki í vöruhús

**Ábyrgðarsvið**
- Móttaka og tiltekt á vörum í pantanir

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf v. aksturs
- Lyftarapróf er kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni og þjónustulund



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 20. feb. í netfangið atvinna@husa.is**
**Vinsamlegast merkið í umsókn hvaða starf sótt er um.**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Starfsmenn óskast til starfa í Reykjavík

## Verkstæðisstjóri

Hringrás hf. leitar að kröftugum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra verkstæði félagsins í Reykjavík. Verkstæðisstjóri sér m.a. um að stýra viðhaldi tækja og starfsmönnum og verktökum sem starfa fyrir félagið.

**Helstu verkefni:**
- Verkstjórn á verkstæði
- Innkaup á varahlutum og rekstrarvörum
- Áætlanagerð v/viðgerða á tækjum og/eða tækjakaup
- Öll almenn verkstæðisvinna
- Umsjón með fyrirbyggjandi viðhaldi

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af viðgerðum á bifreiðum og tækjum
- Próf í bifvélavirkjun er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum er æskileg
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

## Starfsmaður verkstæðis

Hringrás leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi til að starfa á verkstæði félagsins í Reykjavík.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af viðgerðum á bifreiðum og tækjum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Í boði eru góð laun fyrir réttan aðila.

Umsóknum skal skila á starf@hringras.is og skal þeim fylgja stutt lýsing á náms- og starfsferli.
**Umsóknum skal skilað fyrir 20. febrúar 2016.**

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslufyrirtæki landsins með starfsemi á 4 stöðum um landið. Starfsmenn eru rúmlega 50 talsins. Hringrás endurvinnur brotajárn, málma og dekk og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar á ýmiskonar varningi. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun verðmæta.

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

expert kæling

## Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Expert Kæling ehf. óskar eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra.
Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni sem fellur vel að góðum hópi starfsfólks okkar. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg og viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið sigurdur@expert.is, en umsóknarfrestur er til **15. febrúar nk.**
Nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 660-2971 eða 517-4000.

**Expert Kæling ehf. Grensásvegi 1, 108 Reykjavík.**

# Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Skólaskrifstofa Seltjarnarness auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Í skólanum eru um 500 nemendur, en hann er rekinn á tveimur starfsstöðvum, í Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur). Í Skólaskjóli/frístund, lengdri viðveru fyrir nemendur í 1.-4. bekk eru um 160 nemendur. Við skólann starfa um 100 manns og hefur skólinn á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru virðing – ábyrgð – vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið. Skólinn er í miklu samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness, félagsmiðstöðina Selið og íþróttafélagið Gróttu.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nemendur, starfsfólk og foreldra í öflugu skólastarfi, sem fyrirmynd um metnað og með áherslu á árangur.

**Helstu verkefni og ábyrðarsvið**
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Seltjarnarnesbæjar
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi og kennslureynsla
- Menntun á sviði stjórnunar
- Reynsla í starfsmannastjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt greinargerð um ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi til starfans.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SÍ.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir http://www.seltjarnarnes.is – Störf í boði
Ráðið verður í stöðuna f.o.m. 1. júní 2016.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2016**
Upplýsingar um starfið veitir Baldur Pálsson, fræðslustjóri, netfang baldur@seltjarnarnes.is eða í síma 5959100.

*Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka góða skóla þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólastarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda og ýta undir hæfileika þeirra. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Lögð er áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skóladag nemenda og öruggt umhverfi.*

SELTJARNARNESBÆR
seltjarnarnes.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hornleikari óskast

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu almenns hljóðfæraleikara í horndeild frá og með ágúst 2016.

Hæfnispróf fer fram 10. maí 2016 í Hörpu.

Umsóknarfrestur er til **2. mars 2016**. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur mannauðsstjóra (una@sinfonia.is).

**Einleiksverk:**
1. R. Strauss hornkonsert nr. 1 (fyrsti kafli)
2. W.A. Mozart hornkonsert (1. kafli án kadensu) nr. 2 KV417, nr. 3 KV447 eða nr. 4 KV495

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (una@sinfonia.is) í síma 898 5017.

www.sinfonia.is » 545 2500



# Viltu elda í 101?

Við leitum að matreiðslunema til starfa í spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi. Unnið er á 2-2-3 vöktum.

- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Snyrtimennska og stundvísi
- Miklir framtíðarmöguleikar

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **eldhus@hotelcentrum.is** fyrir **15. febrúar nk.** merkt: Nemi.

Fjalakötturinn

**Aðalstræti 16 / 101 Reykjavík / Sími: 514 6060**

**Grundarfjarðarbær**

## Rekstur kaffihúss í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði

Grundarfjarðarbær auglýsir eftir áhugasömum og metnaðarfullum aðila til að sjá um rekstur kaffihúss að Grundargötu 35 í Grundarfirði, Sögumiðstöðinni, í samstarfi við þann rekstur sem fyrir er í húsinu s.s. bókasafn, upplýsingamiðstöð og sögusöfn.

Um er að ræða rekstur kaffihúss með einfaldar og léttar veitingar. Samningstími er umsemjanlegur, þó eigi styttri en til eins árs í senn. Megináhersla er lögð á rúman opnunartíma kaffihússins frá 15. maí til 1. október ár hvert en meiri sveigjanleiki er á opnun yfir vetrartímann.

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi berist á netfangið ***sigridurh@grundarfjordur.is***

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Hjálmarsdóttir, menningar- og markaðsfulltrúi, í síma 430 8500/430 8503.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016.**

**Grundarfjarðarbær**

Kælivirkni ehf

## Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Vegna mikilla umsvifa óskar Kælivirkni ehf. eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra eða mann með mikla reynslu í faginu.

Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg. Starfsmaður þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum, reyklaus og með hreint sakavottorð.

**Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið:** villi@kaelivirkni.is

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016.**

**Nánari upplýsingar í síma:** 695-3770 / 517-0900
Kælivirkni ehf.
**Aðsetur:** Rauðagerði 25, bakhús-108 Reykjavík og Hvalvík 2 – 230 Reykjanesbæ

**www.kaelivirkni.is**



# Háskólinn á Bifröst óskar eftir hagfræðingi

Um er að ræða fullt starf sem felur í sér skyldur á sviði kennslu og rannsókna, einkum á sviði alþjóðahagfræði, þróunarhagfræði og stjórnmálahagfræði með sérstakri áherslu á fjármálastofnanir og vinnumarkaðsmál.



**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Doktorspróf í hagfræði
- Kennslureynsla á háskólastigi – einkum er horft til framsækni í kennsluháttum
- Umsækjandi þarf að hafa reynslu og getu til þess að kenna á ensku
- Rannsóknavirkni í hagfræði á þeim sviðum sem talin eru upp hér að ofan
- Umsækjandi þarf að hafa birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi og þarf að hafa átt aðild að rannsóknarverkefnum á sviði hagfræði
- Góð mannleg samskipti og samstarfsvilji



Við mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið verður farið eftir ákvæðum reglugerðar Háskólans á Bifröst um ráðningar akademískra starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2016.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið rektor@bifrost.is. Með umsókn skal fylgja ferilskrá, vottorð um prófgráður, skrá yfir ritrýndar birtingar ásamt umsóknarbréfi.

Upplýsingar veita Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, sviðsstjóri félagsvísindasviðs, sigrunlilja@bifrost.is og Sigurður Ragnarsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs, siggi@bifrost.is

Gildi Háskólans á Bifröst eru: Samvinna - Frumkvæði - Ábyrgð

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




# Deildarstjóri tölvurekstrardeildar

Starf deildarstjóra tölvurekstrardeildar hjá Þjóðskrá Íslands er laust til umsóknar. Starfið er í Reykjavík.

**Helstu verkefni**

- Ábyrgð á daglegum rekstri tölvukerfa
- Ábyrgð á tölvurekstrarþjónustu
- Ábyrgð á að tölvurekstur sé í samræmi við ISO27001
- Stefnumótun og framþróun tölvuumhverfis Þí
- Verkefnastjórnun
- Innkaup
- Áætlanagerð
- Samskipti við birgja og sérfræðinga
- Þátttaka í tilfallandi verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla í upplýsingatækni
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Reynsla af stjórnun og leiðtogahæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking á ISO27001 er kostur
- Áhugi á tölvutæknimálum
- Góð færni til að greina og finna lausnir
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Metnaður, skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn og umsjón með verkefnum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurjón Friðjónsson sviðsstjóri tölvusviðs hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu sf@skra.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar 2016**.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsoknir@skra.is.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru *virðing*, *sköpunargleði* og *áreiðanleiki*.

mazda

# SÖLUMAÐUR MAZDA

## Öflugur sölumaður óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Mazda bíla.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016**

brimborg

---

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Íþróttakennari** óskast vegna forfalla frá 22. febrúar til 30. apríl. Um er að ræða 100% starf við sundkennslu á yngsta og miðstigi.

**Kennari** óskast í kennslu á miðstig út skólaárið í 60 - 70% starfshlutfall. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Leikskólakennari** óskast í 100% starf við leikskóladeild 5 ára barna í útibú skólans, Höfðaberg. Vinnutími 08:45 – 16:45. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15.apríl.
Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa kemur til greina að ráða starfsmann með aðra uppeldismenntun.

**Stuðningsfulltrúi óskast í sérdeild og frístundasel sérdeildar**
Meginverkefni er aðstoð við nemendur sérdeildar í leik og starfi. Vinnutími frá kl. 08:00 – 16:00. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is. Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200 eða 896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is
**Umsóknarfrestur er til 8. febrúar 2016.**

***Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um***

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

www.skra.is
www.island.is

# Sérfræðingur mats- og hagsviðs

Starf sérfræðings á mats- og hagsviði Þjóðskrár Íslands er laust til umsóknar. Starfið er í Reykjavík.

**Helstu verkefni**
- Aðferðafræði kostnaðarmats
- Sérvinnslur og upplýsingagjöf úr fasteignaskrám
- Þátttaka í árlegu endurmati fasteigna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í verkfræði eða skyldum greinum, meistarapróf æskilegt
- Góð tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Byggingartækniþekking er æskileg
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og SQL er æskileg
- Góð færni til að greina og finna lausnir
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Metnaður, skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn og umsjón með verkefnum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingi Þór Finnsson sviðsstjóri mats- og hagsviðs hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu if@skra.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **14. febrúar 2016**.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsoknir@skra.is.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru *virðing, sköpunargleði* og *áreiðanleiki*.

---

# ÓSKUM EFTIR
## ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM

### LAGERSTJÓRI

**PMT leitar að stundvísum, sjálfstæðum og hörkuduglegum lagerstjóra.** Starfið felst m.a. í að skipuleggja lager, taka til og taka á móti vörum, útkeyrslu, finna til hráefni fyrir framleiðslu og annað tilfallandi.

### PRENTSMIÐUR

**Pmt leitar að prentsmið með brennandi áhuga á prentun.** Starfið er mjög fjölbreytt og felst m.a. í gerð myndamóta fyrir prentun, stafræna prentun límmiða, frágangur límmiða auk ýmissa verkefna sem til falla í prentsal og söludeild.

**Umsóknarfrestur er til 14. febrúar**

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið **vinna@pmt.is** með starfsferilsskrá fyrir 14. febrúar. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI — *gæði, þjónusta þekking*

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SÖLUMAÐUR AUGLÝSINGA

**Auglýsingadeild Fréttablaðsins óskar eftir röskum sölumanni á stærsta prentmiðil landsins.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á:**
**https://radningar.365.is/storf/Default.aspx**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar.**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

VAKA

**Vegna aukinna umsvifa óskar Vaka hf. eftir starfsfólki í eftirtalin störf:**

## FÖRGUN

Vaka hf. óskar eftir starfsmanni í förgun.

**Hæfniskröfur:**

- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi
- Lyftarapróf
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Öguð vinnubrögð
- Þekking á helstu bílategundum og varahlutum kostur.

Vinnutími frá 8-16:30,
góð laun í boði fyrir rétta starfskraftinn.

Áhugasamir sendi starfsumsókn á starf@vakahf.is, fyrir **10.febrúar 2016** merkt: **Förgun**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

## LYFTARI

Vaka hf. óskar eftir starfsmanni á lyftara.

Ert þú góður lyftaramaður og átt gott með að vakna til vinnu? Þá erum við að leita af þér. Vantar vanan lyftaramann til starfa.
Vinnutími frá 8-16:30,
góð laun í boði fyrir rétta starfskraftinn.

Áhugasamir sendi starfsumsókn á starf@vakahf.is, fyrir **10. febrúar 2016** merkt: **Lyftari**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

# ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA VIÐSKIPTASTJÓRI?

Félag kvenna í vísindum er nauðsynlegt. Á meðan það er kynjahalli þá þurfa konur bakland, til þess að stilla saman strengi, mynda netverk og kynnast, dreifa upplýsingum og þekkingu.“

Þorgerður segir eins og Auður vísindasamfélagið gjarnt á að trúa að það sé ólíkt öðrum samfélögum þegar kemur að kynjahallanum. „Lengi vel var horft til ytri þátta, svo sem fjölskylduábyrgðar, barnauppeldis, barneigna og skorts á dagvistun. Þessar skýringar eiga vissulega enn við en duga ekki einar og sér og þá hefur sjónum verið beint inn á við, en þegar það kemur að vísindasamfélaginu skortir skilninginn og það er andstaða að viðurkenna að eitthvað sé að. Það er ljóst að konur í vísindum eiga mikið inni.“



Auður Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir standa að stofnun Félags kvenna í vísindum og vilja veg þeirra meiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> MAÐUR UPPLIFIR OFT AÐ ÞAÐ SÉ EINS OG MAÐUR HAFI EKKI SAGT NEITT. EINS OG MAÐUR HAFI EKKI TEKIÐ TIL MÁLS OG ÞAÐ HAFI RÍKT ÞÖGN.
>
> Auður Magnúsdóttir, deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu


Markhönnun ehf
netto
Saltkjöt og baunir, túkall
KJÖTSEL
-35%
KJÖTSEL - ÓDÝRT SALTKJÖT
493
ÁÐUR 759 KR/KG
KJÖTSEL
-27%
KJÖTSEL - VALIÐ SALTKJÖT
1.678
ÁÐUR 2.298 KR/KG
KJÖTSEL
-50%
SALTKJÖT SÍÐUBITAR
199
ÁÐUR 398 KR/KG
-50%
GULRÓFUR
139
ÁÐUR 278 KR/KG
-41%
KJÚKLINGALUNDIR FROSNAR
700 G
997
ÁÐUR 1.689 KR/PK
Fylltu frystinn
-40%
HAMBORGARHRYGGUR - FROSINN
899
ÁÐUR 1.498 KR/KG
nice'n easy
Speciale
Ham & pepperoni
Hawaii
Prosciutto
Ham & Mozzarella cheese
STONE BAKED PIZZA
-41%
NICE'N EASY PIZZUR - 3 TEG
259
ÁÐUR 439 KR/STK
Coca-Cola light
-26%
COCA COLA LIGHT - 2L
199
ÁÐUR 269 KR/STK
Tilboðin gilda 4. – 7. feb 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Fósturvísir á 9. viku. Fósturvísar Francis Crick-stofnunarinnar munu aldrei ná þessu stigi og verða til rannsóknar í aðeins sjö daga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á hálum ís erfðabreytinga

Ný tækni færir manneskjunni lyklavöld að erfðamenginu og boðar útrýmingu sjúkdóma. En fórnarkostnaðurinn kann að vera mikill og vísindamenn, siðfræðingar og fleiri kallar eftir tímabæru samtali um erfðabreytingar.


Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is




Ímyndið ykkur ungt par. Bæði bera stökkbreytingu í erfðaefni sínu sem getur valdið slímseigjusjúkdómi. Parið þráir barn. Eftir eggheimtu í glasafrjóvgun er fósturvísi komið fyrir í legi konunnar. Þau vita að sjúkdómurinn erfist með víkjandi geni og halda hrædd, en þó vongóð, í skimun fyrir erfðagöllum í fósturvísinum. Versta martröð þeirra rætist, barnið mun fæðast með sjúkdóminn. Þau ákveða að eiga barnið, meðvituð um að lífslíkur þess eru aðeins 37 ár. Barnið mun búa við skert lífsgæði allt sitt líf, en lífinu mun það sannarlega kynnast.

Gefum okkur það að parinu hafi verið tjáð að með nýrri tækni sé mögulegt að slá genin sem valda slímseigjusjúkdómi úr erfðaefni fósturvísisins. Þeim er boðinn möguleiki á að eignast heilbrigt barn og þar sem tæknin tekur til kímlínufrumna, sem erfast, er parið einnig að tryggja að barnabörnin verði heilbrigð. Hvernig segir maður nei við slíku?

Þetta eru þær spurningar sem vakna með hinni byltingarkenndu CRISPR-erfðatækni. Með tilkomu hennar er raunhæfur möguleiki að útrýma mörgum af hræðilegustu sjúkdómum mannskepnunnar.

### Ævafornt varnartól

CRISPR er náttúrulegt fyrirbæri sem finna má í breiðum hópi baktería. Fyrirbærið uppgötvaðist á níunda áratug síðustu aldar þegar vísindamenn sáu lotur erfðaefnis endurtaka sig í sífellu með sérstökum runum inn á milli. Síðar komust vísindamenn að því að þessar sérstöku kjarnsýrurunur voru þær sömu og finna má í vírusum sem herja á bakteríur. CRISPR er nefnilega hluti af ónæmiskerfi baktería. Annar hluti þessa ævaforna varnarkerfis er Cas en það eru ensím sem rífa niður vírusa af mikilli nákvæmni. CRISPR virkar þannig í (afar) einföldu máli sem bókhald um góðkunningja lögreglu og þegar þeir láta á sér kræla fer sérsveitarmaðurinn Cas á vettvang.

Á allra síðustu árum hafa erfðafræðingar vítt og breitt um heiminn tekið miklum framförum í að nota CRISPR/Cas-kerfið við að gera breytingar á erfðaefni. Kerfið virkar á erfðaefni allra lífvera. Vísindamenn hafa skyndilega í fanginu tól með svo víðtæka skírskotun og mikla möguleika að sjálf framtíð læknisfræðinnar og mannlegs samfélags er undir. Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við læknadeild Háskóla Íslands, hefur um nokkurt skeið rannsakað stofnfrumur úr fósturvísum. Hún bendir á að vísindamenn hafi lengi haft ákveðin tól við höndina til að slá út gen, til dæmis í músum. CRISPR/Cas-tæknin sé hins vegar mun nákvæmari og skilvirkari leið til að gera það. „Með CRISPR/Cas-tækninni getum við farið að nota orð eins og genaskurðlækningar,“ segir Guðrún.

### Leyfi til tilrauna

Vísindamenn við Francis Crick-vísindastofnunina í Bretlandi hafa í hyggju að beita CRISPR til að varpa ljósi á það hvað fer úrskeiðis við endurtekin fósturlát. Markmiðið er að þróa betri meðferðir. Beiðni stofnunarinnar vakti mikla athygli enda tekur hún til breytinga á kímlínufrumum fósturvísa. Fyrr í þessari viku gaf breska fósturvísastofnunin grænt ljós á tilraunir vísindamannanna.

„Þetta slær okkur sem höfum verið að fylgjast með þessu þannig að nú sé loks komið að þessu,“ segir Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og nefndarmaður í Vísindasiðanefnd. „Það hlaut að koma að þessu.“

Frá því að erfðavísindamenn fóru fyrst að sýna fram á að hægt væri að nota CRISPR-tæknina með tiltölulega öruggum hætti hafa vísindamenn, siðfræðingar og fleiri kallað eftir heildstæðri umfjöllun um breytingar á erfðaefni. Henry bendir á að þetta sé samtal sem sé nauðsynlegt að eiga, og það sem allra fyrst. „Þetta gæti raunverulega orðið stóra spurningin fyrir okkar kynslóð. [Erfðabreytingar] eru nokkuð nýtt mál og það eru margir sem hafa ekki heyrt af þessu, en eftir fimm ár munu allir hafa heyrt af þessu,“ segir Henry.

### Ekki einkamál vísindamanna

Þau siðferðilegu álitamál sem vakna með tilkomu CRISPR eru margþætt og flókin. Henry bendir á þrjár spurningar sem nú skjóta upp kollinum. Í fyrsta lagi er það spurningin um takmörk. Hvar stoppum við? Því þrýstingurinn er mikill og erfitt er að standa í vegi fyrir grunnrannsóknum. Munum við prófa að láta erfðabreytt fóstur þroskast, fá einstakling í heiminn og lóga honum síðan þegar eitthvað fer úrskeiðis? Í öðru lagi má efast um læknisfræðilegt gildi tilrauna sem þessara. Er þetta eitthvað sem er þess virði að elta í ljósi þess að flestir sjúkdómar eru samspil erfða og umhverfis? Þriðja spurningin snýr að afleiðingum erfðabreytinga í víðum skilningi. „Hvert stefnum við sem samfélag ef við leyfum þetta?“ spyr Henry.

Tilkoma genaskurðlækninga líkt og tækni á borð við CRISPR boðar kemur ekki til með að einskorðast við ólæknanlega sjúkdóma. Hvað ef parið góða hefði haft möguleika á að koma fyrir geni sem stjórnar tóneyra, vöðvamassa, hárlit o.fl.? Guðrún, líkt og svo margir í hennar fagi, tekur undir það að samtal um framtíð erfðabreytinga þurfi að eiga sér stað.

„Þetta er ekki einkamál okkar vísindamannanna. Það er mjög mikilvægt að við ræðum þetta, samfélagið og sérfræðingarnir,“ segir Guðrún. Hún bendir á að ákvörðun breskra yfirvalda sé í það minnsta vísir að regluverki um þessi mál. „Það má segja að Pandóruboxið hafi verið opnað með þessu leyfi, en með því að hafa ákveðinn ramma utan um þetta, sem tekur til sértækra rannsókna, þá getur það hjálpað okkur að öðlast dýpri skilning á þroska okkar mannanna. Í Bretlandi er þó verið að búa til reglur.“

### Fórnarkostnaður

Ófyrirséður galli í aðferðum vísindamanna getur jafnframt haft skelfileg áhrif. Áhrif sem mögulega koma ekki í ljós fyrr en mörgum kynslóðum seinna. Parið góða tekur ákvörðun fyrir hönd afkomenda sinna. Jafnframt gæti það farið svo að aðeins örfáir útvaldir, hinir áhrifa- og efnamiklu, hafi aðgang að tækninni. Misskipting framtíðarinnar felst mögulega ekki í auði einvörðungu, heldur í þróun erfðaefnisins. Spurningum sem þessum þarf að svara, það sem er í húfi er heilsufarsbylting þar sem mögulega er hægt er að útrýma HIV, slímseigjusjúkdómi, dreyrasýki, vissum tegundum krabbameins o.fl. „Það sem rekur vísindin áfram er sú hugmynd að hægt sé að lækna hræðilega sjúkdóma, og það er erfitt að standa í vegi fyrir því. Það væri grimmt. Og við erum í vandræðum,“ segir Henry.



**ÞETTA SLÆR OKKUR SEM HÖFUM VERIÐ AÐ FYLGJAST MEÐ ÞESSU ÞANNIG AÐ NÚ SÉ LOKS KOMIÐ AÐ ÞESSU.**

Henry Alexander Henrysson



**MEÐ CRISPR/CAS-TÆKNINNI GETUM VIÐ FARIÐ AÐ NOTA ORÐ EINS OG GENASKURÐLÆKNINGAR.**

Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við læknadeild Háskóla Íslands

Í BOÐI MAREL OG NÝHERJA

# HÖNNUNARKEPPNIN 2016

Á **UT**MESSUNNI SILFURBERGI Í HÖRPU Í DAG KL. 13:00



Æsispennandi viðburður í Hörpu þar sem véla- og iðnaðarverkfræðinemar etja saman róbótum sínum.

Með hugvitið að vopni hafa keppendur hannað og smíðað róbóta sem leysa röð af þrautum á meðan þeir freista þess að komast á leiðarenda.

MEGI BESTA VÉLIN VINNA!

**ALLIR VELKOMNIR OG ÓKEYPIS AÐGANGUR**

NÝHERJI

marel

**Saga til næsta bæjar**



Stefán Pálsson skrifar um misskilning og galdrafár á 17. öld



# Draumur stjörnufræðingsins

Duracotus, fjórtán ára íslenskur piltur, elst upp hjá móður sinni, hinni göldróttu Fiolxhilde, árið 1608. Sjómaðurinn faðir hans hafði látist áratug fyrr, þá 150 ára að aldri eftir sjötíu ára hjónaband. Fiolxhilde framfleytir sér með því að tína grös í töfradrykki í hlíðum Heklu og magnar upp anda sem gefa byr, til að selja sæfarendum í pokum úr geitaskinni. Hún tekur soninn með á markaðinn, en hann ristir gat á einn pokann í óvitaskap og í bræði selur móðirin Duracotus næsta skipstjóra.

Svona hefst sérkennileg bók, „Draumurinn“ (Somnium á latínu), sem út kom árið 1634. Líklega er réttast að lýsa henni sem vísindagrein í skáldlegum búningi. Aðrir hafa kallað hana vísindaskáldsögu – þótt enginn sautjándu aldar maður hefði skilið það hugtak. Höfundurinn var Jóhannes Kepler og hafði hann legið í gröf sinni í fjögur ár þegar verkið komst loks á prent.

Kepler er einn kunnasti stjörnufræðingur sögunnar og átti stóran þátt í að bylta heimsmynd vesturlandabúa. Hann hafnaði því að Jörðin væri miðja alheimsins og setti fram þrjár kenningar um gang reikistjarna, meðal annars þá að pláneturnar færu umhverfis Sólina eftir sporöskjulaga brautum. Kenningin þótti ótrúverðug þar sem hún stangaðist á við viðurkennd eðlisfræðilögmál, en gekk upp eftir að Englendingurinn Isaac Newton setti fram aflfræði sína og kenninguna um þyngdarkraft Jarðar.

**Vandræðalegar vangaveltur**

Vegna þáttar Keplers í að ryðja Jarðmiðjukenningunni úr vegi, hefur hann lengi verið talinn einn af hetjum vísindanna. Sú staðreynd hefur hins vegar gert það að verkum að mörgum þykir óþægilegt að fjalla um þá þætti í skrifum hans sem ekki þykja par vísindalegir í dag. Sömu sögu má raunar segja um marga vísindamenn fyrri alda. Þannig þykir sjálfsagt að rifja upp framlag Newtons til eðlisfræði og stærðfræði, en rétt að sópa undir teppið öllum þeim ókjörum sem hann skrifaði um guðspekiþrugl og gullgerðarlist, sem hann taldi sjálfur þó síst ómerkilegri en reikningspárið.

> ... LÉST ÁRIÐ 1601 EFTIR AÐ HAFA STILLT SIG OF LENGI UM AÐ FARA Á KLÓSETTIÐ ...

Sömu sögu er að segja um Kepler. Þrátt fyrir vísindagáfurnar var hann mikill trúmaður og hefði líklega sjálfur kosið að verða prestur, en var þvingaður til að gerast stjörnufræðingur. Guðspekin og þó kannski enn frekar platónsk talnaspeki var Kepler alla tíð hjartfólgin og átti líklega stóran þátt í að leiða hann að niðurstöðum sínum. Kepler var jafnframt áhugamaður um tónfræði og var sannfærður um að finna mætti samsvörun milli tónstigans í tónlistinni og brauta reikistjarnanna. Skiljanlega er raunvísindafólki ekkert alltof vel við að rifja upp að slík ruglhugmynd kunni að hafa átt þátt í að þjóðverjinn snjalli hrapaði að réttri niðurstöðu.

Kepler fæddist árið 1571 í þýska ríkinu Baden-Würtenberg. Hann hafði lítið af föður sínum að segja, sem stakk snemma af til að gerast málaliði í einni af óteljandi smástyrjöldum þessara ára, en var þeim mun hændari að móður sinni. Kepler fæddist fyrir tímann og var alla tíð pastursllítill og veikburða. Veikindi í æsku fóru illa með sjónina, sem gerir það raunar merkilegt að hann hafi dugað til stjörnufræðirannsókna.

Á háskólaárunum lét Kepler sannfærast af kenningum Kópernikusar um að Jörðin og hinar reikistjörnurnar snerust umhverfis sólina. Prófessorarnir voru ekki á sama máli og var Kepler öðrum þræði að storka þeim þegar hann skrifaði ritgerð um hvernig gangur himintungla myndi líta út séð frá Tunglinu miðað við Sólmiðjukenninguna. Þessi ritgerð, sem vissulega er þurr og tæknileg á köflum, varð löngu síðar þungamiðjan í Draumnum.

**Við fótskör meistarans**

Hvað sem stælunum við kennarana leið, þótti Kepler gríðarlega efnilegur. Fyrsta veigamikla stjörnufræðirit hans eftir útskrift var ritað til varnar og nánari útfærslu á kenningum Kópernikusar. Í kjölfarið komst hann í kynni við Danann Tycho Brahe, sem þá var talinn mestur stjörnufræðinga – hafði fengið Danakonung til að reisa sér fullkomnustu stjörnuskoðunarstöð í heimi á Eyrarsundi en var síðar keyptur til keisarans í Prag.

Tycho Brahe kunni að meta gáfur Keplers, þótt hann deildi ekki aðdáun hans á Kópernikusi. Segja má að Tycho hafi staðið milli tveggja heimskerfa. Hann sá að Jarðmiðjukenningin gengi ekki upp, en var ekki til í að gleypa Sólmiðjukenninguna hráa. Þess í stað reyndi hann að fara bil beggja, með því að láta Sólina og Tunglið snúast umhverfis Jörðu, en alla aðra fylgihnetti umhverfis Sólina.

Við hirð keisarans í Prag átti Tycho Brahe að vinna það verk sem halda myndi nafni hans – og jafnframt keisarans – á lofti um ókomna tíð. Hann hugðist útbúa fullkomnustu töflur með staðsetningarhnitum allra stjarna á himninum sem sést hefðu. Með áralangar rannsóknir sínar í rannsóknarstöðinni í Danmörku að vopni, yrðu töflur þessar ómissandi hjálpartæki allra stjörnufræðinga og að sjálfsögðu yrði verkið sett upp út frá hinni blönduðu Jarð-/Sólmiðjukenningu vísindamannsins.

Kepler var fenginn Tycho til aðstoðar, en meistaranum entist ekki aldur til að ljúka við gerð taflnanna. Hann lést árið 1601 eftir að hafa stillt sig of lengi um að fara á klósettið í veislu við hirðina (ef trúa má flökkusögunum) eða eftir að hafa borðað óþarflega mikið af kvikasilfri í lækningaskyni (sem er líklegra). Það kom því í hlut Keplers að halda áfram vinnunni við stjörnufræðirannsóknirnar, sem að lokum leiddi til útgáfu – en þá hafði Kepler notað sína eigin Sólmiðjukenningu með sporöskjulöguðum brautum reikistjarna sem grunnlíkan.

**Misskilningur og nornafár**

Á þessum árum hafði Kepler dustað rykið af gamla háskólahandritinu og búið það í skáldsögubúning. Hann lagði talsverða vinnu í verkið, þannig velti hann lengi fyrir sér nafninu á móðurinni, sem hann vildi láta hljóma íslenskt án þess að þekkja neinn Íslending til að leita ráða hjá. Fiolxhilde varð þannig lærður tilbúningur, þar sem hinn sjóndapri Kepler rýndi í Íslandskort og sá að mörg örnefni enduðu á „fjörðr“, sem hann mislas sem sem „fiolx“ og Hildur eða Hilde var jú þekkt norrænt kvenmannsnafn.

Margir töldu að frásögnin í Draumnum væri að hluta til sjálfsævisöguleg. Þannig lá leið aðalpersónunnar Duracotusar til Tycho Brahe, þar sem hann nam stjörnufræði á rannsóknarstöðinni í Danmörku áður en haldið var aftur til Fiolxhildar á Íslandi. Sá orðrómur átti eftir að valda Kepler miklu hugarangri fáeinum árum síðar þegar móðir hans grasalæknirinn var ákærð fyrir galdra og lenti í langvinnum réttarhöldum vegna þess.

Lítið þurfti til að fá á sig galdraorð í Þýskalandi sautjándu aldar og líklega var bara hefðbundnum nágrannaerjum um að kenna, en Kepler var sjálfur sannfærður um að sökin væri sín. Einhvern veginn hefði afrit af Draumnum borist til heimaborgar hans og orðið kveikjan að galdraásökununum.

Þegar loksins var búið að sýkna móðurina ákvað Kepler því að búa handritið til prentunar, en að þessu sinni með ítarlegum neðanmálsgreinum (sem eru mun lengri en meginmálið sjálft að lengd) til að útskýra allar vísanir og hugsunina á bak við minnstu smáatriði í textanum til að uppræta misskilning. Það var í þeirri útgáfu sem verkið leit loks dagsins ljós, en þá eftir dauða höfundarins sem fyrr segir.

**Tunglferðin**

Duracotus snýr aftur til móður sinnar, sigldur maður og sprenglærður. Verða þar fagnaðarfundir og Fiolxhilde útskýrir að sjálf hafi hún numið stjörnufræði af djöflum úr iðrum Heklu. Djöflarnir bjóðast til að slengja Duracotusi til Tunglsins, þótt þeir láti þess getið að slíkt sé háskaför og henti eiginlega ekki öðrum en skorpnum kerlingum. Ferðin til Mánans tekur fjórar klukkustundir á ógnarhraða, þar sem leiðin liggur meðal annars í gegnum hinn torkennilega eter í himingeimnum (eða „ljósvakann“ eins og Jónas Hallgrímsson nefndi hann síðar). Til að forðast köfnun á leiðinni þarf Duracotus því að troða súrefnisríkum svömpum í vit sín. Sögunni fylgir að einungis sé hægt að ráðast í ferðalag þetta meðan á tunglmyrkva stendur.

Þegar á áfangastað er komið getur íslenski Tunglfarinn virt fyrir sér himininn og er því sem þar fyrir augu ber lýst af þurri nákvæmni. Það hvernig umhorfs er á Tunglinu vekur furðulítinn áhuga höfundarins. Hann gerir þó ráð fyrir að þar sé að finna plöntu-, dýralíf og siðmenningu. Á þeirri hlið sem snýr að Jörðu er síbjart og blómleg menning, en á skuggahliðinni lifa villiþjóðir á lágu menningarstigi – en áður en kemur að því að lýsa neinu af þessu hrekkur sögumaðurinn upp af draumi sínum. Sagan er búin og enginn veit hvernig Íslendingnum í fyrstu vísindaskáldsögunni reiddi af.



Ljósmynd: Ímynd ehf

**Húseignin Aðalstræti 10**
**- elsta húseign í Reykjavík er til leigu.**

Eignin er laus til leigu frá 1. júní nk. Húsið er skráð 442 m² og er á þremur hæðum. Eldri hluti þess er frá því um 1764 en nýbygging frá 2007. Húsið var allt endurbyggt 2007 og er í góðu ástandi.

**Áhugasamir aðilar eru beðnir um að senda erindi á minjavernd@minjavernd.is eða í síma 551 1148.**

Minjavernd



Frá kr. **87.400** m/morgunmat

**HAUST FERÐIR** væntanlegar

# Skelltu þér í BORGARFERÐ

## BARCELONA



23.-28. mars

Sértilboð

**Hotel Derby** ★★★

**Frá kr. 99.900** sértilboð
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
23. mars í 5 nætur.

## BRATISLAVA



5.-9. maí | 15.-19. sep

**Hotel Mercure Center** ★★★★

**Frá kr. 98.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur.

## BÚDAPEST



21.-25. apr. | 12.-16. maí | 6.-10. & 20.-24. okt

**Hotel Mercure Metropol** ★★★★

**Frá kr. 96.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
12. maí í 4 nætur.

## PRAG



21.-25. apr | 5.-9. maí | 22.-26. sep | 29.-03. okt

**Hotel ILF** ★★★

**Frá kr. 87.400**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur.

## LISSABON



20.-24. apr. | 13.-16. maí | 3.-6. nóv

**VIP Executive** ★★★+

**Frá kr. 106.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
13. maí í 4 nætur.

## LJUBLJANA



13.-16. maí | 29. sep-3. okt | 13.-16. & 14.-17. okt

**Hotel Central** ★★★

**Frá kr. 99.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
13. maí í 3 nætur.

## VÍNARBORG



5.-9. maí | 15.-19. sep

**Best Western Plus** ★★★★

**Frá kr. 113.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur.

## VALENCIA



5.-9. maí | 8.-12. okt

**Exe Rey Don Jaime** ★★★

**Frá kr. 94.900**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur.

## RÓM



28. apr -2. maí | 28. okt-1. nóv

25.000 kr. bók.afsl.

**Hotel Riscioli** ★★★★

**Frá kr. 99.900** m/25.000 kr. bók.afsl. til 29. feb.
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
28. apríl í 4 nætur.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM73477



Móðir mín og amma okkar,

**Þórhalla Þorsteinsdóttir**

kennari og leikkona,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 26. janúar.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þorsteinn Kormákur**
**Nökkvi og Darri**



**Jón Pétursson**

frá Hellum,
hjúkrunarheimilinu Fellsenda,

lést að heimili sínu 13. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fellsenda fyrir umönnun og hlýju.

**Erna, Pétur og fjölskylda.**



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Lára Guðnadóttir**

(Syðstu-Görðum)
Brákarhlíð, Borgarnesi,

lést þann 29. janúar síðastliðinn á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13. Blóm vinsamlega afbeðin en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.

**Bryndís Magnúsdóttir** — **Björn H. Sigurðsson**
**Magnús E. Magnússon** — **Kristín Helga Gísladóttir**
**Kristín Þórðardóttir**
**Guðmundur Þórðarson** — **Borghildur Kristinsdóttir**
**Anna Þórðardóttir** — **Þorsteinn Eyþórsson**
**Sigríður Þórðardóttir** — **Helgi Oddsson**
**Þorkell Þórðarson** — **Guðrún Húbertsdóttir**
**Margrét Þórðardóttir** — **Halldór K. Jóhannesson**
**Herdís Þórðardóttir** — **Jón Oddsson**
**Guðni Þórðarson** — **Þorbjörg Ásbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs sambýlismanns míns og bróður okkar,

**Flosa Ingólfssonar**

Flugustöðum.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks fyrir góða umönnun og hlýju í okkar garð.

Guð blessi ykkur öll.

**Kristín Friðriksdóttir**
**Eysteinn Ingólfsson, Anna Ingólfsdóttir, Árni Ingólfsson og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnhildur Helgadóttir**

fyrrverandi alþingismaður
og ráðherra,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 29. janúar. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 8. febrúar kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Ástusjóð (banki 301-13-302339, kt. 630714-0440) og minningarsjóði Landspítalans.

**Þórunn Þórsdóttir**
**Kristín Þórsdóttir og Þórir Óskarsson**
**Inga Þórsdóttir og Stefán Einarsson**
**Helgi Þórsson og Guðrún Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og börn þeirra.**



„Við erum 30 manns af tæplega 15 þjóðernum að útskrifast úr PLD-náminu," segir Hrafnhildur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Þakklát fyrir líðandi stund

**Tvenn stór tímamót eru nú í lífi Hrafnhildar Hafsteinsdóttur, verkefnastjóra í HR. Hún útskrifaðist með PLD-gráðu frá háskóla í Barselóna í gær og fagnar fertugsafmæli á morgun.**

„Þetta er frábær helgi. Að útskrifast með PLD-gráðu í stjórnun frá einum besta viðskiptaháskóla í heimi á síðasta degi sem ég er 39 ára, fljúga heim og fagna fertugsafmæli með fjölskyldunni og mínum nánustu er besta afmælisgjöfin," segir Hrafnhildur Hafsteinsdóttir glaðlega.

Skólinn sem hún talar um er IESE Business School. Hún hefur verið í fjarnámi í honum undanfarið ár ásamt vinnu við verkefnastjórnun MBA-námsins í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hún hefur starfað í átta ár. Hún hefur líka unnið mikið sem markþjálfi eftir útskrift úr þeim fræðum árið 2014. „Það sem mér finnst svo heillandi við markþjálfun er að vinna með fólki og sjá markmið og drauma rætast," lýsir hún.

Hrafnhildur býr við Meðalfellsvatn í Kjós með manni sínum Bubba Morthens og dætrunum þremur, Ísabellu tíu ára, Dögun sex ára og Aþenu þriggja ára. Nú stendur hún á tímamótum og lítur um öxl. „Ef það er eitthvað sem lífið hefur kennt mér þá er það að allt er breytingum háð. Það eru hamingjustundir og gleði en líka stundum erfiðir tímar. Það sem ég hef reynt að tileinka mér í lífinu er að vera til í núinu, þakklát fyrir líðandi stund og alla þá hversdagslegu litlu hluti sem maður tekur stundum sem sjálfsagðan hlut," segir hún.

Stærsta og besta gjöfin sem Hrafnhildur kveðst hafa fengið er að fá að vera mamma sólargeislanna í lífi sínu, Ísabellu, Dögunar og Aþenu. „Það er ekkert sem gleður mig meira en að fá að fylgjast með dætrunum vaxa og dafna og sjá kraftaverkin gerast í lífi þeirra."

**gun@frettabladid.is**



Þökkum auðsýnda alúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Guðmundar Kristjánssonar**

Hnjúkaseli 10.

Blessuð sé minning hans.

**Helga Zoega**
**Alexander K. Guðmundsson** — **Hildur R. Kristjánsdóttir**
**Kristín Edda Guðmundsdóttir** — **Halldór Halldórsson**
**Guðrún H. Guðmundsdóttir** — **Halldór Torfi Pedersen**
**og barnabörn.**



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Sveins Þórðarsonar**

frá Skógum,
síðast til heimilis að
Kirkjubraut 12, Akranesi.

**Björg Loftsdóttir**
**Sigurður G. Sveinsson** — **Ragnheiður Ingimundardóttir**
**Þórður Sveinsson** — **Sigríður Kristín Óladóttir**
**Loftur Ingi Sveinsson** — **Margrét Á. Jónsdóttir**
**María Björg Sveinsdóttir** — **Rafnkell Kr. Guttormsson**
**og fjölskyldur.**




# DENVER BRONCOS–CAROLINA PANTHERS

# SUPER BOWL

SPORT

*Annað kvöld verður keppt um Ofurskálina í fimmtugasta sinn þegar Carolina Panthers og Denver Broncos mætast á Levi's-leikvangnum í San Francisco. Cam Newton og félagar í Panthers þykja sigurstranglegri en reynsla Peyton Manning á örugglega eftir að reynast Broncos drjúg í leiknum. Íslenskir NFL-sérfræðingar greina leikinn í sjónvarpsveri okkar á meðan honum stendur.*

***Ekki missa af æsispennandi ruðningi og frábærum skemmtiatriðum í hálfleik.***

365.is | Sími 1817

365



✝

Elskuleg móðir mín, amma, langamma og langalangamma,

**Elín Ása Guðmundsdóttir**

Lindargötu 61,

lést aðfaranótt 4. febrúar síðastliðins. Hún verður jarðsungin í kyrrþey.

**Guðmundur Sigurðsson, Susanne Sigurdsson, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ásdísar Erlingsdóttur**

frá Bjargi við Sundlaugaveg.

Guðmundi Rúnarssyni lækni, hjúkrunarfólki Heimahlynningar Landspítalans og Heimaþjónustu Reykjavíkur færum við hjartans þakkir fyrir einstaka umönnun og stuðning.

**Úlfar H. Nathanaelsson**
**Sigríður Ída Úlfarsdóttir**
**Úlfhildur Sigríður Úlfarsdóttir** **Marteinn Jónsson**
**Ólöf Pálína Úlfarsdóttir**
**Petrína Sæunn Úlfarsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**Þorsteinn Erlingur Úlfarsson** **Sandra Callan**
**Ólafur Helgi Úlfarsson** **Anna Alexandersdóttir**
**Erlingur Pétur Úlfarsson** **Lilja Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

**Erlingur Konráð Steinsson**

grunnskólakennari,

lést á dvalarheimilinu Grund 23. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Sverrir Erlingsson** **Birgith Larsen**
**Hörður Sævar Erlingsson** **Tina Petersen**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Sveinn H. Ragnarsson**

fv. félagsmálastjóri í Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum að morgni föstudagsins 5. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðfríður Guðjónsdóttir**
**Sveinn Andri Sveinsson** **Þórunn Grétarsdóttir**
**Halldór Fannar Sveinsson**
**Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir**



✝

Bróðir okkar,

**Ingvi Ómar Meldal**

Hafnarstræti 18b, Akureyri,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Systkini og fjölskyldur þeirra.**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Sigurjónsdóttir**

Kirkjulundi 8, Garðabæ, áður til heimilis að Bólstaðarhlíð 10, Reykjavík,

sem lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum 2. febrúar, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Birna Guðjónía Ásgeirsdóttir** **Bobby Perez**
**Valur Stefán Ásgeirsson** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**Ásgeir K. Ásgeirsson** **Helga Þorsteinsdóttir**
**Guðlaug S. Ásgeirsdóttir** **Rúnar Daðason**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gísli Guðbrandsson**

síðast til heimilis í Veghúsum 31 í Reykjavík,

lést 2. febrúar sl. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 11. febrúar kl. 15.

**Ólafur Vignir Sigurðsson, Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson, Anna Filippía Sigurðardóttir, Rannveig María Gísladóttir, Stefán Bjarni Gíslason, María Sigríður Gísladóttir, Guðbjörg Ólafía Gísladóttir, tengdabörn, barnabörn og langafabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Rögnvaldar Jóhanns Sæmundssonar**

fyrrum skólastjóra og aðstoðarskólameistara.

Sérstakar þakkir fyrir alúð og umönnun fær starfsfólk heimahjúkrunar og deildar B7, Landspítalanum í Fossvogi.

**Aðalbjörg Guðmundsdóttir**
**Sæmundur Rögnvaldsson** **Ingibjörg Axelsdóttir**
**Elín Rögnvaldsdóttir** **Björgvin Guðmundsson**
**Margrét Rögnvaldsdóttir** **Magnús H. Ingþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Svanhvít Guðmundsdóttir**

Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítala þann 30. janúar síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Digraneskirkju þann 8. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Guðrún Jóna Þorbjörnsdóttir**
**Guðmundur Þorbjörnsson** **Ingibjörg Þorfinnsdóttir**
**Oddrún Þorbjörnsdóttir** **Gunnar Jónasson**
**Svanþór Þorbjörnsson** **Þórey B. Magnúsdóttir**
**Katrín Magnea Þorbjörnsdóttir** **Stefán Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Lúther Steinar Kristjánsson**

húsasmíðameistari, Jöldugróf 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 31. janúar. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Elín Á. Káradóttir**
**Anna Dóra Lúthersdóttir**
**Torfi Lúthersson**
**Margrét Lára Lúthersdóttir**
**Kári Steinar Lúthersson**
**Sigurjón Lúthersson**
**Hildur Helga Lúthersdóttir**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Bjarna Sveinbjörnssonar**

yfirvélstjóra, Öldugötu 52, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna, starfsfólks heimahlynningar og krabbameinslækningadeildar 11E fyrir einstaka alúð og umönnun í veikindum hans.
Guð blessi ykkur öll.

**Ragna Matthíasdóttir**
**Sveinbjörn M. Bjarnason** **Ebba Sverrisdóttir**
**Elín B. Bjarnadóttir** **Adolf Árnason**
**Matthías Æ. Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs

**Sigurðar Rúnars Steingrímssonar**

**Oddný Þorgerður Pálsdóttir**
**Sigurður Grétar Sigurðsson** **Sigríður Gunnlaugsdóttir**
**Anna María Sigurðardóttir**
**Margrét Lilja Sigurðardóttir** **Svavar Þorsteinsson**
**Páll Hreggviðsson**
**Reynir Þór Guðmundsson** **Greta Björg Egilsdóttir**
**Egill Örn Guðmundsson** **Brigitta Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

**Lilju Jónsdóttur**

frá Litla-Hvammi, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Kristín Hallgrímsdóttir** **Grétar Sigurbergsson**
**Hólmgeir Gunnar Hallgrímsson** **Lovísa Gestsdóttir**
**Helga Hallgrímsdóttir** **Hörður Snorrason**
**Sigrún Klara Hannesdóttir**
**Sólveig Guðmundsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



✝

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim fjölmörgu sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærrar móður, tengdamóður og ömmu,

**Rósu Bergsteinsdóttur**

Miðvangi 6, Egilsstöðum.

Starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Dyngju, bestu þakkir til ykkar fyrir alla þjónustu og einstaka umönnun.

**Guttormur Metúsalemsson** **N. Snædís Jóhannsdóttir**
**Óli Grétar Metúsalemsson** **Ragnheiður Kristjánsdóttir**
**Bergsteinn H. Metúsalemsson** **Rannveig Sigurjónsdóttir**
**ömmubörn og fjölskyldur.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Hreins Ella Bjarnasonar**

sem lést 10. janúar 2016. Jarðað var í kyrrþey. Sérstakar þakkir fá Drafnarhús og hjúkrunarheimilið Sólvangur fyrir góða umönnun.

**Margrét Hrefna Burr**
**Ásdís Hreinsdóttir** **Richard Pardy**
**Berglind Björk Hreinsdóttir** **Valsteinn Haraldsson**
**Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




# SPRENGIDAGSSALTKJÖT





Fyrsta flokks hráefni er grunnurinn að góðri máltíð. Goða saltkjöt er sérvalið og framleitt af sannkölluðum fagmönnum.

**Borðaðu vel á sprengidaginn!**

GOÐI

*-alltaf góður*

# BAKARÍSBOLLUR

*Hjá Iceland færðu 7 tegundir af ómótstæðilegum og nýbökuðum bakarísbollum.*



TILBOÐ
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

FÁST AÐEINS Í ENGIHJALLA

VERÐ FRÁ **229** KR. STK.

VERÐIÐ ER ÞÉR AÐ GÓÐU!

**Iceland er með úrvalið:**

- Ger súkkulaðibollur
- Ger púnsbollur
- Irish Coffee-bollur
- Vatnsdeigs-súkkulaðibollur
- Vatnsdeigs-bananabollur
- Daim-kaffibollur
- Kókos-rjómabollur

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

## Konráð og félagar á ferð og flugi 185

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver," sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst." Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein."

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Brandarar

Hvaða drykk er auðvelt að grípa?
**Greip.**

**Kennarinn:** Einu sinni voru tólf hermikrákur uppi í tré. Ein flaug í burtu og hvað voru þá margar eftir?
**Nemandinn:** Engin, hinar hermdu allar eftir þeirri fyrstu.

**Líffræðikennarinn:** Hvaða fjölskyldu tilheyrir górillan?
**Nemandinn:** Ég veit það ekki. Ég er svo nýfluttur í bæinn að ég þekki ekki alla ennþá.

Einu sinni voru þrír menn sem hétu allir Gísli nema Eiríkur, hann hét Helgi.








# Finnst skemmtilegra þegar ljóð ríma

Akurnesingurinn **Ragna Benedikta Steingrímsdóttir**, 15 ára, bjó til besta vísubotninn í sínum aldursflokki annað árið í röð í vísnasamkeppni grunnskólanema. Hún skemmtir sér við að semja lög og texta, syngja og spila á píanó og langar mjög að ferðast.

Svona er verðlaunabotninn hennar Rögnu Benediktu.

*Þegar mesta myrkrið er,*
*minnstu ljósin greinast.*
*Sólardraumur sýnist mér*
*í sálartetri leynast.*

**Ragna Benedikta er í 10. bekk í Brekkubæjarskóla á Akranesi en hver eru uppáhaldsfögin?** Þau eru íslenska vegna þess að mér þykir málfræði ótrúlega skemmtileg og danska, því ég hef rosalega mikinn áhuga á tungumálum.

**Gerir þú mikið af því að yrkja?** Nei, ég get ekki sagt það. Samt finnst mér það skemmtilegt.

**Manstu hvenær þú byrjaðir?** Það var í 8. bekk, þegar ég vann vísnakeppnina í fyrsta skipti.

**Hvernig lærðir þú bragarhætti ferskeytlunnar?** Ég lærði flest allt sem ég veit um ljóð í 7. bekk þegar stóra upplestrarkeppnin var í gangi.

**Býrðu líka til órímuð ljóð?** Nei, mér finnst skemmtilegra þegar ljóð ríma.

**Áttu margar vísur í pokahorninu?** Haha nei, þær eru því miður ekki margar.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Í frístundum mínum finnst mér skemmtilegast að semja lög og texta, syngja, spila á píanó og eyði líka frístundum mínum í að læra.

**Hvað varstu að gera síðasta sumar?** Mig langaði að ferðast en var í bæjarvinnunni, oft í roki og rigningu. Vann með Fríðu vinkonu minni sem gerði dagana betri. Hún og fleiri vinir mínir björguðu alveg sumrinu.

**Hvaða tónlistarmaður/kona er í uppáhaldi?** Adele og Bruno Mars eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

**Ertu farin að velta fyrir þér framtíðaráformum?** Já, markmiðið er að fara í framhaldsskóla, þaðan til útlanda að læra að verða læknir eða ljósmóðir.




**Ragna Benedikta með verðlaun og viðurkenningarskjal frá Menntamálastofnun, fyrir skáldskap.** MYND/MENNTAMÁLASTOFNUN

## Nú er komið að bollubakstri

Það er einfalt og skemmtilegt að móta bollur með höndunum, en deigið þarf að lyfta sér bæði fyrir og eftir það og því tekur baksturinn sinn tíma. Þessar bollur eru sænskar að uppruna og kalla Svíar þær semlur.

**100 g smjör**
**3 dl mjólk**
**½ bréf þurrger**
**1 dl sykur**
**½ tsk. Salt**
**1 egg**
**½ tsk. hjartarsalt**
**9½ dl hveiti**



Bræðið smjör í litlum potti, hellið mjólk út í og hitið upp í 37 gráður. Hellið mjólkinni í skál og byrjið á að setja þurrger út í, síðan salt, sykur og egg og hrærið í hrærivél. Blandið hjartarsalti í hveitið sem þið setjið smátt og smátt út í skálina og hrærið vel á meðan. Stráið hveiti á borð og hnoðið deigið þar en setjið það svo í skálina aftur, leggið hreint viskustykki yfir og leyfið deiginu að lyfta sér í hálftíma.

Hnoðið deigið nú aftur, mótið síðan bollurnar milli handanna og raðið þeim á plötu. Þar þurfa þær að lyfta sér vel í 20-30 mínútur. Bakið þær við 200 gráður í miðjum ofni í 10 mínútur og leyfið þeim að kólna áður en þið skerið þær í tvennt, takið innan úr þeim og fyllið með rjóma og sultu. Bræðið súkkulaði með 1 tsk. af olíu við mjög vægan hita og smyrjið yfir bollurnar.




365.is | Sími 1817
365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Austan- og norðaustanátt í dag, víða 5-13 m/s, en 10-18 norðvestan til. Éljagangur, en lengst af þurrt sunnan- og vestanlands og léttir til þar seinnipartinn. Frost 0 til 5 stig, en kaldara í innsveitum fyrir norðan.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 6° | Oslo 4° | Stokkhólmur 4° | Gautaborg 6° | Helsinki -1° | Þórshöfn 6° | Nuuk -15° |
| London 10° | Amsterdam 9° | París 11° | Berlín 9° | Madríd 11° | Brussel 10° | Róm 14° |
| Boston -8° | New York -5° | Orlando 11° | Moskva -2° | Singapúr 26° | Tókýó 4° | Sydney 21° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| 04:57 | 17:14 |
| 3.68m | 3.53m |
| 11:16 | 23:24 |
| 0.94m | 0.78m |
| **Akureyri** | |
| 08:51 | 15:20 |
| 1.34m | 0.41m |
| | 21:29 |
| | 1.24m |
| **Ísafjörður** | |
| 07:02 | 13:18 |
| 2.01m | 0.48m |
| | 19:08 |
| | 1.87m |

## Tunglstaða

Minnkandi

9%

Sólarupprás:

09.53

Sólarlag:

17.29

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° 11 | -3° 7 | -7° 7 | -3° 9 | 1° 8 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° 15 | -3° 11 | -8° 7 | -11° 5 | -2° 9 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° 2 | -3° 9 | -8° 5 | -14° 4 | -6° 6 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° 9 | -2° 14 | -7° 8 | -13° 5 | -8° 3 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° 10 | -2° 14 | -8° 6 | -5° 4 | -2° 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GERUM HEIMILIÐ FÍNT Í VETUR

BK KLÚBBTILBOÐ
Plastparket hnota
6mm 193x1380mm
995kr./m²
0113453
Almennt verð: 1.295 kr/m²
Krono Original

BK KLÚBBTILBOÐ
Plastparket eik
6mm 193x1380mm
995kr./m²
0113452
Almennt verð: 1.295 kr./m²
Krono Original

**Penslasett** rautt
25-40-63 mm
795kr.
84175810

FRÁBÆRT VERÐ
**FIA** svamprúlla
í bakka 10 cm
695kr.
84124175

GJØCO
**GJØCO Proff** innimálning 9 l.
7.295kr.
80602509

**FIA** rúlla 25 cm og skaft
1.995kr.
84100150

IAQ Pro
**Myglusveppapróf**
5.295kr.
41132003

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum.

AÐEINS 5MÍN

**Myglu og sveppa-eyðir** 500ml
675kr.
80624580

OKT makes life easier

4 STK.
**Geymslubox**
Basixx 5,6 l. 4stk.
2.395kr.
58300190

**Geymslubox**
20 l. þolir 30kg
1.695kr.
58088225

**Geymslubox**
22 l. þolir 30kg
1.995kr.
58088325

**Geymslubox**
45 l. þolir 60kg
2.395kr.
58088425

**Geymslubox**
64 l. þolir 60kg
2.495kr.
58088525

**Geymslubox** 12 l. með loki,
glært/grænt/blátt
1.195kr.
58094101/3/4

FRÁBÆRT VERÐ
3 STK.
**Geymslubox**
Basixx 11 l. 3stk.
2.595kr.
58300200

**Ruslafata**
með loki 45 l. grá
2.595kr.
58010602

**Ruslafata**
með loki 25 l. grá
1.995kr.
58010601

**Ruslafata**
með loki 10 l. grá
1.195kr.
58010600

BK KLÚBBTILBOÐ

BLAUMANN
Panna 28cm Marble
1.395kr.
41114373
Almennt verð: 1.995 kr.

**Eldfast form**
2,4 l. 28x18cm
995kr.
41114383
Almennt verð: 1.695 kr.

TRISTAR
Töfrasproti 170w
1.795kr.
42355669
Almennt verð: 2.495 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboðin gilda til 21. febrúar 2016.

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING



Litlu rúðurnar í eimbaðinu munu skila sínu í dag.

## Sólstafir og söngur í lauginni

Gjörningur eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur verður fluttur í eimbaði Vesturbæjarlaugar í dag milli klukkan 18 og 20. Hann nefnist Ljósiða og er liður í Vetrarhátíð.

„Verkið er bæði ljós- og hljóðverk og kviknaði útfrá magískri upplifun þegar sólin var að setjast og lýsti geislum sínum inn í gufubaðið," lýsir Ragnheiður Harpa og heldur áfram: „Gestum verður því í dag boðið að njóta stundar þar sem láréttir sólstafir lýsa upp vatnsdropa og hlusta eftir söng birtunnar. Kvennakórinn Katla túlkar tilfinninguna sem þræðir gang sólarinnar." **– gun**

Sumartónleikar
Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
Listasafn Sigurjóns býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudagstónleikum safnsins sumarið 2016. Umsóknarfrestur er til 1. mars.
Nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins www.LSO.is →sumartónleikar
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík
LSO@LSO.is sími 553 2906

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
KALLAÐ EFTIR TILLÖGUM AÐ FRAMLAGI ÍSLANDS Á FENEYJATVÍÆRINGINN Í MYNDLIST 2017
Allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á www.icelandicartcenter.is og í síma 562 7262 eða á netfangið bjorg@icelandicartcenter.is
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar ber ábyrgð á verkefninu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sér um framkvæmd þess.
Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. apríl 2016 og fer valferlið fram í tveimur þrepum.



Píla pína lendir í ýmsum hremmingum, hér er það krummi sem ógnar henni. MYND/MAK

## Lítil mús í lífshættulegu ferðalagi á fjölum Hofs

**Píla pína er hugrökk mús sem leggur í áhættusamt ferðalag. Bók og hljómplata um ævintýri hennar komu út fyrir 35 árum en Leikfélag Akureyrar er að setja þau á svið í fyrsta skipti.**

„Píla pína er sýning fyrir alla á aldrinum 4 til 104 ára, ekta fjölskyldusýning," segir Sara Marti Guðmundsdóttir glaðlega um leikritið Pílu pínu sem frumsýnt verður á morgun klukkan 14 í Hofi á Akureyri. Hún segir þar öllu tjaldað til og lýsir meðal annars tilkomumiklu vídeói eftir Inga Bekk sem virkar sem leikmynd. „Við erum með risaskjá bak við sviðið með teiknimyndum sem segja okkur hvar við erum, og fer með okkur niður í holur og yfir hóla og hæðir."

